



HILDIGUNNUR MAGNÚSDÓTTIR

*Quesadilla uppáhald allra í fjölskyldunni*

matur helgin

allt Í MIÐJU BLAÐSINS





REBEKKA KOLBEINS

*Stelpan í spandexgallanum sem kann að meta sviðið*

FÖSTUDAGUR FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

HÖGNI KJARTAN ÞORKELSSON

*Ungur fasteignasali opnar listsýningu*

Lætur krepputal ekki hafa áhrif á sig

FÓLK 38




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

11. júlí 2008 — 187. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FÖSTUDAGUR

### Djass í Skógum

Ellefu tónlistarmenn koma fram á sex tónleikum á djasshátíð í Skógum undir Eyjafjöllum sem verður haldin í fimmta sinn um helgina.



TÍMAMÓT 22

### Málar sér til ánægju

Ólafur Elíasson hefur selt yfir 200 verk í Laugardalslauginni.

TILVERA 12

### Herðubreið gnæfir yfir



Yfirlitssýning á verkum Stórvals, Stefáns frá Möðrudal, opnuð í dag í tilefni af 100 ára afmæli listamannsins.

MENNING 26

### Valssigur á KR-vellinum

Helgi Sigurðsson skoraði bæði mörk Vals í 2-1 sigri á KR.



ÍÞRÓTTIR 34

### VEÐRIÐ Í DAG





**BJART MEÐ KÖFLUM** Í dag verður hæg vestlæg eða breytileg átt. Skýjað vestan til og yfirleitt þurrt annars bjart með köflum. Hiti 10-16 stig, hlýjast til landsins.

VEÐUR 4

# Landeigendur við Þjórsá fái allt að 1,4 milljarða í bætur

**Landsvirkjun reiknar með að virkjanir í neðri hluta Þjórsár muni kosta um 50 milljarða króna. Kostnaður við bætur fyrir land og vatnsréttindi, auk samninga við sveitarfélög, gæti farið nærri tveimur milljörðum.**

**ORKUMÁL** Landsvirkjun gæti þurft að greiða 1,2 til 1,4 milljarða króna í bætur vegna þriggja virkjana í neðri hluta Þjórsár vegna lands og vatnsréttinda. Til viðbótar kemur kostnaður vegna samninga við sveitarfélög við Þjórsá, 300 til 400 milljónir króna, segir Helgi Bjarnason, verkfræðingur hjá Landsvirkjun Power.

Kostnaður við virkjanir í neðri hluta Þjórsár er áætlaður um 50 milljarðar króna, en Landsvirkjun gefur ekki upp nákvæma tölu þar sem útboð hefur ekki farið fram, segir Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar.

Samanlagður kostnaður sem Landsvirkjun reiknar með að greiða vegna virkjananna þriggja gæti því endað í nærri tveimur milljörðum króna.

Helgi segir ákveðinn kostnað alltaf falla til við virkjanir, talað sé um eigendakostnað í því samhengi. Hann sé mishár eftir virkjunum.

Semja þarf við um það bil 50 landeigendur vegna áhrifa virkjananna á landið við Þjórsá. Þá þarf að semja við innan við tíu sem eiga vatnsréttindi, auk ríkisins, sem á um 93 prósent vatnsréttinda í Þjórsá.

Friðrik lítur til bóta fyrir vatnsréttindi vegna Kárahnjúkavirkjunar. Hann segir að niðurstaða dómsmáls vegna vatnsréttinda þar muni líklega gefa fordæmi fyrir virkjanir í Þjórsá og virkjanir framtíðarinnar.

Ólíklegt er að dómur falli í málinu í héraðsdómi fyrr en á næsta ári og líklegt að það fari fyrir Hæstarétt. Enn þarf því að bíða þess að fordæmi fyrir greiðslum fyrir vatnsréttindi verði sett.

Landsvirkjun hefur þegar boðið nokkrum vatnsréttarhöfum greiðslur sem miðaðar yrðu við bætur vegna Kárahnjúkavirkjunar.

- bj / sjá síðu 16



**STÆRSTA HÁTÍÐ UNGLINGANNA** Mikið var um dýrðir á Miklatúni í gær en þar fór fram sumarhátíð Vinnuskólans, stærsta hátíð ungmenna í borginni. Páll Óskar Hjálmtýsson var einn þeirra sem steig á stokk en unglingarnir sjálfir komu einnig fram og sýndu verk sín á borð við stuttmynd og leiksýningu. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Slökkviliðsmenn vöktu athygli:

## Gengu um á nærfötunum

**SVÍÞJÓÐ, AP** Þrír slökkviliðsmenn í bænum Gavle í Svíþjóð urðu fyrir því óláni í fyrradag að búningum þeirra var stolið úr búningsklefa sundlaugar meðan þeir kældu kroppana í lauginni.

Slökkviliðsmennirnir neyddust til að fara aftur á stöðina á nærfötunum einum klæða. „Fólk starði dálítið, en þetta fór vel," sagði einn mannanna.

Lögreglan hefur handtekið þjófinn og skilað slökkviliðsmönnunum búningunum. - gh

Veðrabreytingar í kortunum:

## Rigningu spáð

**VEÐUR „Rigning með kólnandi veðri er það sem koma skal," segir Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur um helgarveðrið.**

**Veðrið verður best norðaustan til á landinu um helgina ef að líkum lætur. Þar eru horfur á ágætis veðri fram eftir laugardegi og úrkomulitlum sunnudegi.**

**Spáð er rigningu um vestanvert landið síðdegis á morgun. - ht**

Krónan hefur styrkst um rúmlega tíu prósent frá 24. júní:

# Vaxtamunur styrkir krónuna

**EFNAHAGSMÁL** Krónan hefur styrkst um rúmlega tíu prósent frá 24. júní samkvæmt gögnum frá Seðlabanka Íslands. Greining Kaupþings segir ástæðu styrkingarinnar megi rekja til aukins vaxtamunar.

Vaxtamunaviðskipti eru þegar fé er tekið að láni þar sem vextir eru lágir, til dæmis í Japan, og fjárfest þar sem þeir eru háir, til dæmis á Íslandi. Íslenskir bankar hafa undanfarin ár verið mótaðilar í vaxtamunaviðskiptum, en þar sem kjör íslensku bankanna hafa versnað á erlendum mörkuðum hefur ekki verið hagkvæmt að stunda þessi viðskipti, þar sem vaxtamunur var lítill sem enginn.

Greining Kaupþings segir að vextir hafi hækkað að undanförnu til skemmri tíma sem geri viðskiptin möguleg. Hins vegar hafa langtímavextir ekki hækkað. Hún bendir á að langtímavextir þurfi að hækka svo langtímavaxtamunur geti stuðlað að varanlegri styrkingu krónunnar. - bþa

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**

**3. janúar til 10. júlí 2008**
















## SPURNING DAGSINS



*Jón Steinar, hyggstu svara svari Eiríks við svari þínu við gagnrýni hans?*

„Ég hef löngu lagt alla svardaga á hilluna.“

Jón Steinar Gunnlaugsson Hæstaréttardómari svaraði gagnrýni Eiríks Tómassonar prófessors á sératkvæði Jóns í dómsmáli. Eiríkur hyggst svara til baka.

Segir fráleitt að umhverfisstefna Samfylkingarinnar njóti ekki meirihlutastuðnings:

# Fagra Ísland snýst ekki um tvö álver

**STJÓRNMÁL** Lúðvík Bergvinsson, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, vísar því á bug að aðeins minnihluti þingmanna flokksins styðji umhverfisstefnu hans, Fagra Ísland, af heilum hug. Í samtali við Fréttablaðið sagði hann frétt þess efnis í gær fráleita.

Þingflokkurinn ræddi umhverfismál á sérstökum fundi á þriðjudag. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins lýstu nokkrir þingmenn óánægju með efndir fyrirheita úr kosningabaráttunni fyrir ári og grundvölluðu gagnrýni sína einkum á þeirri staðreynd að tvö ný álver eru í sjónmáli; í Helguvík á Suðurnesjum og á Bakka við Húsavík.



**LÚÐVÍK BERGVINSSON** segir Fagra Ísland vera langtímaáætlun um að auka vægi náttúruverndar og að eftir því sé unnið.

Lúðvík segir Fagra Ísland ekki snúast um tvö álver, líkt og skilja megi af opinberri umræðu. Plaggið sé langtímaáætlun um að auka vægi náttúruverndar og að henni sé unnið á vettvangi ríkisstjórnarinnar. Álverin tvö séu arfur frá fyrri ríkisstjórn, núverandi ríkisstjórn hafi ekkert ákveðið um ný álver. „Ef stöðva ætti byggingu þessara álvera þyrfti að gera það með sérstökum lögum frá Alþingi. Í engu er kveðið á um slíkt hvorki í Fagra Íslandi né stjórnarsáttmálanum sem þingflokkur Samfylkingarinnar samþykkti og ríkisstjórnin starfar eftir.“ **- bþs**

Borgarastyrjöldin í Súdan:

# Sjö friðargæsluliðar felldir

**SÚDAN, AP** Sjö friðargæsluliðar á vegum Sameinuðu þjóðanna og Afríkusambandsins voru drepnir í árás um tvö hundruð vígamanna í Darfúr-héraði í Súdan á þriðjudag.

Friðargæsluliðunum er ætlað að róa ástandið í Súdan, en borgarastyrjöld hefur geisað þar milli uppreisnarmanna og Súdansstjórnar frá árinu 2003.

Bæði uppreisnarmenn og Súdansstjórn hafa fordæmt árásina og vísað frá sér ábyrgð. Búnaður vígamannanna bendir þó til þess að þeir tilheyri janjaweed-hersveitum, sem njóta stuðnings stjórnarinnar. **- gh**

Samtök olíuríkja:

# Nóg til af olíu næstu áratugi

**AUSTURRÍKI, AP Nóg verður til af olíu í heiminum næstu áratugina, þrátt fyrir að orkuþörf muni aukast um 50 prósent til ársins 2030.**

**Þetta er fullyrt í nýrri skýrslu frá OPEC, samtökum olíuframleiðsluríkja, sem kynnt var í Austurríki í gær.**

**Í skýrslunni segir að nýjar aðferðir við að ná upp olíu úr jörðu, tryggi að ekki verði skortur.**

**Engu að síður viðurkennir Abdalla Salem El-Badri, framkvæmdastjóri OPEC, að hætta sé á að framboð verði ekki jafnt og stöðugt, til dæmis ef Bandaríkin eða Ísrael ráðast á Íran.**

**„Það er ómögulegt að eitthvað komi í staðinn fyrir framleiðsluna í Íran,“ sagði hann.** **- gb**

Háskóli Íslands hlýtur styrk:

# Tæplega tvær milljónir gefnar

**MENNTUN** Ingibjörg R. Magnúsdóttir færði Háskóla Íslands eina milljón og sjö hundruð og fimmtíu þúsund krónur að gjöf í tilefni af 85 ára afmæli sínu.

Framlag Ingibjargar fer í sjóð í hennar nafni við Rannsóknarstofnun í hjúkrunarfræði. Markmið sjóðsins er að efla rannsóknir í hjúkrunar- og ljósmóðurfræði.

Ingibjörg er hjúkrunarfræðingur og hefur verið einn ötulasti talsmaður þróunar hjúkrunarmenntunar á Íslandi. **- hþj**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Sina brann í Hafnarfirði

Kalla þurfti út slökkvilið vegna sinubruna við Hellnahraun í Hafnarfirði um sexleytið í gærdag. Slökkvistarf gekk vel og hafði eldurinn verið slökktur skömmu eftir að slökkvilið kom á staðinn. Eldsupptök eru ókunn.

# Íbúarnir æfir vegna stækkunar leikskóla

**Veiting stöðuleyfis vegna tveggja kennslustofa fyrir leikskóla við Staðarhvamm í Hafnarfirði veldur gremju íbúa í botnlangagötunni. Ekki sé bætandi við umferðarþungann sem verið hafi frá því skólinn var stækkaður fyrir fimm árum.**

**SKIPULAGSMÁL** „Hafnarfjörður var vinalegur bær en nú eru hlutirnir ítrekað gerðir án tillits til vilja eða líðanar fólksins sem býr þar,“ segir Halldór Halldórsson, íbúi í Staðarhvammi.

Eigendur allra húsa í Staðarhvammi hafa skrifað undir mótmæli vegna framkvæmda við leikskólann Hvamm þar í götunni. Óskað hefur verið álits Skipulagsstofnunar á lögmæti framkvæmdanna. Bæta á við tveimur færanlegum kennslustofum og hefur bærinn veitt stöðuleyfi til eins árs vegna þeirra. Nágrannarnir óttast að stofunum sé í raun ætlað að standa mun lengur, en að bæjaryfirvöld fari þessa leið til að komast undan grenndarkynningu.

Halldór bendir á að á árinu 2003 hafi Hvammur verið tvöfaldaður. Íbúar hafi talið að Staðarhvammur myndi geta borið umferðina og ekki andmælt. Svo hafi ekki reynst vera og íbúarnir hafi einmitt ætlað að krefjast úrbóta þegar í ljós hafi komið í vor að bæjaryfirvöld hefðu samþykkt að fjölga stöðugildum við leikskólann vegna nýrrar stækkunar.

Staðarhvammur er botnlangi og gatan hallar niður að leikskólanum. Halldór segir erfitt að snúa þar við bílum vegna hönnunar götunnar. Þar séu 38 almenn stæði en ekkert þeirra tilheyri leikskólanum sem þegar sé með ríflega 30 starfsmenn. Búast megi við um 170 bílum daglega eftir viðbótina.

„Það átti ekki að kynna málið en vegna mótmæla okkar var haldinn stuttur kynningarfundur um miðjan maí þar sem næstum allir íbúarnir mótmæltu harðlega,“ segir Halldór, sem kveður íbúana síðan ekkert hafa heyrt eða séð frá bænum fyrr en á mánudaginn að maður birtist og sprautaði niður merkingar við leikskólann.



**HALLDÓR HALLDÓRSSON** „Áskiljum okkur rétt til að mótmæla á meðan umferðarvandinn vegna stækkunar leiksskóla er óleystur,“ segir íbúi við Staðarhvamm. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

„Ég skrifaði þá mótmælabréf og byrjaði að safna undirskriftum. Ég sendi ráðamönnum bæjarins strax afrit því mér þótti sjálfsögð kurteisi að láta þá vita svo þeir færu ekki að ana út í einhverja vitleysu í algjörri andstöðu við íbúana. En um hádegisbil næsta dag mættu gröfurnar,“ segir Halldór.

Að sögn Halldórs er þegar kominn grunnur fyrir nýju húsin. „Þeir sem til þekkja segja grunninn alls ekki byggðan til eins árs. Þegar stöðuleyfi er fengið til eins árs er hægt að fá það framlengt í tíu ár án grenndarkynninga. Þetta vita þeir og nota sér smugur til að þess að koma í veg fyrir að íbúalýðræðið geti virkað,“ segir Halldór.

Í gær átti Halldór fund með Ellýju Erlingsdóttur, forseta bæjarstjórnar. Kom þar fram að bærinn freistar þess að fá afnot af bílastæðum kaþólsku kirkjunnar ofan við leikskólann. „Þau segjast reyna allt sem þau geta til að leysa málið en það er ekkert í hendi. Á meðan áskiljum við okkur rétt til að beita öllum eðlilegum leiðum til að stöðva framkvæmdirnar,“ segir Halldór.

Ekki náðist í Ellýju Erlingsdóttur. **gar@frettabladid.is**



**FLUGVÉLAR ICELANDAIR** Lendingin tókst vel, en Boeing 757-þotur eru hannaðar til að geta lent þó annar hreyfillinn bili. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hreyfill Boeing-þotu bilaði:

# Nauðlenti á einum hreyfli

**SAMGÖNGUR** Boeing 757-þota með 181 farþega innanborðs nauðlenti á Keflavíkurflugvelli í gær eftir að annar hreyfill flugvélarinnar bilaði. Lögregla, slökkvilið og björgunarsveitir á suðvesturhorninu voru kallaðar út.

Orsök bilunarinnar liggur ekki fyrir. Farþegar urðu þess ekki varir þegar drepið var á hreyflinum og héldust rólegir, samkvæmt Guðjóni Arngrímssyni, upplýsingafulltrúa Icelandair.

Vélin var á leið frá Amsterdam, samkvæmt heimildum Vísis. **- gh**

Laun bæjarstjórans í Grindavík:

# Stjórnarslit upp á tugi milljóna

**GRINDAVÍK Heildarkostnaður Grindavíkurbæjar vegna launa Ólafs Arnar Ólafssonar, fráfarandi bæjarstjóra, hljóðar upp á rúmar fjörutíu og tvær milljónir króna. Hann mun fá greidd laun þar til kjörtímabilinu lýkur í maí 2010 auk fyrstu sex mánaðanna af næsta kjörtímabili. Þetta koma fram á vísi.is.**

**Þegar Ólafur tók við bæjarstjórastöðunni voru laun hans rúmar átta hundruð þúsund krónur en eru nú 1,2 milljónir. Til samanburðar eru laun forsætisráðherra tæplega 1,1 milljón.** **- ges**






Mannekla hindrar lögregluna í störfum sínum í miðborginni:

# Ógæfufólk á ábyrgð lögreglu

**REYKJAVÍK** Ógæfufólk verður áberandi í miðbæ Reykjavíkur á sumrin. Við Austurvöll og í Austurstræti má oft sjá verulega drukkið fólk um hábjartan dag.

Stella Víðisdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, segir að þrátt fyrir að ógæfufólk verði sýnilegara á sumrin sé það mat velferðarsviðs að þeim hafi ekki fjölgað og unnið sé að úrbótum. „Nú rekum við bæði gistiskýli og heimili og erum að bæta við rúmum til þess að geta hýst sem flesta.“ Hún segir að unnið sé að frekari úrræðum á velferðarsviði en að oft séu mál háð forgangsröðun.

Stella segir að ef fólkinu fylgi læti þá sé það alfarið á ábyrgð lögreglu að leysa málin. „Ég held að lögreglan mætti vera sýnilegri á daginn,“ bætir hún við. „Það er í hennar verkahring að bregðast við óspektum.“

Hörður Jóhannesson aðstoðarlögreglustjóri segir lögregluna meðvitaða um vandamálið en það sé lítið hægt að gera. „Við eigum vitanlega að halda uppi lögum og reglu en þetta er félagslegt vandamál og oft er um að ræða fólk sem á sér engan samastað á daginn.“ Hann bætir því við að ekki sé hægt að handtaka fólk fyrir það eitt að vera drukkið.

„Hér á landi er leyfilegt að vera ölvaður á almannafæri en þegar um óspektir er að ræða eða fólki er misboðið á það að hringja í okkur.“ **- hþj**



**ÓGÆFUFÓLK DETTUR UM MANN** Á sumrin verður vandinn sýnilegri en ekki er nægur mannafli til að takast á við hann. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

MIU MIU
GUCCI
JOOP!
roberto cavalli
GIORGIO ARMANI
PRADA
SCHUMACHER.
D&G
DOLCE & GABBANA

# ÚTSALAN ER HAFIN

sævar karl.

Bankastræti 7 | Sími 551 3470 | www.saevarkarl.is

ENNEMM / SÍA / NM34626

## GENGIÐ 10.07.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 75,34 | 75,7 |
| Sterlingspund | 148,8 | 149,52 |
| Evra | 118,33 | 118,99 |
| Dönsk króna | 15,86 | 15,952 |
| Norsk króna | 14,669 | 14,755 |
| Sænsk króna | 12,534 | 12,608 |
| Japanskt jen | 0,7022 | 0,7064 |
| SDR | 122,45 | 123,17 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
151,9111

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Dómur um samþykktir lífeyrissjóða sem gæti þýtt greiðslur til 2000 öryrkja:

# Gildi áfrýjar til Hæstaréttar

**DÓMSMÁL** „Ég vona að Hæstiréttur taki á málinu efnislega,“ segir Halldór Sævar Guðbergsson, formaður Öryrkjabandalags Íslands.

Gildi lífeyrissjóður hefur áfrýjað til Hæstaréttar dómi Héraðsdóms Reykjavíkur um að sjóðnum hafi verið óheimilt að draga frá örorkulífeyri konu, vegna greiðslna almannatrygginga.

Gildi dró frá greiðslum til hennar eftir breytingu á samþykktum árið 2006.

Ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins var vanhæfur til að staðfesta breytingarnar, að mati héraðsdóms. Því ætti það sama við allar þá starfsmenn ráðuneytisins og breytingarnar hefðu ekkert gildi.



BALDUR GUÐLAUGSSON

„Mér vitanlega kom Baldur Guðlaugsson [ráðneytisstjóri] þarna hvergi nærri. Því þykir mér undarlegt að það valdi vanhæfi starfsmanna til að vinna verk sem eru á ábyrgð ráðherrans,“ segir Gestur Jónsson, lögmaður Gildis.

Efnislega má segja um breytingarnar að fólk sem fær lífeyri úr sjóðnum getur ekki haft hærri tekjur en það hafði áður en það varð fyrir tjóni. Tekjur frá almannatryggingum eru þar taldar með, en fátt um þær sagt í eldri samþykktum. Svo er ekki um ellilífeyri.

Fjórtán lífeyrisjóðir breyttu samþykktum sínum með sama hætti, um svipað leyti og Gildi.

„Það þarf að fá úr því skorið hvort allar þessar samþykktir standast,“ segir Gestur Jónsson.

Staðfesti Hæstiréttur dóminn kynni hann að hafa þau áhrif að fjölmargir lífeyrissjóðir þurfi að gera upp síðustu ár, fyrir um tvö þúsund öryrkja. **- ikh**

Síbrotamaður í fangelsi:

# Dæmdur fyrir kókaín innvortis

**DÓMSMÁL Tæplega þrítugur maður hefur í Héraðsdómi Norðurlands eystra verið dæmdur í sex mánaða fangelsi fyrir fíkniefnabrot. Maðurinn var handtekinn á Akureyrarflugvelli við komuna frá Reykjavík með tæp 20 grömm af kókaíni innvortis.**

**Maðurinn á mikinn sakaferil að baki. Hann hefur meðal annars sætt óskilorðsbundnu fangelsi samtals í 41 mánuð með ellefu dómum á árunum 1996 til 2004. Þar af var hann árið 2006 dæmdur í samtals sextán mánaða fangelsi fyrir ótal brot. Hann rauf reynslulausn í fyrra og er óafplánuð refsing gerð upp nú. - sh**

Bandarísku læknasamtökin:

# Biðjast afsökunar á rasisma

**BANDARÍKIN, AP** Bandarísku læknasamtökin sendu í gær frá sér formlega afsökunarbeiðni fyrir kynþáttastefnu sem samtökin fylgdu áður og gerði svörtum læknum erfitt fyrir.

Fram á sjöunda áratug síðustu aldar voru við lýði kynþáttaskilyrði til aðildar og allt fram á níunda áratuginn voru í gildi reglur sem mismunuðu svörtum.

Afsökunarbeiðnin er liður í viðleitni samtakanna til að rétta hlut blökkumanna í læknastéttinni. Þótt þrettán prósent Bandaríkjamanna séu blökkumenn eru aðeins þrjú prósent lækna vestra svartir. **- gh**

Kópavogsbúi kærði skipulag:

# Kæru vísað frá úrskurðarnefnd

**DÓMSMÁL Kærum íbúa í Kópavogi vegna tveggja deiliskipulagsreita í Lindahverfi er vísað frá úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála.**

**Íbúinn kærði deiliskipulag fyrir 27 þúsund fermetra verslunar- og þjónustuhúsnæði í Lindum IV og skipulag fyrir tíu hæða háhýsi í Bæjarlind 8-10. Sjálfur býr kærandinn í Krossalind sem er 500 metra frá Lindum IV og 800 metra frá Bæjarlind. Úrskurðarnefndin segir lítil sjónræn áhrif af framkvæmdunum tveimur fyrir kærandann og hann geti ekki átt aðild að stjórnsýslukæru því hann eigi hvorki einstakra né verulegra hagsmuna að gæta. - gar**

## LEIÐRÉTT

Ranglega var sagt í blaðinu í gær að Urriðafoss væri vatnsmesti foss landsins. Hið rétta er að Selfoss í Ölfusá er vatnsmeiri miðað við meðalrennsli.

# Stofnunin kannar ekki aðstæður úti

**Staðgengill forstjóra Útlendingastofnunar segir að Evrópuríkjum sé treyst til að standa við samninga. Gögn hælisleitanda fari með honum ef þess er óskað. Dyflinnar-samningur sé meginregla, en aðstæður barna skoðaðar í hvert sinn.**

**FLÓTTAMENN** Útlendingastofnun kannar ekki aðstæður flóttamanna í þeim ríkjum sem hún endursendir hælisleitendur til, á grundvelli ákvæðis í Dyflinnarsamningi.

Innan hennar er talið að treysta megi ríkjum ESB, enda hafi þau skuldbundið sig með alþjóðlegum mannréttindasáttmálum.

Þetta segir Ragnheiður Böðvarsdóttir, staðgengill forstjóra Útlendingastofnunar.

„Við fengum viðvörun að utan vegna Grikklands. En við höfum ekki verið með neina hælisleitendur sem hefðu getað farið þangað, svo ég viti til,“ segir hún.

Ekki hafi verið brugðist sérstaklega við gagnrýni Sameinuðu þjóðanna og Amnesty International á aðstæður flóttamanna á Ítalíu.

„Það er gert ráð fyrir því að þetta sé öruggt ríki,“ segir hún.



RAGNHEIÐUR BÖÐVARSDÓTTIR

Keníamaðurinn Paul Ramses, sem nú er á Ítalíu, hefur sagt að hann þurfi að byrja að nýju þar ytra. Öll gögn í málinu, sem sýni að hann hafi gilda ástæðu til að flýja heimalandið, séu á Íslandi.

Ragnheiður segir að í móttökuríki, svo sem Ítalíu, hefjist ný málsmeðferð. Vilji hælisleitandi að gögn hans séu send með honum, þurfi hann að fara fram á það. Einnig geti móttökuríkið farið fram á þetta. Stofnunin sendi þó skjölin ekki að fyrra bragði.

Ragnheiður segir að tölur þær sem birst hafa í blaðinu um hversu hlutfallslega margir útlendingar eru sendir héðan, á grundvelli Dyflinnar-samnings, séu ekki til marks um meðvitaða stefnu stjórnvalda.

Minnst nýta Norðmenn samninginn á þennan hátt, eða í um 8 prósentum tilfella. Íslendingar nýta hann í um 38 prósentum tilfella. Þetta megi helst skýra með því að Ísland sé sjaldnast fyrsti viðkomustaður flóttamanna.

Um hvort hafi meira vægi við ákvarðanir Útlendingastofnunar, lög um réttindi barna eða lög um endursendingarrétt flóttamanna, segir Ragnheiður: „Meginreglan er þessi Dyflinnar-samningur, en þegar sérstakar kringumstæður eru fyrir hendi, þá eru þær að sjálfsögðu skoðaðar og málið metið heildstætt.“ Aðspurð segir hún að áður hafi komið fram að það hafi verið gert í máli Pauls Ramses.

**klemens@frettabladid.is**



RAMSES HEIM Í gær var undirskriftalisti afhentur dómsmálaráðuneytinu. Sagt var að tæplega 3.300 manns hefðu skrifað undir hann. Þar var skorað á Björn Bjarnason og Útlendingastofnun að „snúa Paul Ramses heim til Íslands nú þegar“. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## EKKI HVERT SEM ER

Mörður Árnason, Samfylkingu, innti dómsmálaráðherra eftir framkvæmd Dyflinnar-samningsins á Alþingi í vor.

Spurði Mörður meðal annars um hvort ráðherra teldi réttlætanlegt að senda hælisleitanda til ríkis sem setti flóttamanninn í hugsanlega í varðhald. Í svari Björns kom fram að ekki hafi verið litið svo á að hugsanlegt varðhald kæmi í veg fyrir endursendinguna.



MÖRÐUR ÁRNASON

Ráðherra var einnig spurður hvort réttlætanlegt væri að endursenda hælisleitanda til ríkis þegar líkur væru á að í móttökulandinu yrði ekki fjallað um umsókn hans efnislega.

Svaraði Björn Bjarnason því neitandi: „Það er stefna ráðuneytisins, eins og annarra norrænna yfirvalda í þessum málaflokki, að senda ekki hælisleitendur til ríkja þar sem ekki er tryggt að fjallað verði efnislega um hælisumsókn þeirra.“



AURORA Í fyrstu var talið að maðurinn hefði verið myrtur. Svo reyndist ekki vera. FRÉTTABLAÐIÐ / AUÐUNN

Skemmtiferðaskipverji lést:

# Orsakir andláts sagðar eðlilegar

**LÖGREGLUMÁL** Áhöfn skemmtiferðaskipsins Auroru, sem lagðist að höfn í Reykjavík í gær, kallaði eftir aðstoð íslenskrar lögreglu síðdegis í gær vegna farþega sem fannst látinn um borð í skipinu. Fyrstu fregnir hermdu að maðurinn hefði verið myrtur, en svo reyndist ekki vera.

Upplýsingafulltrúi skipsins staðfesti í gær að engin grunur væri um morð um borð í skipinu. Aldraður hjartasjúklingur hefði látist af eðlilegum orsökum.

Við slíkar aðstæður mun vera eðlilegt að kalla til lögreglu til að rannsaka andlátið. **- sh**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Á ofsahraða við Smáralind

Ökumaður á ofsahraða var stöðvaður á Reykjanesbraut við Dalveg til móts við Smáralind í fyrrinótt. Reyndist maðurinn hafa ekið á 125 kílómetra hraða en leyfilegur hámarkshraði er sjötíu kílómetrar.

### Eldur í bifreið á Holtavegi

Eldur kom upp í gamalli bifreið á bílastæði við Holtaveg í Reykjavík um þrjúleytið í fyrrinótt. Bifreiðin var kyrrstæð þegar eldurinn kom upp og ekkert fólk nærstatt samkvæmt upplýsingum frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins. Eldsupptök eru ókunn.




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**HELGIN**
Nokkur umskipti verða í veðrinu um helgina þegar lægð nálgast. Má búast við að seinni partinn á morgun fari að rigna sunnanlands og vestan og að úrkomsvæðið gangi yfir landið aðfararnótt sunnudagsins. Eftir hádegi á sunnudag verður yfirleitt úrkomlítið norðan og austan til annars skúrir.



**Á MORGUN**
Sunnan 3-10 m/s, stífastur vestan til

**SUNNUDAGUR**
Hægar suðlægar áttir.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 20° |
| Billund | 19° |
| Ósló | 19° |
| Stokkhólmur | 20° |
| Gautaborg | 21° |
| Helsinki | 20° |
| Eindhoven | 20° |
| Amsterdam | 20° |
| London | 20° |
| Berlín | 24° |
| Frankfurt | 21° |
| Friedrichshafen | 27° |
| París | 21° |
| Basel | 28° |
| Barcelona | 27° |
| Alicante | 32° |
| Algarve | 33° |
| Tenerife | 25° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Hagkaup býður *mesta vörúrvalið!*

**OPIÐ til 20 alla daga**



## 100% nautakjöt

**Siggi sterki hamborgarar**

Nýr og betrumbættur Siggi nú með risa brauði og helmingi meira af osti!

**679** kr/pk
Merkt verð 849.-

**20% afsláttur við kassa**



35% afsláttur við kassa

**545** kr/kg
Merkt verð 779.-

**Kjúklingalæri**
- með legg



35% afsláttur við kassa

**1.721** kr/kg
Merkt verð 2.459.-

**Kjúklingalundir**
- Western kryddlegnar



30% afsláttur við kassa

**2.099** kr/kg
Merkt verð 2.998.-

**Nauta piparsteik**



Kjöt & fisktorgið
Alltaf ferskt

43% afsláttur

**1.480** kr/kg
Verð áður 2.598.-

**Ferskar svínalundir**
- úr kjötborði

## Yfir 50 tegundir af BBQ sósum í Hagkaupum



























Gildir til 13. júlí eða á meðan birgðir endast.

*Nýtt kortatímabil!*

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

KJÖRKASSINN



*Ætlar þú að mæta á mótmæli fyrir utan dómsmálaráðuneytið vegna Pauls Ramses?*

| | |
|---|---|
| Já | 10,7% |
| Nei | 89,3% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Hefur Samfylkingin staðið við loforð sín í umhverfismálum?*

Segðu skoðun þína á visir.is. VÍSIR

Tíu metra útsýnisgluggi sem snýr út að byggingaframkvæmdum við austurhöfnina afhjúpaður í Gestastofu:

# Hægt að fylgjast með tónlistarhúsi rísa

**MENNING** „Útsýnið er stórkostlegt og fólk getur fylgst með húsinu rísa,“ segir María Björk Óskarsdóttir, framkvæmdastjóri Gestastofu við Lækjartorg.

Tíu metra langur útsýnisgluggi var afhjúpaður í Gestastofu í gær en hann snýr að austurhöfninni þar sem tónlistar- og ráðstefnuhús verður reist.

Björgólfur Guðmundsson afhjúpaði gluggann en hann er stjórnarformaður Portus sem heldur utan um uppbyggingu austurhafnarinnar.

Björgólfur gerði efnahagsástandið að umtalsefni í ávarpi sínu. „Vonandi harðnar ekki svo á dalnum að við þurfum að breyta áformum okkar hér,“ sagði hann.

Í Gestastofu verður sýning um hönnun og byggingu tónlistarhússins auk þess sem haldnir verða fyrirlestrar og aðrir viðburðir sem tengjast byggingu hússins.

Gestastofa verður opin öllum frá og með næsta laugardegi.

- ht



**BJÖRGÓLFUR Í GESTASTOFU** Afhjúpaði tíu metra útsýnisglugga sem snýr að byggingarsvæði tónlistar- og ráðstefnuhúss við Reykjavíkurhöfn.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sinatra vinsæll í jarðarförum:

## My Way trónir á toppnum

**ÁSTRALÍA** Lagið My Way með hjartaknúsaranum Frank Sinatra er það lag sem flestir kjósa að láta spila við jarðarförina sína, samkvæmt lista sem kirkjugarðurinn Centennial Park í Suður-Ástralíu hefur sent frá sér. Óvenjulegasta jarðarfararlagið er sagt vera hinn ódauðlegi smellur Queen, The Show Must Go On.

Ekki kemur á óvart að Louis Armstrong prýði annað sæti listans yfir vinsælustu lögin með hið angurværa Wonderful World. Athygli vekur hins vegar að einhver skuli hafa valið tóna breska tríósins Right Said Fred sem undirleik fyrir kveðjustundina, en I'm Too Sexy er í níunda sæti á listanum yfir lög sem þykja óvenjuleg.

- kg

REYKJAVÍK

### Bænahvelfing í Landakoti

Kaþólska kirkjan á Íslandi hefur óskað eftir að fá að byggja bænahvelfingu við Landakotskirkju. Skipulagsstjóri Reykjavíkur gerir ekki athugasemdir við það en vill að kaþólskir láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi Landakots og að sú tillaga verði síðan auglýst til kynningar.

LÖGREGLUFRÉTTIR

### Grunaður um ölvunarakstur

Ökumaður grunaður um akstur undir áhrifum var stöðvaður á Akranesi um níuleytið í fyrrakvöld. Honum var sleppt að yfirheyrslu lokinni.

VOGAR

### Íbúar ráði raflínum

Fulltrúar minnihluta H-listans í bæjarstjórn Voga vilja að farið verði að vilja íbúafundar frá í fyrrasumar um að allar nýjar raflínur í sveitarfélaginu verði lagðar í jörð.

# Telur Kjartan standa að baki kröfubréfinu

**Guðmundur Þóroddsson sendi út yfirlýsingu í gær vegna bréfs Orkuveitunnar þar sem krafist er að Guðmundur afhendi gögn sem hann á að hafa tekið í heimildarleysi. Forstjóri Orkuveitunnar telur þetta geta verið byggt á misskiln-**

**ORKUVEITAN** „Ég var í góðri trú um að við værum búnir að finna á þessu lausn og svo kom þetta bréf. Þá hringdi ég í Hjörleif [Kvaran, forstjóra Orkuveitunnar] og hélt að við værum búnir að finna á þessu aðra lausn,“ segir Guðmundur Þóroddsson, fyrrverandi forstjóri Orkuveitunnar. „Mér finnst leiðinlegt að ekki sé hægt að ræða málin og komast að samkomulagi án þess að þurfa að vera með einhverjar hótanir og fara með þetta í fjölmiðla.“

Guðmundur fékk bréf afhent í fyrradag þar sem Orkuveitan krafðist þess að afhent yrðu fundargögn sem hann á að hafa tekið í heimildarleysi eftir að samið hafði verið um starfslok hans í lok maí. Í yfirlýsingu frá Guðmundi í gær segir hann að þau gögn sem hann á að hafa tekið hafi verið afrit af frumgögnum sem hann átti rétt á vegna setu á stjórnarfundum.

Í bréfinu frá lögfræðingunum var þess einnig krafist að Guðmundur afhenti ýmis fríðindi sem hann fékk meðan hann var forstjóri Orkuveitunnar, eins og jeppabifreið og farsíma. Í yfirlýsingunni frá Guðmundi kemur fram að sá skilningur hafi verið lagður í ráðningarsamninginn „að þau afnot séu hluti af starfskjörum“ hans.

Guðmundur segir að bréfi lögmannsins hafi ekki fylgt neinn rökstuðningur fyrir því að fríðindi eins og jeppi og farsími ættu ekki að fylgja honum eftir starfslok.

„Mér skildist á lögfræðingi Orkuveitunnar að þetta sé hefðin. Það verður líklega að fá dómstóla til að skera úr um túlkun fyrst við getum ekki komist að samkomulagi og þá þarf ég að fara að koma mér upp lögfræðingum,“ segir Guðmundur.

Í Fréttablaðinu í gær kom fram að Hjörleifur Kvaran hefði ekki átt frumkvæði að því að leita til lögfræðinga. Guðmundur telur líklegt að þetta sé komið frá Kjartani Magnússyni, stjórnarformanni Orkuveitunnar. „Ég tel að þetta bréf hefði þurft að vera að frumkvæði forstjórans,“ segir Guðmundur.

Hjörleifur Kvaran segist harma að málið sé komið í þennan opinbera farveg og segir þetta allt geta verið byggt á misskilningi. „Ég trúi ekki öðru en að Guðmundur skili skjölunum eftir helgi,“ segir Hjörleifur, en Guðmundur hefur verið í laxveiði undanfarið. Ekki náðist í Kjartan Magnússon vegna málsins þar sem hann er erlendis.

vidirp@frettabladid.is



**ORKUVEITAN** Menn eru ósammála um starfslok Guðmundar og fríðindin sem fylgdu starfi hans. Málið fer líklega fyrir dómstóla.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT



KJARTAN MAGNÚSSON



GUÐMUNDUR ÞÓRODDSSON

### ÚR YFIRLÝSINGU GUÐMUNDAR

„Gögn þau sem farið er fram á að skilað sé eru gögn sem geymd hafa verið í skrifstofu undirritaðs frá upphafi, eru afrit af frumgögnum og innihalda eintök undirritaðs af fundargögnum stjórnarfunda OR frá 1999 þar til hann fór í leyfi til að gegna starfi forstjóra REI sl. sumar.“ „Gögn stjórnarfunda eru send stjórnarmönnum og forstjóra OR fyrir hvern stjórnarfund eða dreift á fundinum.“

„Hvað varðar kröfu um skil á bifreið þeirri, sem var hluti af starfskjörum mínum hjá Orkuveitunni, hefur sá skilningur verið uppi að þau afnot séu hluti af starfskjörum.“

„Undirritaður lýsir […] furðu á einhliða fréttaflutningi Ríkissjónvarpsins af þessu máli.“











Bifreiðagjöldin rukkuð:

## Öryrkjar greiða úrvinnslugjald

Nú berast greiðsluseðlar fyrir bifreiðagjöld inn um lúgur landsmanna. Fríða Björk Pálsdóttir skrifar: *Dóttir mín á bíl og fékk reikning: bifreiðagjöld 7.502 kr og úrvinnslugjald 350, eða samtals 7.852. Ég er öryrki og fékk annan reikning fyrir minn bíl. Hann hljóðar svona: ekkert bifreiðagjald (enda gerðir samningar um það fyrir einhverjum árum að öryrkjar greiði ekki bifreiðagjöld), en 700 krónur í úrvinnslugjald. Þannig að spurningin er: Af hverju á ég ekki að greiða 350 króna úrvinnslugjald heldur 700 krónur, bara af því ég er öryrki?*



**PALLBÍLLINN KOSTAR SITT** Svona bíll er um 6 tonn og eigandinn þarf því að borga um 65 þúsund á ári í bifreiða- og úrvinnslugjöld.

Jóhannes Jónsson hjá Ríkisskattstjóra svarar: „Úrvinnslugjald er lagt á öll ökutæki sem gjaldskyld eru samkvæmt lögum um bifreiðagjald. Gjaldið er lagt á tvisvar sinnum á ári (1. janúar vegna tímabilsins janúar - júní og 1. júlí vegna tímabilsins júlí - desember) að fjárhæð kr. 350 í hvort skipti. Þeir bótaþegar sem rétt eiga á niðurfellingu bifreiðagjalds eru ekki undanþegnir álagningu úrvinnslugjalds vegna þeirra bifreiða. Í stað þess að senda bótaþegum tvo greiðsluseðla á ári að fjárhæð kr. 350.- í hvort skipti, fá þeir sendan einn greiðsluseðil (1. júlí) að fjárhæð kr. 700. Það er því ekki þannig að bótaþegar/öryrkjar greiði hærra úrvinnslugjald.“

Bifreiðagjald er lagt á öll ökutæki. Ekki skiptir máli hvort um bensín-, dísil- eða rafmagnsknúin tæki er að ræða. Gjaldið er reiknað út frá þyngd ökutækisins og má finna reiknivél á vef skattsins. Úrvinnslugjaldi er bætt við aukalega og er ætlað að standa straum af skilagjaldinu sem fæst endurgreitt þegar ökutækið er afhent til förgunar. Skilagjaldið er fimmtán þúsund krónur.



**DR. GUNNI** neytendur@frettabladid.is

Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

# Alltaf góð tilboð!

netto



41% afsláttur

SAFARÍKAR KJÚKLINGABRINGUR
**1.595** kr/kg
~~2.704~~ kr/kg

Kjúlli frá Ísfugli

GOÐI



30% afsláttur

HAMBORGARAR
2x175g
**398** kr
~~568~~ kr



25% afsláttur

GOÐA HUNANGSKÓTILETTUR
**1.399** kr/kg
~~1.867~~ kr




30% afsláttur

GOÐA PÍTUBUFF M/BRAUÐI OG SÓSU
**699** kr/kg
~~998~~ kr/kg

GOÐI



50% afsláttur

GOÐA BLANDAÐ HAKK
**549** kr/kg
~~1.099~~ kr/kg




CHICAGO TOWN
OSTAFYLLTUR KANTUR
**499** kr/pk
~~698~~ kr/pk




PEPSI MAX
6X2L
**990** kr

DVD fylgir með

TILBOÐIN GILDA 10. - 13. JÚLÍ

www.markhonnun.is

## Verið velkomin í Nettó
Mjódd - Salavegi - Akureyri - Höfn - Grindavík

Birt með fyrirvara um prentvillur.

**VEISTU SVARIÐ?**



*1 Hvað heitir umhverfisstefna Samfylkingarinnar?*

*2 Hverjir leika Egil Ólafsson og Ragnhildi Gísladóttur í nýrri auglýsingu?*

*3 Hverjir aflýstu yfirvinnubanni eftir að kjarasamningar tókust í fyrrakvöld?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 38

Hjúkrunarfræðingar sömdu um laun sín við samninganefnd ríkisins í gærkvöldi:

# Nýútskrifaðir hækka mest

**HEILBRIGÐISMÁL** „Við eigum stóran hóp hjúkrunarfræðinga, eða um 40 prósent sem eingöngu vinnur dagvinnu. Ein megináhersla samninganefndar hjúkrunarfræðinga var að hækka dagvinnulaunin," segir Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Seint í gærkvöldi náðust samningar milli samninganefndar ríkisins og samninganefndar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Ef ekki hefðu náðst samningar hefði yfirvinnubann skollið á klukkan 16 í gær.

Mest er hækkunin hjá þeim sem nýbyrjaðir eru að vinna eftir fjögurra ára háskólanám. Nýútskrifaðir hjúkrunarfræðingar hækka um 15,2 prósent í launum. Þessi hópur hafði áður 225.922 krónur í mánaðarlaun en fá nú 260.343 krónur.

Þeir hjúkrunarfræðingar sem til dæmis starfa í heilsugæslu, eru með tuttugu ára starfsreynslu og vinna aðeins dagvinnu fá 13,5 prósenta hækkun. Laun þeirra voru áður 288.006 krónur en hækka upp í 327.339 krónur á mánuði.

Launahækkinar voru þannig útfærðar að á launatöflulaunin bættust þær 20.300 krónur sem allir ríkisstarfsmenn fengu í launahækkun. Ofan á þá fjárhæð voru prósentutölurnar settar.



**LANDSPÍTALINN** Hjúkrunarfræðingar geta nú farið til vinnu án þess að hræðast yfirvinnubannið.

„Ég er ánægður með að niðurstaða sé komin í málið og mér sýnist samninganefndirnar hafa unnið gott starf," segir Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra. -vsp

Losunarkvóti í flugi veruleiki:

## Samþykkt að hækka flugverð

**SAMGÖNGUR** Flugfélög þurfa frá og með árinu 2012 að borga háar fjárhæðir fyrir losun gróðurhúsalofttegunda. Þetta var ákveðið á fundi Evrópuþingsins í Strassborg á þriðjudag.

Þetta mun koma niður á venjulegum flugfarþegum sem gætu þurft að borga hátt í átta þúsund krónum meira fyrir ferð til Danmerkur og til baka. Heildarkostnaður við kaup á losunarheimildum gæti numið 70 milljörðum króna eftir nokkur ár.

Ekkert tillit verður tekið til sérstöðu Íslands sem eylands, þó svo að það verði hugsanlega endurskoðað síðar. - ges

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja:

## Vogar skora á Guðlaug Þór

**HEILBRIGÐISMÁL Bæjarstjórn sveitarfélagsins Voga hefur skorað á heilbrigðisráðherra að tryggja íbúum á Suðurnesjum sambærilegt fjármagn og veitt er öðrum þjónustusvæðum til heilbrigðisþjónustu. Bæjarstjórnin samþykkti samhljóða tillögu þessa efnis fyrir helgi.**

**Forsvarsmenn Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja hafa sagt stofnunina fá lágar fjárveitingar miðað við aðrar heilbrigðisstofnanir. Vegna fjárhagsvandræða verður þjónusta skorin niður frá og með 16. júlí og verður enginn læknir á vakt utan hefðbundins opnunartíma.** - þeb

Rannsókn í Úkraínu:

## Stalín sakaður um þjóðarmorð

**ÚKRAÍNA, AP** Úkraínumenn hyggjast rannsaka það formlega hvort hungursneyð sem Jósef Stalín, fyrrverandi einræðisherra Sovétríkjanna, lét viljandi koma af stað árin 1932 til 1933 teljist þjóðarmorð.



**VIKTOR YUSHCHENKO**

Tilgangur hungursneyðarinnar var að neyða bændur til að láta af hendi land sitt til samyrkjubúa. Hún lagðist sérstaklega illa á Úkraínumenn, þar sem allt að tíu milljónir létust, svo sumir telja hana hafa verið þjóðarmorð.

Rússar mótmæla því að verknaðurinn hafi verið þjóðarmorð, þar sem hann hafi einnig komið niður á öðrum þjóðernishópum í Sovétríkjunum. - gh

# Obama styður frumvarp um hleranir

**Frumvarpið tryggir fjarskiptafyrirtækjum vernd gegn lögsókn. Jesse Jackson baðst afsökunar á grófum ummælum sínum um Obama frá því á sunnudag. Obama önnum kafinn á fjáröflunarsamkomum með Hillary Clinton.**

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama, forsetaefni Demókrataflokksins, greiddi í öldungadeild Bandaríkjaþings atkvæði með frumvarpi um heimildir leyniþjónustustofnana til þess að hlera samskipti fólks.

Obama hafði, eins og margir demókratar, gagnrýnt frumvarpið harðlega vegna ákvæða um að ekki yrði hægt að sækja til saka þau fjarskiptafyrirtæki sem hafa hjálpað leyniþjónustumönnum við hleranirnar.

Obama segir að nægilega miklar breytingar hafi verið gerðar á frumvarpinu til að hann geti sætt sig við útkomuna. George W. Bush Bandaríkjaforseti hafði hótað að beita neitunarvaldi á frumvarpið ef það tryggði ekki fjarskiptafyrirtækjum á borð við AT&T og Verizon vernd gegn lögsóknum.

Margir helstu forystumenn demókrata greiddu atkvæði með frumvarpinu, en John McCain, forsetaefni repúblikana, mætti ekki til atkvæðagreiðslunnar.

Gagnrýnendur Obama, bæði meðal repúblikana og demókrata, segja atkvæði hans með frumvarpinu enn eitt dæmið um að ekkert sé að marka það sem hann segir. Þegar á reyni skipti hann um skoðun eftir því sem hentar hverju sinni.

Í gær vakti það töluverða athygli fjölmiðla vestra að Obama kom fram á fjáröflunarsamkomum með bæði Hillary Clinton, fyrrverandi mótherja sínum, og Caroline Kennedy. Kennedy er í þriggja manna nefnd, sem hefur það verkefni að finna hugsanlega meðframbjóðendur Obama í kosningunum í nóvember.



**SAMAN Á SVIÐINU** Vangaveltur um að Hillary Clinton sé orðin líklegri en áður til að verða varaforsetaefni Obamas féllu í skuggann af fréttum um gróf ummæli Jesses Jacksons. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Obama bar lof á Clinton og strax vöknuðu vangaveltur um að hún þætti nú líklegri en áður til að verða varaforsetaefni hans.

Þessar vangaveltur féllu þó í skuggann af fréttum af grófum ummælum flokksbróður Obamas, Jesses Jackson, sem á miðvikudag baðst afsökunar á orðum sínum um Obama, sem hann lét falla þegar hlé var gert á upptöku á sjónvarpsþætti á sunnudag.

Jackson, sem sjálfur hefur nokkrum sinnum sóst eftir að verða forsetaefni Demókrataflokksins, hafði sagst vilja skera undan Obama vegna þess að hann hefði talað niður til svartra manna. Kveikt var á hljóðnema þegar Jackson lét þessi ummæli falla á sunnudag, og því fóru þau lengra en hann hafði gert ráð fyrir. Hann hafði verið spurður út í málflutning Obamas, en hann hafði sagt að bandarískir karlmenn af afrískum uppruna þyrftu að standa sig betur í föðurhlutverkinu.

Jackson segist reyndar ekki muna nákvæmlega hvaða orð hann notaði, en segir þau þó hafa verið bæði særandi og röng. Hann sjái eftir að hafa sagt þetta. - gb



**BANDARÍSKIR VILLIHESTAR** Um 33 þúsund hestar lifa villtir úti í náttúrunni í Bandaríkjunum. NORDICPHOTOS/AFP

Bandarísk stjórnvöld:

## Hyggjast fækka villihestum

**BANDARÍKIN, AP Bandarísk stjórnvöld hafa í hyggju að slátra nokkrum þúsundum villihesta til þess að halda fjölda þeirra í skefjum. Dýraverndarsamtök eru hreint ekki hrifin af þessum áformum.**

**Talið er að um 33 þúsund villihestar séu í tíu ríkjum í vestanverðum Bandaríkjunum, auk um 30 þúsund villihesta sem eru undir mannahöndum. Þetta þykir stofnun í Washington, Bureau of Land Management, sem hefur umsjón með landstjórnun, heldur of mikið til að viðráðanlegt sé.**

**Um 27 þúsund hestar þykir vera hæfilegur fjöldi úti í náttúrunni, en dýraverndarsamtök ætla að efna til mótmæla gegn fyrirhugaðri slátrun á sex þúsund hrossum.** - gb

**BORGARBYGGÐ**

### Rætt um miltisbrandsgrafir

Staðir sem sagnir eru um að séu hugsanlegar miltisbrandsgrafir í Borgarbyggð voru ræddir á síðasta fundi byggðaráðs sveitarfélagsins.

**NOREGUR**

### Fjórði hver íbúi

Fjórði hver íbúi Óslóar, höfuðborgar Noregs, er af erlendum uppruna, samkvæmt opinberum tölum. Stærsti einstaki hópurinn eru innflytjendur frá Pakistan.


**-2 krónur á Neskaupstað í dag!**

Afsláttur er veittur af almennu verði Orkunnar sem er 173,1 kr. á 95 okt. bensíni og 190,6 kr. á dísel.

M.v. verð 11. júlí 2008.




**Sparaðu hjá Orkunni í dag!**

ORKAN BENSÍN

SPÁÐU Í HVAÐ ÞÚ SPARAR!

DYNAMO REYKJAVÍK




**INTERSPORT**

**INTERSPORT LINDUM** **SÍMI 585 7260** Opið mánudaga - föstudaga 11 - 19. Laugardaga 11 - 18. Sunnudaga 12 - 18



**LIST** Belgi og Kínverji framkvæma Sútra-ballet á alþjóðlegri listahátíð í Avignon í Frakklandi. NORDIC/PHOTOS

Heildarafli og heildarverðmæti íslenskra skipa jókst milli áranna 2006 og 2007:

# Mesta ýsuveiði í langan tíma

**SJÁVARÚTVEGUR** Heildarafli íslenskra skipa árið 2007 var tæp 1.396 tonn en það er 73 þúsund tonnum meira en árið 2006 sem er um 5,5 prósenta aukning. Heildaraflinn var hins vegar meiri árið 2005 en 2007. Þetta kemur fram í tímaritinu Afli, aflaverðmæti og ráðstöfun afla 2007 sem Hagstofa Íslands gaf út í gær.

Aflaverðmæti fisksins var rúmir 80 milljarðar króna og jókst um 5,4 prósent frá fyrra ári. Stærsti hluti heildaraflaverðmætisins var enn sem fyrr þorskurinn en þorskafli nam 29,6 milljörðum eða um 37 prósentum.



**LÖNDUN SMÁÝSU** Heildarafli ýsuveiði hefur aukist mikið milli ára og hefur ekki verið jafnmikill í langan tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Samdráttur var í öllum tegundum botnsjávarfiska frá því árið 2006 nema ýsu en þar jókst aflinn um 13,2 prósent. Uppsjávaraflinn jókst um 13,1 prósent.

Heildarafli þorsks var rúmlega 174 þúsund tonn en var tæplega 200 þúsund tonn árið 2006. Þorskafli hefur dregist saman jafnt og þétt frá því árið 1987 en þá var heildaraflinn tæp 400 þúsund tonn. Samkvæmt nýrri ákvörðun um heildaraflamark verður 130 þúsund tonnum úthlutað fyrir næsta fiskveiðiár.

Á árinu 2007 veiddust 109 þúsund tonn af ýsu. Afli í ýsu hefur ekki verið meiri frá því kvótakerfið komst á en reynt hefur verið að auka ýsuaflann vegna minnkandi heildaraflamarks í þorski. Heildaraflamark ýsu á komandi fiskveiðiári verður 93 þúsund tonn. - vsp

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja:

# Stjórnsýsluúttekt nýhafin

**HEILBRIGÐISMÁL** Ríkisendurskoðun ætlar að gera stjórnsýsluúttekt á Heilbrigðisstofnun Austurlands. Stefán Þórarinsson, framkvæmdastjóri lækninga, segir að skoðunin sé nýhafin og að um sé að ræða almenna skoðun á stofnuninni.

Fréttablaðið greindi frá því nýlega að Heilbrigðisstofnun Austurlands hefði verið rekin með 200 milljóna króna halla fyrstu fimm mánuði ársins og væri komin í vanskil við birgja. Sífellt yrði erfiðara að reka stofnunina og að vandinn væri stærri en svo að stjórnendur réðu einir við hann. - ghs

Sævar Gunnarsson:

# Staða sjómanna er þokkaleg

**SJÁVARÚTVEGUR Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannasambands Íslands, segir kjarastöðu sjómanna misgóða. „Hún er þokkaleg gagnvart sjómönnum á vinnsluskipum sem njóta þess að gengið [krónunnar] er lágt. Það hefur ekki skilað sér með sama hætti til þeirra sem landa aflanum á landi," segir hann.**

**Sævar segir að mikil gengislækkun frá áramótum sé mikilvæg sjómönnum, nú þegar eldsneytiskostnaður eykst og afli er skorinn niður. Hann segir hækkandi heimsmarkaðsverð á sjávarafurðum hafa gert útgerðum kleift að standa undir háu gengi krónunnar síðustu ár. Nú sé hins vegar útlit fyrir að sú þróun sé að snúast við, karfi hafi til dæmis fallið mjög í verði.**

- gh

Harma harkalegar aðgerðir í veggjakrotsmálum:

# Á að gefa húseigendum kost á að bregðast við

**REYKJAVÍK** „Borgin verður að fara að lögum og reglum. Það er ekki bara hægt að taka einhverjar geðþóttaákvarðanir. Meirihlutanum virðist í sjálfvald sett hvaða lögum þeir fylgja," segir Sóley Tómasdóttir, varaborgarfulltrúi Vinstri Grænna.

Nýlega var hrint af stað átaki gegn veggjakroti í Reykjavík. Málað hefur verið á veggi í einkaeign án þess að tala við eigendur að sögn Sóleyjar. Hún segir að farið sé á svig við stjórnsýslulög með því að gefa eigendum ekki kost á því að tjá sig.

Sigurður Helgi Guðjónsson, formaður Húseigendafélagsins, er sammála Sóleyju. „Það á að gefa eigendum kost á að bregðast við



**SIGURÐUR HELGI GUÐJÓNSSON**

þessu. Einhver móðursýki virðist vera í gangi og farið er fyrirvaralaust í aðgerðir. Þetta samrýmist ekki neinu meðalhófi," segir Sigurður.

Í bókun meirihluta frá því á borgarráðsfundi í gær segir að í tveimur tilvikum virðist hafa verið um mistök að ræða þegar málað var yfir húsvegg. „Það er miður, en breytir engu um þann mikla árangur sem borgarbúar hafa orðið vitni að á undanförnum vikum og mánuðum," segir í bókuninni. - vsp



**UNDIR SKÓHÆLUM KARLRÁÐHERRANNA?** Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélagsins, spyr hvort kvenráðherrarnir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra og Jóhanna Sigurðardóttir félagsmála- og tryggingaráðherra séu „undir skóhælum karlráðherranna", eins og hún orðar það, „og þær fái engu ráðið í ríkisstjórninni."

# Skilur ekki hvernig kjörin verða jöfnuð

**Formaður Sjúkraliðafélagsins skilur ekki hvernig launamunur kynjanna verður jafnaður hjá hinu opinbera ef ekki í gegnum kjarasamninga og spyr hvort kvenráðherrar séu undir hælum karlráðherra.**

**KJARAMÁL** Forystumenn stéttarfélaga á opinberum vinnumarkaði velta fyrir sér hvernig kjör kvennastétta verða leiðrétt ef það er ekki gert í gegnum kjarasamninga og hafa áhyggjur af því hve skammt á veg komin nefnd um aðgerðir til að jafna launamun kynjanna á opinberum markaði er ef kynna eigi aðgerðirnar í haust.

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, segir að loforð ríkisstjórnarinnar um að minnka óútskýrðan launamun hafi verið hermd upp á ríkisstjórnina í kjaraviðræðum síðustu mánuði en ekkert sé gert til leiðréttingar í kjarasamningum. „Mér skilst að ríkisstjórnin ætli að spila þessum aðgerðum út sértækt í haust en skil ekki hvernig það verður gert. Ef þetta verður ekki gert í gegnum kjarasamninga þá átta ég mig ekki alveg á því hvernig það á að gerast," segir Kristín og spyr hvort kvenráðherrarnir séu „undir skóhælum karlráðherranna með sama hætti og við á vinnumarkaðnum og fái engu ráðið í ríkisstjórninni, sérstaklega ekki gagnvart Árna Mathiesen fjármálaráðherra".

> Mér skilst að ríkisstjórnin ætli að spila þessum aðgerðum út sértækt í haust en skil ekki hvernig það verður gert.



**KRISTÍN Á. GUÐMUNDSDÓTTIR**

Þrír starfshópar vinna að því að jafna launamun kynjanna og er vinna þeirra mislangt á veg komin. Í skipunarbréfi í starfshóp um launamun á opinberum markaði segir að hópurinn eigi að setja fram áætlun um að minnka óútskýrðan launamun hjá hinu opinbera með það að markmiði að minnka hann um helming á kjörtímabilinu og gera tillögur um hvernig endurmeta eigi kjör kvennastétta.

Ólöf Nordal, formaður starfshópsins, segir að nefndin hafi sett sig inn í málin og rætt ýmislegt en ekki neinar tillögur. Engin sérstök tímapressa sé í gangi fyrir haustið og ekki von á að nefndin ljúki störfum fyrir þingið í október en vonandi fáist þá viðbrögð við vinnu nefndarinnar eða áfangaskýrslu. Mestu skipti að nefndarmenn nái saman um nothæfar og góðar tillögur.

Maríanna Traustadóttir, fulltrúi í starfshópi um aðgerðir á almennum markaði, segir stefnt að því að kynna aðgerðir í sérstakri málstofu á þinginu. Tillögurnar gangi út á að gefa út vegvísi fyrir fyrirtæki, koma á starfsmati svipað og hjá Reykjavíkurborg og þróa vottunarkerfi á framkvæmd jafnréttisstefnu, svipað og á Bifröst.

Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra sagði á ráðstefnu í nóvember að tími aðgerða væri runninn upp, ætlast væri til árangurs. ghs@frettabladid.is





ZANUSSI
45 cm breið uppþvottavél með 5 þvottakerfum
Hraðkerfi og erfiðiskerfi
Hitastig 70/65/50°C
Tekur borðbúnað f. 9
Orka A - Þvottagæði A
Verð áður kr. 74.900
AFSLÁTTUR 10.000
Verð nú 64.900
ZANUSSI
1000 sn. hraðþvottavél með Aqua Lift þvottatækni
Handþvottakerfi + ullarkerfi
Framstillt ræsing möguleg
Stillanlegur vinduhraði
Þriggja ára ábyrgð
Verð áður kr. 64.900
AFSLÁTTUR 10.000
Verð nú 54.900
DOMO
20 lítra örbylgjuofn með grilli, stafrænu stjórnborði og snertitökkum
800W + 1000W grill
Affrysting
2 kerfi með örbylgjum og grilli
Verð áður kr. 16.900
AFSLÁTTUR 30%
Verð nú 11.900
appliance
Vandaður blástursofn með 6 eldunarkerfum þ.á.m. grill
Stafræn klukka
Burstað stál
Verð áður kr. 59.900
AFSLÁTTUR 34%
Verð nú 39.900
201 CM
Electrolux
Rúmmál kælis 291 lítrar oog 109 lítra frystir
Orkunýtni A
MAXI frystiskúffur með betri nýtingu og nægu rými
Flöskurekki úr stáli
2 stórar grænmetisskúffur
Glerhillur með kanti
Sjálfvirk afþíðing í kæli
Hljóðlátur 38 dB(A)
HxBxD: 201x59,5x60 cm
Verð áður kr. 109.900
ÞÚ SPARAR 30.000
Verð nú 79.900
AFSLÁTTUR 37%
Verð nú 37.900
ZANUSSI
Vandað 5 hellu gasborð með grindum úr pottjárni
WOK hella
Verð áður kr. 59.900
ZANUSSI
Flott eldavél með fjölkerfa blástursofn
Grill + undir- og yfirhiti
Keramik helluborð
Burstað kámfrítt stál
HxBxD: 90x59,6x60 cm
Verð áður kr. 94.900
STÁL
ÞÚ SPARAR 15.000
Verð nú 79.900
appliance
Falleg kraftmikil eldhúsvifta með góðri vinnulýsingu
3 hraðastillingar
Þvoanleg fitusía
Verð áður kr. 10.900
AFSLÁTTUR 34%
Verð nú 7.990
Sparaðu allt að 70%
ÚTSALA!
AFSLÁTTUR 28%
Verð nú 37.900
Electrolux
Kæliskápur með 20 lítra fjögurra stjörnu frystihólfi
Glerhillur og sjálfvirk affrysting í kæli
HxBxD: 105x55x60 cm
Verð áður kr. 54.900
AFSLÁTTUR 23%
Verð nú 6.990
8.990
Vöfflujárn - þykkar belgískar vöfflur
AFSLÁTTUR 29%
Verð nú 4.990
6.990
Blandari með glerkönnu 500W
AFSLÁTTUR 28%
Verð nú 7.990
10.990
Öflug rafmagnshakkavél
AFSLÁTTUR 34%
Verð nú 3.990
5.990
Matvinnsluvél með fylgihlutum
OG EINNIG...
Brauðristar............1.490
Kaffivélar...............1.490
Hraðsuðukönnur....1.490
Sítruspressur.........1.490
Töfrasprotar...........1.990
Samlokugrill...........1.990
Hrísgrjónapottar.... 2.990
Mínútugrill.............4.990
Matvinnslutæki...... 2.490
Vöfflujárn...............3.990
Ísgerðarvélar.........4.990
Kaffikvarnir............1.990
Fótanuddtæki........ 3.990
Hárklippisett...........1.490
Sléttujárn keram.....1.990
Rakatæki.................7.990
Hitablásarar...........1.990
Handklæðaofnar....3.990
AFSLÁTTUR 37%
Verð nú 4.990
7.990
Mínútugrill burstað stál
AFSLÁTTUR 25%
Verð nú 2.990
3.990
Hrísgrjónapottur hvítur með loki
AFSLÁTTUR 33%
Verð nú 1.990
2.990
Samlokugrill fyrir 2 samlokur
AFSLÁTTUR 20%
Allir pottar & pönnur - líka á span
AFSLÁTTUR 15%
Verð nú 15.990
AFSLÁTTUR 25%
Verð nú 1.490
1.990
Borðvifta 9”
AFSLÁTTUR 63%
Verð nú 1.490
3.990
Nýstárleg handryksuga með kúst
AFSLÁTTUR 50%
Verð nú 1.990
3.990
Sléttujárn með keramik
AFSLÁTTUR 34%
Verð nú 3.990
5.990
Ryksuga 1400W hvít
Electrolux
Ergorapido 2 í 1 handryksuga og léttryksuga fyrir hleðslu. Undraverð nýjung sem allir verða að eignast.
Verð áður kr. 18.990
Rafha ehf
Opið
Virka daga 9-18
Laugardaga 10-16
Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

## „ORÐRÉTT“

### Af hverju?

**„Ég leit á þessi gögn sem mín persónulegu skjöl.“**

GUÐMUNDUR ÞÓRODDSSON UM FUNDARGÖGN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR, SEM HANN TÓK MEÐ SÉR ÞEGAR HANN HÆTTI.

**Morgunblaðið, 10. júlí.**

### Vægast sagt

**„Þetta er bara mjög ósmekklegt.“**

ÞORBJÖRG JÓNSDÓTTIR LEIÐBEINANDI UM SÓÐA SEM HAFÐI HÆGÐIR Í KOFA Á SMÍÐAVELLINUM HÓLMASELI.

**Fréttablaðið, 10. júlí.**

# tilveran

*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA** JÓN GUNNAR ÞÓRÐARSON LEIKSTJÓRI

## *Notar sumarfríið til að gefa út geisladiska*

„Ég var einmitt að gefa út geisladisk sem heitir Íslenskar þjóðsögur,“ segir Jón Gunnar Þórðarson leikstjóri. „Á disknum les Sigursteinn Másson Þjóðsögur við þjóðveginn þannig að nú getur fólk hlustað á þjóðsögur sem eiga við þann stað á landinu sem fólkið er statt á.

Jón R. Hjálmarsson skrifaði Þjóðsögur við þjóðveginn en við félagarnir tókum saman sögur og höfum hljóðsett þær þannig að þetta er heill hljóðheimur með leikurum,“ segir Jón Gunnar en á disknum er að finna frægar þjóðsögur á borð við Djáknann á Myrká og Galdra-Loft. „Það er sumar og leikhúsið ekki í gangi þannig að það var um að gera að finna sér annað að gera,“ segir Jón Gunnar. Jón Gunnar kveðst að öðru leyti njóta sumarsins meðan tækifæri gefst en er þó ekki í algjöru fríi frá leikhúsinu. „Ég er að undirbúa ferð leiksýningarinnar Fool for Love til Akureyrar en það stendur til að sýna leikritið þar í september.

Ég er einnig að hitta listræna stjórnendur á fyrstu stigum undirbúnings fyrir nýtt leikrit eftir Bjarna Jónsson sem ég mun setja upp hjá Leikfélagi Akureyrar í september, þannig að þetta er skemmtilegur tími.“



## FRÓÐLEIKUR
### KENÍA

■ Lýðveldið Kenía er nefnt eftir Keníafjalli. Sögubækur minnast þess að fólk hafi búið þar um 2000 fyrir Krist. Að arabískir verslunarmenn hafi heimsótt strendur þessa austur-afríska ríkis á fyrstu öld. Portúgalar voru fyrstir Evrópubúa til að nýta sér landið, eftir að Vasco da Gama kom þar að landi 1498. Omaniarabar gerðu sig svo gildandi á átjándu öld, en Bretar settu sitt mark á landið síðustu öldina, allt þar til íbúarnir gerðu uppreisn og kröfðust sjálfstæðis. Það hafðist 1963. Nýjustu tíðindi eru að allt að 600.000 manns hafi verið á vergangi eftir ófriðið vegna kosninga í desember.

## SJÓNARHÓLL
### MÁL PAULS RAMSES

## *Meðferðin hefðbundin*

„Það hefur verið tekið á þessu með svolítið harkalegum hætti, ekki síst af fylgismönnum Ramses. Þeir persónugera málið við þá stjórnmálamenn og embættismenn sem hafa með málið að gera. Þeir veigra sér ekki við að mála þá sem tóku ákvörðunina sem illa,“ segir Sigurjón Þórðarson, fyrrverandi þingmaður, um meðferðina á máli Pauls Ramses. „Ég hef nú aðeins kynnt mér þetta mál og sýnist hann fá sömu meðferð og meðhöndlun og aðrir sem eru í hans sporum. Hann hefur sem sagt notið jafnræðis. Honum ætti að hafa verið ljóst að hann þyrfti að fara frá því í janúar og nú er hvað? Júlí? Það var beðið með að vísa honum á brott á meðan nýr fjölskyldumeðlimur var að koma í heiminn – það var tekið tillit til þess. Þannig að þetta hefur nú ekki verið einhver hraðferð úr landi. Að lokum vil ég benda á að Paul og fjölskylda hans hafa kosið að ekki sé fjallað um þeirra mál saman, eftir því sem ég best veit. Eða í það minnsta ekki farið fram á það. Það er það sem stendur upp úr.“



**SIGURJÓN ÞÓRÐARSON** fyrrverandi þingmaður

# Ólafur Elíasson hefur selt yfir 200 verk í Laugardalslauginni

**Ólafur Jafet Elíasson, netagerðameistari og skipstjóri, málar sér til yndis og ánægju. Hann hefur haldið málverkasýningar í Laugardalslauginni með reglulegu millibili í tvo áratugi og telst til að hann hafi selt um tvö hundruð myndir.**

Ólafur er kominn á níræðisaldur og er hinn hressasti. Hann smitaðist af myndlistarbakteríunni í Hvalfirði fyrir hartnær 40 árum. „Þetta var árið 1970, ég var á leiðinni upp á Akranes og það var allt á kafi í snjó. Við hjónin áðum í Hvammsvík og mér var litið yfir landið. „Er ekki allt í lagi?“ spurði konan. „Sérðu ekki hvað þetta er fallegt!“ svaraði ég. Sem betur fer var myndavél með í för, ég tók mynd og málaði mitt fyrsta málverk eftir henni. Síðan þá hef ég verið símálandi.“

Ólafur hefur verið fastagestur í Laugardalslauginni í áratugi. Fyrir tuttugu árum átti hann orðið til dágott safn af málverkum og nefndi við yfirmann Laugardalslaugarinnar hvort hann mætti ef til vill hengja upp nokkrar myndir á veggina. „Hann hélt nú það, fannst tilvalið að fá eitthvað á veggina. Og ég var ekki fyrr búinn að hengja myndirnar upp en þær fóru að rjúka út.“

Myndir Ólafs urðu svo vinsælar að hann hefur reglulega haldið málverkasýningar allar götur síðan. „Ég hef haldið lauslegt bókhald og mér telst til að ég hafi selt yfir 200 myndir. Ég er svolítið montinn því hann Van Gogh, sá hollenski, hann seldi ekki eina einustu mynd meðan hann lifði,“ segir Ólafur og hlær. Spurður hvort hann hafi þá ekki komist í sæmilegar álnir gegnum list sína segir Ólafur Jafet svo ekki vera. „Sjáðu til, ég er fyrst og fremst að gera þetta mér til gamans, ekki fyrir peninga. Sem betur fer vantar mig þá ekki.“

Ólafur fær sér sundsprett á hverjum morgni og segir að ekki líði sá dagur þar sem hann sér ekki einhvern rýna í myndirnar. Innblásturinn sækir hann helst í náttúruna og fer oft þá leið að mála eftir ljósmyndum sem hann hefur tekið af viðfangsefninu. „Stundum verða þrjár myndir að einni, birta, loft og haf getur runnið saman. Það er þannig í listinni að stundum verður maður að taka sér smá skáldaleyfi, þótt auðvitað megi ekki fara offari.“

Svo skemmtilega vill til að Ólafur Elíasson á alnafna, sem einnig hefur gert það gott í myndlistinni. „Já, strákskömmin, við erum ekkert skyldir en nafnið hefur vonandi komið honum til góða,“ segir Ólafur og hlær. Hann kann vissulega að meta list nafna síns en finnst meira til verka föður hans koma, Elíasar Hjörleifssonar, sem var sjómaður og sjálfmenntaður listamaður. „Mér fannst hann vera í meiri takt við náttúruna,“ segir Ólafur.

Ólafur Jafet er símálandi, á 50 til 60 myndir í sarpinum á heimili sínu í Hátúni og er sífellt að fá hugmyndir að fleiri verkum. Hann er þó ekki byrjaður að undirbúa næstu sýningu, segist ekki mikið fyrir að skipuleggja langt fram í tímann. „Ég hengdi upp fimmtán myndir á sýninguna sem er uppi núna. Þeim hefur fækkað, enda seljast verkin ágætlega. Ég byrja að velja fleiri myndir til að hengja upp þegar mér finnst veggurinn orðinn tómlegur.“

**bergsteinn@frettabladid.is**



**ÓLAFUR JAFET ELÍASSON** Fékk myndlistarbakteríuna í alsnjóa Hvalfirði árið 1970 og hefur ekki lagt frá sér pensilinn síðan. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR







**ÚR SÝNINGU ÓLAFS** Íslenskt landslag leikur stórt hlutverk í myndlist Ólafs, hann kýs að vera í „takt við náttúruna“. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR
















THULE® SWEDEN

Upplifðu Ísland með THULE ferðavörum.

Margvíslegar lausnir fyrir mismunandi þarfir.



Allar upplýsingar um THULE ferðaboxin er að finna á vef Stillingar www.stilling.is

Stilling

www.stilling.is // stilling@stilling.is

Skeifan 11, 108 Reykjavík | Bildshöfði 12, 110 Reykjavík | Smiðjuvegur 68, 200 Kópavogur | Dalshraun 13, 220 Hafnarfjörður
Draupnisgata 1, 600 Akureyri | Eyrarvegur 29, 800 Selfoss. | Sími: 520-8000

BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# NÝTT KORTATÍMABIL



40% AFSLÁTTUR

PIRI-PIRI KRYDDPOKI FYLGIR MEÐ Í BAKKANUM

## PIRI PIRI KJÚKLINGUR

Holta ferskar kjúklingabringur með Piri-Piri kryddblöndu

1679 kr./kg. MERKT VERÐ 2798 KR./KG.



899

## BEINHREINSUÐ BLEIKJA

NF Íslenskir bleikjubitar beinlausir með roði

899 kr./kg.



2359

KS ferskt lambafillet

2359 kr./kg.



6 STK 2998

Nautasteikur frá Hollandi 1200g

200g x 6 STEIKUR 2998 kr.



4 STK 1998

Ungnautafillet frá Hollandi 800g

200g x 4 STEIKUR 1998 kr.



40% AFSLÁTTUR

Holta ferskir skornir-kjúklingavængir

299 kr./kg. MERKT VERÐ 499 KR./KG.



40% AFSLÁTTUR

Holta fersk krydduð hversdagssteik

516 kr./kg. MERKT VERÐ 859 KR./KG.



200 KR. AFSLÁTTUR

1098

Gullfiskur bitafiskur 200g

1098 kr

Pepsi MAX

2ltr

118 kr.



118



698

10 Malt-dósir í kassa

698 kr./kassinn

33 CLTR



1798

Bónus hangiálegg

1798 kr./kg.

FITUMINNA 1998 KR.KG.



198

Bónus fetaostur blár

250g 198 kr

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00 TIL 19.30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# NÝTT KORTATÍMABIL



2998

## HOLLENSK NAUTALUND

Hollensk ungnautalund (FRYSTIVARA)
**2998 kr./kg.**




398

## FERSKAR DÖÐLUR

Ferskar döðlur ný uppskera
**398 kr.** 650g



30% AFSLÁTTUR

Ali grill svínakótilettur
**1315 kr./kg.** MERKT VERÐ 1879 KR./KG.



30% AFSLÁTTUR

Ali grill svínahnakkasneiðar
**1315 kr./kg.** MERKT VERÐ 1879 KR./KG.



30% AFSLÁTTUR

SS gríska grill svínahnakkasneiðar
**1252 kr./kg.** MERKT VERÐ 1788 KR./KG.



40% AFSLÁTTUR

Bónus jurtakrydduð kjúklingalæri -
**408 kr./kg.** MERKT VERÐ 679 KR./KG.



498

Bónus íslenskir ungnaugahamborgarar
4 STK M/BRAUÐI **498 kr.**



## INNFLUTTIR UNGNAUTA-HAMBORGARAR

### 100% HREINT KJÖT

| | | |
|---|---|---|
| 80 GRÖMM | 898 kr. | 10 STK. |
| 100 GRÖMM | 1079 kr. | 10 STK. |
| 120 GRÖMM | 1259 kr. | 10 STK. |



259

Myllu skúffukökur 380g
**259 kr./stk.**



988

KS frosið lambalæri
**988 kr.**

## BÓNUS BÝÐUR BETUR

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00 TIL 19.30

**Fréttaskýring: Þjórsárvirkjanir** — **2. hluti**

# Gætu þurft að greiða 1,2 til 1,4 milljarða fyrir landið og vatnið

Sveitarfélög við Þjórsá hafa ýmist samþykkt aðalskipulag, sem gerir ráð fyrir virkjunum, eða auglýst breytingu á skipulaginu. Landsvirkjun hefur þegar samið við nokkra landeigendur en fjöldi samninga bíður. Deilur um verðmæti vatnsréttinda við Kárahnjúkavirkjun geta sett strik í reikninginn þar sem landeigendur sem eiga vatnsréttindi vilja gjarnan bíða niðurstöðu dómstóla.

Ferillinn frá hugmynd að raforkuframleiðslu er langur og flókinn. Afla þarf ýmiskonar leyfa og fá umsagnir fjölda stofnana og hafa samráð við fjölda einstaklinga á ýmsum stigum.

Landsvirkjun áformar að byggja þrjár virkjanir í neðri hluta Þjórsár; Hvammsvirkjun, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun. Að auki er stefnt á að reisa Búðarhálsvirkjun í Tungnaá, ofar á Suðurlandi.

Allar virkjanirnar hafa þegar farið í gegnum umhverfismat. Búðarhálsvirkjun er raunar komin svo langt að Landsvirkjun gæti hafið framkvæmdir á morgun.

Fjögur sveitarfélög liggja að Þjórsá á virkjanasvæðinu í neðri hluta árinnar. Virkjanir eru komnar inn á aðalskipulag Rangárþings ytra og Ásahrepps. Skeiða- og Gnúpverjahreppur hefur auglýst breytt aðalskipulag sem gerir ráð fyrir virkjununum.

Flóahreppur hefur auglýst tillögu að breyttu aðalskipulagi, sem gerir ráð fyrir Urriðafossvirkjun. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út 1. ágúst. Þar sem Flóahreppur kemur ekki að efri virkjununum tveimur, Hvammsvirkjun og Holtavirkjun, eru þær í raun afgreiddar.

Gríðarlega miklu skiptir að virkjanirnar verði allar reistar, segir Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar. Þess vegna vilji Landsvirkjun ekki fara af stað af fullum krafti í samninga fyrr en virkjanirnar eru komnar á aðalskipulag allra sveitarfélaganna.

Sveitarfélögin eiga eftir að breyta deiliskipulagi, sem verður ekki gert fyrr en hönnun virkjananna er lokið, enda breytingin undirbúin af Landsvirkjun. Að auki þurfa þau að lokum að gefa út framkvæmdaleyfi.

### Segja borið fé á sveitarstjórnir

Sveitarstjórnir allra fjögurra sveitarfélaganna eru fylgjandi virkjununum. Þrátt fyrir það eru skiptar skoðanir um virkjanirnar meðal íbúa. Landsvirkjun hefur samið við bæði Flóahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp um ýmiskonar uppbyggingu, og jafnvel beinar fégreiðslur, komist virkjanirnar á aðalskipulag.

Sumir íbúa þessara sveitarfélaga gera athugasemdir við samningana, og segja jaðra við að verið sé að bera fé á sveitarfélögin. Því hafna bæði sveitarstjórnarmenn og forsvarsmenn Landsvirkjunar.

Bent er á að öll mannvirki vegna virkjananna verði á austurbakka árinnar, og því fái þau sveitarfélög, sem liggja vestan árinnar, engar tekjur í sinn hlut vegna virkjananna. Fasteignagjöldin endi öll austan árinnar hjá Rangárþingi ytra og Ásahreppi. Þannig mun Landsvirkjun standa fyrir vegabótum í sveitarfélögunum, brúa Þjórsá og greiða fyrir vatnsveitu í Flóanum.



**URRIÐAFOSS** Samningar við landeigendur við Urriðafoss eru skemmst á veg komnir. Urriðafossvirkjun verður líklega síðasta virkjunin sem rís á svæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ekki verður sótt um virkjanaleyfi alveg á næstunni. Ástæðan er sú að virkjanaleyfi fellur úr gildi 90 dögum eftir að það er gefið út hafi samningar ekki náðst við alla landeigendur um bætur vegna vatnsréttinda og lands.

### Gætu verið búnir að semja

Landsvirkjun þarf að semja við um 50 landeigendur um einhvers konar bætur eða úrbætur á landi vegna virkjunarinnar, segir Helgi Bjarnason, verkfræðingur hjá Landsvirkjun Power. Búið er að semja við innan við tíu, og vonast er til þess að samningar náist við fjóra til fimm á næstunni.

Helgi segir að áhersla hafi verið lögð á að ná samningum vegna efstu virkjunarinnar, Hvammsvirkjunar, og vonandi verði þeir komnir svo langt í haust að hægt verði að sækja um virkjanaleyfi.

Helgi segir einnig stefnt að því að ljúka samningum við landeigendur um Holtavirkjun á árinu. Þar sem Urriðafossvirkjun verði síðust í röðinni fái samningar vegna hennar að bíða lengur.

Daníel Magnússon, bóndi í Akbraut, sakar Landsvirkjun um að draga lappirnar í samningum. Stöðvarhús Hólsvirkjunar verður þar sem bær Daníels stendur í dag, auk þess sem talsvert rask verður á landinu.

„Ef þeir ætluðu sér að semja væru þeir löngu búnir að því,“ segir Daníel. Hann segist tilbúinn til samninga, en hafi lítið heyrt í Landsvirkjun undanfarið.

Ekki eru allir sem semja þarf við jafn viljugir að ljúka samningum, og erfitt gæti reynst fyrir Landsvirkjun að semja við alla landeigendur. Það á einkum við í nágrenni Urriðafoss.

Þannig birtu landeigendur á austurbakka Þjórsá yfirlýsingu fyrir nokkru þar sem fram kom að níu af tíu landeigendum á austurbakka Þjórsár ætli sér ekki að semja við Landsvirkjun.

Landsvirkjun þarf einnig að semja við eigendur vatnsréttinda í Þjórsá um bætur. Ríkið á nú þegar um 93 prósent vatnsréttinda í ánni, eftir að keyptir voru upp samningar Titan-félagsins um miðja síðustu öld.

Þau vatnsréttindi sem eru í eigu einkaaðila fylgja færri en tíu jörðum, aðallega í nágrenni við áformað virkjunarstæði Urriðafossvirkjunar. Landsvirkjun hefur boðið eigendum vatnsréttindanna að greiða þeim bætur reiknaðar með sömu aðferð og vegna Kárahnjúkavirkjunar, segir Helgi.

Niðurstaðan um greiðslur fyrir vatnsréttindi vegna Kárahnjúkavirkjunar er raunar ekki orðin ljós. Matsnefnd sem landeigendur og Landsvirkjun komust að samkomulagi um að skipa komust að niðurstöðu, en hluti landeigenda ákvað að vísa málinu til dómstóla.

Dóms er vart að vænta fyrr en snemma á næsta ári. Niðurstaðan fer væntanlega fyrir Hæstarétt.

### Kárahnjúkavirkjun fordæmið

Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, segir að dómur í Kárahnjúkamálinu muni að líkindum hafa fordæmisgildi varðandi verðmæti vatnsréttinda.

Landeigendur sem eiga vatnsréttindi munu horfa til niðurstöðu dómsmálsins, og segja erfitt að semja meðan það mál er óleyst.

Einnig þarf að semja við ríkið um yfirtöku eða leigu Landsvirkjunar á vatnsréttindum í eigu ríkisins. Friðrik bendir á að ríkið geti gengið til samninga um afhendingu réttindanna, þó að samið verði um endurgreiðslur síðar.

Gróft áætlað má búast við því að Landsvirkjun greiði 600 til 700 milljónir vegna vatnsréttinda, og svipaða upphæð í bætur og úrbætur vegna lands sem spillist eða fer undir mannvirki, segir Helgi. Samtals gerir það 1,2 til 1,4 milljarða.

Alltaf er reiknað með slíkum kostnaði við virkjanaframkvæmdir, segir Helgi. Kostnaðurinn er þó mismikill eftir virkjunum.

## ÁFORM LANDSVIRKJUNAR ÖNNUR EN FOSSAFÉLAGSINS TITAN

Fossafélagið Titan var stofnað árið 1914, með það að markmiði að virkja fossa Þjórsár. Hugmyndir voru uppi um að gera fimm virkjanir í ánni, og í þeim tilgangi keypti Titan vatnsréttindi af landeigendum. Virkjanirnar komust aldrei af hugmyndastiginu sökum fjárskorts, og ríkið keypti vatnsréttindin af Titan um miðja síðustu öld.

Þremur dögum fyrir þingkosningar í maí 2007 undirrituðu fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra og landbúnaðarráðherra samkomulag við Landsvirkjun um að vatnsréttindin rynnu til Landsvirkjunar, eða yrðu leigð fyrirtækinu.

Almenningur var ekki upplýstur um samninginn eftir að hann var undirritaður, og Ríkisendurskoðun komst að þeirri niðurstöðu að samningurinn væri ekki bindandi þar sem hann hafði ekki verið borinn undir Alþingi.

Enn hefur Landsvirkjun ekki samið við ríkið um vatnsréttindin, en hefur haldið áfram samningum við landeigendur á grundvelli Titan-samninganna.

Eigandi jarðarinnar Skálmholtshrauns í Flóahreppi hefur stefnt ríkinu og Landsvirkjun, og krafist þess að Titan-samningarnir verði ógiltir. Í stefnunni kemur fram að áform Landsvirkjunar nú séu allt önnur en þau sem Fossafélagið Titan hafði á prjónunum þegar landeigendur þess tíma seldu réttindin.

Málið hefur verið þingfest í héraðsdómi, þar sem það hefur fengið flýtimeðferð. Búist er við aðalmeðferð í málinu í september, komi ekki fram frávísunarkröfur.

## EIGNARNÁM Í HÖNDUM ÖSSURAR

Náist ekki samningar við landeigendur er ekki þar með sagt að ekki verði af viðkomandi virkjun eða virkjunum. Landsvirkjun hefur heimild til þess að óska eftir því að land verði tekið eignarnámi vegna virkjana.

Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra þyrfti að úrskurða hvort fara ætti í eignarnám, bærist krafa um slíkt. Hann hefur hingað til ekki gefið beint upp afstöðu til eignarnáms vegna virkjana í Þjórsá, þar sem slíkt myndi gera hann vanhæfan til að úrskurða.

Hann hefur þó ítrekað opinberað þá skoðun sína að „ríkir almannahagsmunir“ þurfi að koma til svo eignarnám verði íhugað.

Tveir ráðherrar Samfylkingarinnar; Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra og Björgvin Sigurðsson viðskiptaráðherra, hafa lýst þeirri skoðun sinni að ekki komi til greina að fara í eignarnám vegna virkjananna.

## FERILL VATNSAFLSVIRKJANA FRÁ HUGMYND AÐ FRAMLEIÐSLU




*Sýnir hvar fyrirhugaðar virkjanir eru staddar í ferlinu*

**A - Urriðafossvirkjun**
**B - Hvammsvirkjun**
**C - Holtavirkjun**
**D - Búðarhálsvirkjun**

*Almennt er ferill virkjana á þá leið sem hér er lýst, þó að röðin riðlist í sumum tilvikum.*



FRÉTTASKÝRING
BRJÁNN JÓNASSON
brjann@frettabladid.is

**ÖNNUR GREIN AF FJÓRUM**
**Á morgun:**
Andstæð sjónarmið um virkjanir


ÚTSALAN
HEFST Í DAG
KL. 11
FYRIR KONUR OG MENN
TOMMY HILFIGER
DKNY JEANS
GUESS
JEANS
PRINGLE
OF SCOTLAND
Couture
LAUGAVEGI 86-94 - SÍMI 511 1060




800 5555

Alla daga frá 10 til 22




Linde Gas AGA


## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
4.251 **-0,70%**

**Fjöldi viðskipta:** 187
**Velta: 1**.045 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **CENTURY ALU** | +5,86% | **BAKKAVÖR** | -4,62% |
| **SPRON** | +1,56% | **EXISTA** | -2,00% |
| **MAREL** | +0,22% | **ÖSSUR** | -1,01% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** ALFESCA 7,03 0,00% ... Atorka 6,20 -0,80% ... Bakkavör 24,80 -4,62% ... Eimskipafélagið 14,30 -0,69% ... Exista 6,87 -2,00% ... Glitnir 15,15 -0,98% ... Icelandair Group 16,65 0,00% ... Kaupþing 739,00 -0,40% ... Landsbankinn 23,10 -0,22% ... Marel 89,80 +0,22% ... SPRON 3,25 +1,56% ... Straumur-Burðarás 9,79 -0,91% ... Teymi 1,96 0,00 ... Össur 87,90 -1,01%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Óbreyttir vextir í Bretlandi

Englandsbanki, seðlabanki Bretlands, ákvað í gær að hreyfa ekki við vaxtastiginu sökum aðstæðna í efnahagslífinu.

Stýrivextirnir þar í landi eru nú fimm prósent og hafa staðið óbreyttir frá í apríl. Bankinn hafði áður lækkað vextina um hálft prósentustig frá áramótum.

Flestir höfðu reiknað með þessari niðurstöðu þrátt fyrir þrýsting frá forráðamönnum í fyrirtækjarekstri í Bretlandi um að bankinn komi til móts við þrengingar í efnahagslífinu og háar álögur á lántakendur og lækki vexti.

Bankastjórnin segir að verðbólguþrýstingur hafi legið til grundvallar ákvörðuninni. Varað er við að dregið geti úr hagvexti af þeim sökum.

Verðbólga í Bretlandi mælist nú 3,3 prósent. Verðbólgumarkmið seðlabankans er hins vegar tvö prósent. Hefur Mervyn King seðlabankastjóri þegar ritað breska fjármálaráðuneytinu bréf, líkt og reglur bankans kveða á um, þar sem útlistaðar eru ástæður þess að verðbólga hafi farið svo langt umfram markmiðin, að sögn breska viðskiptadagblaðsins Financial Times. - jab



**ÁHYGGJUFULLUR BANKASTJÓRI** Seðlabankastjóri Bretlands hefur skrifað stjórnvöldum bréf vegna hárrar verðbólgu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Dregur úr hagnaði

Álrisinn Alcoa, sem meðal annars rekur álverið á Reyðarfirði, hagnaðist um 546 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði um 42 milljarða íslenskra króna, á öðrum fjórðungi ársins Þetta er 23 prósenta samdráttur frá sama tíma í fyrra.

Tekjur álrisans á tímabilinu námu 7,6 milljörðum dala samanborið við 8,07 dali í fyrra. Það er jafnframt meira en spá hafði verið.

Hár rekstrarkostnaður dró úr hagnaði félagsins en álverð, sem hækkaði um rúm sex prósent á milli ára, hífði afkomuna upp, að sögn fréttastofu Reuters. - jab



**ÁLVERIÐ Á REYÐARFIRÐI** Hagnaður Alcoa dróst saman um 23 prósent á milli ára á öðrum ársfjórðungi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Arabar kaupa Chrysler-húsið

Fjárfestingarsjóður í eigu stjórnvalda í furstadæminu Abu Dabi hefur keypt 90 prósenta hlut í Chrysler-byggingunni, einu þekktasta kennileiti Manhattaneyju í New York í Bandaríkjunum.

Seljendur eru fasteignasjóður tryggingafyrirtækisins Prudential Financial, sem átti 75 prósenta hlut.

Bandaríska fasteignafélagið Tishman Speyer Properties, sem átti fyrir fjórðungshlut í turninum, heldur eftir afganginum og hefur umsjón með honum í nafni beggja aðila.

Bandaríska dagblaðið Wall Street Journal bendir á að mjög hafi hægst um á bandarískum fasteignamarkaði og hafi verið leitað til þess að fá arabíska fjárfestingasjóði til að fjármagna fasteignakaup í stærri kantinum. Þannig hafi arabískir sjóðir fjármagnað söluna á General Motorsbyggingunni í síðasta mánuði auk þess að leggja þarlendum bönkum til mikið hlutafé vegna afskrifta úr bókum þeirra. - jab

# Segir kennitöluflakk í gangi

## Tölvulistinn lýstur gjaldþrota í lok síðasta mánaðar. Fyrri eigandi véfengir sölu á rekstri til nýs aðila.

„Það er eitthvert sull á bak við tjöldin“ segir Júlíus Ólafsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri og eigandi Tölvulistans. Hann seldi Ásgeiri Bjarnasyni Tölvulistann fyrir rúmum fjórum árum og á að eigin sögn enn eftir að fá lokagreiðsluna.

Nafni Tölvulistans var breytt í Músavík í síðasta mánuði rétt áður en fyrirtækið var lýst gjaldþrota 25. júní síðastliðinn. Stofnað var nýtt fyrirtæki sem ber nafn Tölvulistans en starfsemi þess er engin. IOD heildsala rekur Tölvulistann í dag undir sinni kennitölu.

Júlíus átti fyrsta veðrétt í hlutabréfum Tölvulistans sem eru í dag einskis virði. Hann segist eiga kröfurétt á móðurfélag Tölvulistans BBEN upp á 63 milljónir. „Tölvulistinn var rekinn á sömu kennitölunni frá því að ég sel þangað til í síðasta mánuði. Þá er rekstur Tölvulistans seldur til IOD og nafninu á kennitölu Tölvulistans breytt og gert gjaldþrota. Ég mun vefengja þessa sölu og er kominn á fullt með innheimtu á þessum 63 milljónum“,“ segir Júlíus.

Ásgeir Bjarnason vildi ekkert segja um málið en í viðtali við Markaðinn síðastliðinn miðvikudag sagði hann ástæðuna fyrir sölunni ekki vera bága skuldastöðu fyrirtækisins.

IOD sem nú rekur Tölvulistann er í eigu sömu aðila og reka m.a. Sjónvarpsmiðstöðina og Heimilistæki. Fyrirtækið var áður stærsti birgir Tölvulistans.

Aðspurður um ástæðu yfirtökunnar sagði Hlíðar Þór Hreinsson, einn eigenda IOD, hana liggja í augum uppi. -ghh



**TÖLVULISTINN** Rekur fjölda verslana, m.a. þessa við Nótatún í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**FJÁRMÁLARÁÐHERRANN** Henry Paulson segir tvo fasteignasjóði sem njóta ríkisstyrkja standa traustum fótum þrátt fyrir gengishrun og útlánatap. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Sjóðirnir sterkir

Bandarísku húsnæðissjóðirnir Fannie Mae og Freddie Mac eru fjárhagslega sterkir. Þetta sagði Henry Paulson, fjármálaráðherra Bandaríkjanna, í gær.

Þær raddir hafa orðið æ háværari að fyrirtækin standi á brauðfótum. Bandaríska dagblaðið Wall Street Journal sagði í vikunni stjórnvöld hafa fundað um aðgerðir þurrkist upp eigið fé sjóðanna með þeim afleiðingum að þeir þurfi að afla aukins hlutafjár til að forða sér frá gjaldþroti.

Fannie og Freddie njóta stuðnings ríkisins þrátt fyrir að vera skráð á markað. Gengi bréfa í fyrirtækjunum hefur hrunið í vikunni eftir að fréttist að tap þeirra yrði meira en vænst var.

Paulson sagði hins vegar í gær, að sjóðirnir væru að sigla í gegnum erfiða tíma. Þeir gegni hins vegar mikilvægu hlutverki á bandarískum fasteignalánamarkaði.

Gengi bréfa í báðum sjóðum hefur fallið verulega í vikunni. Það af hefur Freddie Mac hrunið um tæp 47 prósent frá á mánudag. - jab


Auktu umferðaröryggi þitt og sparneytni. Vertu á betri dekkjum frá Max1.




GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL

Settu gömlu dekkin uppí ný

Breyttu túttunum undir bílnum í gæðadekk hjá Max1

Þú breytir gömlu túttunum undir bílnum í gæðadekk í dag.
Þú færð 2.500 kall fyrir hverja túttu upp í hvert nýtt gæðadekk.
Auktu umferðaröryggi þitt og sparneytni með Max1.

Svona erum við – fyrir þig. Max1 fargar einnig túttunum á umhverfisvænan hátt. Sparaðu. Komdu við hjá Max1 í dag.

Hér erum við fyrir þig:

Max1 Reykjavík
Bíldshöfða 5a (hjá Hlölla), beinn sími: 515-7095 eða 515-7096
Bíldshöfða 8, beinn sími: 515-7097 eða 515-7098
Jafnaseli 6 (við Sorpu), beinn sími: 587-4700

Max1 Akureyri
Tryggvabraut 5, beinn sími 462-2700

Max1 fargar gömlu dekkjunum með umhverfisvænum aðferðum

MAX1 BÍLAVAKTIN

Skoðaðu: www.max1.is

# Vinsælustu
## eldhústækin í Hagkaupum

Öll raftæki fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum

OPIÐ til 20 alla daga



2.490kr GOTT VERÐ

**Melissa kaffivél** 645112
- 800w kaffivél
- 1,2 lítra - 10 Bollar
- Dropastoppari



2.990kr GOTT VERÐ

**Melissa hraðsuðuketill** 645083
- 2200w
- 1,5 lítra
- Snúrulaus



4.990kr GOTT VERÐ

**Exido blandari** 246015
- 500w blandari
- 1,5 l glerkanna
- Snúrulaus
- Innbyggður öryggisrofi



4.990kr GOTT VERÐ

**Ideline heilsugrill** 743179
- 800w
- 6 Hitastillingar
- Safnar fitu og safa í bakk



1.490kr GOTT VERÐ

**Melissa brauðrist** 643070
- 800w
- 2ja sneiða brauðrist
- Grind ofan á fyrir lítil brauð
- 7 tímastillingar
- Mylsnubakki



2.990kr Verð áður 4.990,-

**Exido brauðrist** 243003
- 950w
- 2ja sneiða brauðrist
- Grind ofan á fyrir lítil brauð
- Hægt að rista öðrum eða báðum megin
- Alltaf köld viðkomu
- 5 tímastillingar
- Mylsnubakki



2.990kr GOTT VERÐ

Nýtt kortatímabil!

**Melissa vöfflujárn** 643104
- 850w
- Lætur vita með ljósi þegar vafflan er tilbúin



2.490kr GOTT VERÐ

**Melissa samlokugrill** 643096
- 750w
- Samlokugrill fyrir 2 sneiðar

Gildir til 17. júlí eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ríkisútvarpið sem opinbert hlutafélag:

## Eftir vonum

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Helstu forystumenn Ríkisútvarpsins ohf. hafa sjálfir haft frumkvæði að umræðu um stöðu þessarar sameignar þjóðarinnar og árangurinn af starfinu eftir að um það voru sett hlutafélagalög. Vel fer á því. Ástæða er til að virða forystumönnunum þetta frumkvæði til betri vegar. Satt best að segja hefur afraksturinn af þeirri miklu grundvallarbreytingu sem Alþingi samþykkti fyrir hálfu öðru ári farið eftir vonum.

Á þessum vettvangi var því spáð að kerfisbreytingin myndi þegar upp væri staðið slíta þá einingu sem verið hefur um Ríkisútvarpið bæði frá hægri og vinstri í pólitík. Hún myndi rjúfa grið á báða bóga. Það virðist vera að koma á daginn. Skýringin á því er einföld.

Stjórnendur Ríkisútvarpsins ohf. hafa í einu og öllu fært sjónvarpsrekstur ríkisins af sviði menningar- og almannaþjónustu yfir á hreint markaðssvið. Þegar valið stendur annars vegar á milli kaupa á einkarétti á íþróttaviðburðum, sem markaðssjónvarpsstöðvarnar geta með góðu móti sinnt, og hins vegar almannaþjónustu við landsbyggðina er þátttaka á markaðssviðinu tekin fram yfir. Þetta val hafa forystumenn Ríkisútvarpsins ohf. kynnt og rökstutt fyrir skattborgurunum að undanförnu.

Þegar umboðsmaður barna og talsmaður neytenda nefna hugmyndir um að takmarka auglýsingar í tengslum við barnatíma eru þau svör gefin af hálfu Ríkisútvarpsins ohf. að það geti almannaþjónustustofnunin ekki gert af samkeppnisástæðum. Þegar upplýsingalög eru hundsuð vegna fyrirspurna um laun æðstu stjórnenda eru fyrstu skýringar þær að það verði að gera vegna stöðu á samkeppnismarkaði. Sumir samningsbundnir kostunarstyrkir eru ekki bókfærðir til þess að komast hjá takmörkunum þar að lútandi. Peningar skattborgaranna eru aukinheldur notaðir til þess að kaupa með yfirboðum þætti og starfsmenn frá markaðsstöðvunum.

Af frambærilegri almannaþjónustu í sjónvarpsrekstri ríkisins, sem ekki má einnig finna á markaðssjónarpsstöðvunum, er í raun lítið annað í boði en bókmenntaþátturinn Kiljan og vandaðir viðtalsþættir Boga Ágústssonar auk táknmálsfrétta. Á Rás eitt er hins vegar enn rekið metnaðarfullt menningar- og almannaþjónustuútvarp sem hefur áhrif langt umfram hlustunarmælingar. Rás tvö er eðli máls samkvæmt markaðsútvarp.

Þegar hlutafélagalögin voru til meðferðar á Alþingi vakti Samkeppniseftirlitið athygli á að starfsemin myndi brjóta gegn almennum reglum samkeppnisréttarins. Alþingi virti þá viðvörun að engu. Hafi hugsunin verið sú að með því móti mætti koma hælkróki á eitt fjölmiðlafyrirtæki á markaðnum hefur það ekki gerst. Þvert á móti: Eins og á var bent á sínum tíma bitnar þessi ríkisstyrkta samkeppnisstarfsemi, án samkeppnisreglna, á öllum fjölmiðlafyrirtækjum í sjónvarps- og útvarpsrekstri og margvíslegri blaðaútgáfu.

Við þessar aðstæður er ekki nema von að gagnrýni á skipan mála komi bæði úr röðum þeirra sem vilja menningarlegan sjónvarpsrekstur á vegum ríkisins, eftir opinberum leikreglum, og hinna sem hallast að markaðslausnum, þar sem samkeppnisreglur ná til allra.

Um menningarlegt ríkisútvarp og samkeppnisreglur um alla raunverulega samkeppnisstarfssemi gæti örugglega náðst sátt. Lausnin gæti falist í því einfalda ráði að bæta þeirri einu setningu við lögin um Ríkisútvarpið ohf. að samkeppnislöggjöfin nái til þess. Hverjir eru á móti því?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ein lítil lyftistöng

Höskuldur Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokksins, fer mikinn í grein um Ríkisútvarpið í Fréttablaðinu í gær. Ekki þarf að efast um að góður hugur búi að baki skrifunum, en í þeim leynast þó æði skrítnar söguskýringar. Fyrir það fyrsta telur Höskuldur að það hafi verið „gríðarleg lyftistöng" fyrir allt Norðurland þegar yfirmaður Rásar 2 var „færður til Akureyrar". Nú er „gríðarleg lyftistöng" svo sem ekki vel skilgreint eða mælanlegt fyrirbrigði, en vandséð er að stakur skrifstofumaður geti verið slík stöng fyrir heilan landshluta. Þá segir Höskuldur einnig að svæðisútvörp RÚV hafi verið lögð niður. Það er alrangt hjá Höskuldi. Svæðisútvörpin eru í fullu fjöri.



### Mjög lítil þjóðarsátt

Höskuldur fullyrðir jafnframt að „þjóðarsátt" hafi á sínum tíma myndast um hlutafélagavæðingu RÚV. Það er einkennileg söguskoðun í ljósi þess að ekki þarf að leita út fyrir Alþingi að mönnum sem voru breytingunni andvígir. Höskuldur hlaut nýverið verðlaun JCI Íslands fyrir bestu ræðumennskuna á þingi. En þótt Höskuldur sé góður í pólti því virðast honum ansi mislagðar hendur í riti, að minnsta kosti í þessum greinarstúf.



### Tapaði aldrei í prófkjöri

Rangt var farið með á þessum stað í gær að Björk Vilhelmsdóttir hefði snúið baki við Vinstri grænum í Reykjavík eftir hrakfarir í prófkjöri. Björk tók ekki þátt í prófkjöri Vinstri grænna árið 2006, að eigin sögn vegna vonbrigða yfir að samstarfi Reykjavíkurlistans skyldi ekki haldið áfram. Þess í stað gekk hún í Samfylkinguna og náði fínum árangri í prófkjöri hennar. En eftir stendur sem áður að Björk lætur verkin tala þegar hún er óánægð.

stigur@frettabladid.is, bergsteinn@frettabladid.is

## SPOTTIÐ




# Nýr Blefken?

Íslendingar hafa löngum verið viðkvæmir fyrir illu umtali erlendis. Fjögur hundruð ár og einu betur eru frá því, að Ditmar Blefken gaf út rógsrit um þjóðina í Leyden í Hollandi. Þóttist hann þekkja vel til á Íslandi og fræddi umheiminn á ýmsum furðusögum, sennilega með aðstoð hraðlyginna Íslendinga. Arngrímur lærði Jónsson tók þá saman Anatome Blefkeniana (Greiningu á Blefken), sem kom út í Hamborg 1613, og hrakti fullyrðingar Blefkens lið fyrir lið.



**HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON**

**Í DAG** | Rógburður

Nú er nýr Blefken kominn til sögunnar, þótt hann láti sér nægja stutta grein í breska blaðinu Financial Times 1. júlí. Þar heldur Robert Wade, stjórnmálafræðiprófessor í Hagfræðiskóla Lundúna, því fram, að íslenska hagkerfið standi á brauðfótum. Bankarnir hafi verið seldir óreyndum aðilum, tengdum „íhaldsmönnum", eins og hann orðar það. Líklega muni ríkisstjórnin brátt springa, þegar Samfylkingin slíti samstarfinu við Sjálfstæðisflokkinn. Væntanlegur kosningasigur Samfylkingarinnar sé kærkominn, því að þá muni Ísland aftur hverfa í röð norrænna velferðarríkja, sem leyfi ekki fjármagninu að vaða uppi óheftu, eins og verið hafi.

Grein Wades er tímasett, svo að hún komi íslenskum bönkum sem verst í þeim vanda, sem þeir hafa ratað í á lánamörkuðum erlendis (og sést best á háum skuldatryggingarálögum), en auk hinnar alþjóðlegu lánsfjárkreppu gjalda íslensku bankarnir þess, hversu hratt þeir hafa vaxið og hversu marga öfundarmenn þeir eiga meðal erlendra keppinauta. Ekki þarf hins vegar að leita lengi að íslenskum heimildarmanni hins nýja Blefkens. Wade endurtekur í meginatriðum það, sem Þorvaldur Gylfason hagfræðiprófessor hefur skrifað vikulega hér í blaðið síðustu árin.

Ragnar Árnason hagfræðiprófessor hefur hér í blaðinu 18. apríl hrakið fullyrðingar um það, að Ísland hafi horfið úr röð norrænna velferðarríkja. Hefur Ragnar lagt fram alþjóðlegar mælingar á tekjuskiptingu, sem sýna, að hún er síst ójafnari á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndum.

Þeir Friðrik Már Baldursson hagfræðiprófessor og Richard Portes, hagfræðiprófessor í Hagfræðiskóla Lundúna, hafa síðan í Financial Times 4. júlí rekið ofan í þá Þorvald og Wade fullyrðingar þeirra um íslenskt efnahagslíf. Þeir benda á, að hreinar skuldir Íslendinga séu stórlega ofmetnar. Eignir hafa aukist ekki síður en skuldir. Íslensku lífeyrissjóðirnir eru til dæmis einhverjir hinir öflugustu í heimi miðað við höfðatölu, og fjármagn, sem áður lá verðlaust, er nú orðið verðmætt í höndum einkaaðila. Friðrik Már og Wade minna einnig á, að íslensku bankarnir starfa við sömu reglur og hliðstæðar stofnanir annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu. Þeir halda því fram, að niðursveifla síðustu mánaða sé að miklu leyti eðlileg leiðrétting á (og afleiðing af) þenslu síðustu ára.

Við þetta er að bæta, að Ríkisendurskoðun gerði þrjár rækilegar skýrslur um sölu viðskiptabankanna og komst að þeirri niðurstöðu, að ekkert væri athugavert við hana. Ég er líka sammála þeim Friðriki Má og Portes um það, að íslenska hagkerfið standi traustum fótum, þegar til langs tíma er litið. Fiskistofnar okkar eru nýttir skynsamlega, gjöfular orkulindir bíða frekari nýtingar, og hagræðing hefur orðið í rekstri fyrirtækja. En á erfiðum tímum má ekkert út af bregða. Þess vegna getur hinn nýi Blefken orðið okkur skeinuhættari en hinn gamli.

**Starfsdagur** verður í gamla bænum Laufási við Eyjafjörð á íslenska safnadaginn á sunnudag frá klukkan 13.30 til 16.00. Hægt verður að fylgjast með fólki við ýmsa iðju sem tíðkaðist í gamla daga. Kynt verður undir hlóðum og steiktar gómsætar lummur sem gestum og gangandi verður boðið að smakka.



**Kjúklingur** er ekki aðeins góður matur heldur einnig mjög hollur. Á sumrin þegar veðrið er gott er tilvalið að hafa eitthvað létt í matinn eins og kjúkling. Hægt er að gera ferskt og gott kjúklingasalat sem fer vel í maga og er gott fyrir línurnar.



**Hnötturinn** er fyrirbæri sem margir krakkar velta fyrir sér. Um þessar mundir stendur yfir á Kjarvalsstöðum sýning undir yfirskriftinni Hvar er ég? Þetta er sýning þar sem börn og fullorðnir geta meðal annars velt fyrir sér hnettinum, landinu og kennileitum í umhverfinu. Tilvalið fyrir fjölskylduna að fara á sýninguna saman um helgina.





4ra rétta tilboð
og nýr A la Carte

· **Léttreiktur lax** með granateplum og wasabi sósu ·
· **Kókos- og engifersúpa** með grilluðum tígrisrækjum ·
· **Lambahryggur** með lambaskanka og rósmarínsósu ·
· **Banana- og súkkulaðifrauð** með vanillusósu ·

6.490 kr.

*Hægt er að panta 4ra rétta seðilinn með sérvöldu víni með hverjum rétti: 9.990 kr.*

NÝTT!
Glas af eðalvíni

Côte Rôtie „La Mouline" 2003 | Rhône, Frakkland
Opus One 1995 | Napa Valley, Bandaríkin

Nú hefur veitingahúsið Perlan bætt við möguleikanum að velja sér glas af **19 eðalvínum** með mat. Verð frá 890-8.900 kr.
*Sjá nánar á perlan.is.*

PERLAN
Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is
Hringbrot



Hildigunnur hefur verið dugleg að búa til quesadilla eftir að systir hennar kenndi henni það. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Allir borða yfir sig

***Hildigunnur Magnúsdóttir er mikill meistari í eldhúsinu og reynir oft eitthvað nýtt við miklar vinsældir fólksins á heimilinu.***

Hildigunnur er í barneignarfríi og fer á haustmánuðum í lyfjafræði við Háskóla Íslands. Hennar uppáhaldsréttur er mexíkósk quesadilla sem systir hennar kynnti fyrir henni og eftir þau hefur rétturinn slegið í gegn þegar hún eldar hann.

„Systir mín lærði að búa þetta til þegar hún var au pair í Bandaríkjunum og rétturinn hefur vakið mikla lukku í fjölskyldunni og borða allir yfir sig og liggja nánast afvelta eftir að hafa borðað hann," útskýrir Hildigunnur.

Það sem þarf í réttinn eru fjórar kjúklingabringur, ein paprika, rauð eða græn, einn rauðlaukur og mikið af rifnum osti. Síðan þarf olíu til að steikja kjúklinginn og sex fajitas-bökur og það stórar og loks bréf af kryddblöndu. Meðlætið með þessu er salsasósa og sýrður rjómi, salat, maísbaunir og nacho-flögur.

„Aðferðin er fljótleg og einföld, byrjað er að skera niður grænmetið og það steikt á pönnu. Kjúklingur skorinn í bita og steiktur á pönnu með Fajita eða Taco-mixi. Því næst er fajita-baka sett á pönnu, osti stráð yfir, svo kjúklingi og þar á eftir grænmetið, aftur ostur og svo önnur baka ofan á. Bökunni er svo snúið við þegar osturinn er bráðnaður og rétturinn er tilbúinn þegar osturinn er bráðinn á báðum hliðum. Einnig er hægt að elda réttinn í ofni eða á mínútugrilli. Bakan er svo skorin í sneiðar og er þá tilbúin til snæðings," útskýrir Hildigunnur. Rétturinn er borinn fram sem aðalréttur með hinu ýmsu meðlæti.

*mikael@frettabladid.is*


nýr matseðill
...og kroppurinn blómstrar

SÝNISHORN ÚR MATSEÐLI
Barnamatseðill
206. Eggjanúðlur með grænmeti og 2 kjúklingaspjót Teriyaki.
207. Kjúklingaleggir með soðnum hrísgrjónum.
208. Tröllagrjón fyrir þá allra sterkustu, lífrænt ræktuð brún hrísgrjón með kjúklingi, eggjum og grænmeti.
209. Djúpsteiktur fiskur með hrísgrjónum, karrýsósu eða súrsætri sósu.




NINGS
SUÐURLANDSBRAUT 6 • HLÍÐASMÁRA 12 • STÓRHÖFÐA 17 • SÍMI 588 9899

**Melónur** eru tilvaldar á sumrin, hvort sem er sem snarl á daginn eða sem eftirréttur á kvöldin. Melónur eru ferskar og hollar og einstaklega fallegar á borði.



ÍSLANDS NAUT
Stolt kjötmeistarans

# Brauðin bökuð á hellunni

***Myndlistarkonan Álfheiður Ólafsdóttir bakar hveitikökur á hellu eftir uppskrift ömmu sinnar.***

„Uppskriftin kemur að vestan en amma var frá Hnífsdal. Þar voru annars vegar bakaðar hveitikökur og hins vegar rúgkökur,“ segir Álfheiður og útskýrir að fyrir sunnan sé hveiti og rúg blandað saman í flatkökurnar.

„Það er gaman að sjá hvað þetta er misjafnt eftir landshlutum. Í uppskriftinni minni er bara hveiti en það má líka setja til dæmis þrjá bolla af heilhveiti á móti fimm bollum af hveiti, það gefur aðeins meira bragð.“

Álfheiður ólst upp við hveitikökur og rúgkökur á jólaborðinu og heldur þeim sið sjálf. Hún segir gott að smyrja kökurnar með hangikjöti eða osti og þær fari vel með öllum mat.

„Kökurnar passa vel með nýmóðins mat alveg eins og með hangikjötinu og sviðunum í gamla daga. Heima hjá mér voru svið á aðfangadagskvöld sem var ekkert endilega venjulegt. Þá voru þessar kökur hafðar með og líka steikt brauð sem er kallað soðbrauð í dag. Ég hef gaman af þessum gömlu góðu minningum og krökkunum mínum finnst þetta líka gott svo ég nota kökurnar með öndinni á jólunum.“

Álfheiður segist ekki baka mikið þess utan og annað brauð til heimilisins sé bakað í brauðvél. Hún bakar þó kökurnar við sérstök tækifæri og ætlar að bjóða gestum og gangandi upp á hveitikökur með hangikjöti á morgun en þá opnar hún myndlistarsýningu með Önnu Sigríði Sigurjónsdóttur í Saltfisksetrinu í Grindavík.

*heida@frettabladid.is*



**ÁLFHEIÐUR ÓLAFSDÓTTIR VIÐ BAKSTURINN** Bakvið hana sést málverk eftir hana á eldhússkápunum sem var upphafið að barnabókinni Grímur og sækýrnar sem Álfheiður skrifaði og myndskreytti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Hveitikökur:**
8 bollar hveiti
½ msk. salt
½ bolli sykur
1 lítri köld mjólk
5-6 tsk. lyftiduft
½ tsk. hjartasalt

**Aðferð:**
Þurrefnin fara í skál og gerð hola í miðjuna sem mjólkinni er hellt í. Þurrefnunum er svo blandað varlega saman við mjólkina en deigið getur orðið seigt ef það er hrært of mikið. Deigið er svo hnoðað lauslega og skipt í 11 parta sem eru flattir út. Gata þarf hverja köku, til dæmis með pönnukökuspaða, til að hitinn komist í gegnum kökuna. Kökurnar eru svo bakaðar á eldavélarhellu á lágum hita og hreyfðar til og snúið þangað til þær verða dröfnóttar eins og rjúpuegg. Ekki er hægt að baka þessar kökur á nýtísku keramik-hellum.

Sumarið er komið!
Weber Q gasgrill, frábært í ferðalagið



Weber Q
XEINN JG WEB Q 2x25
weber Q
**Sölustaðir:** Járn og gler · Garðheimar · Húsasmiðjan Egg · Búsáhöld Kringlunni · Útilegumaðurinn · Motor Max Everest · Seglagerðin Ægir · www.weber.is

hádegi / kvöld
GÓÐUR STAÐUR Á GÓÐUM STAÐ



ÞINGHOLTSSTRÆTI 5
101 REYKJAVÍK
+354 552 5588
DOMO@DOMO.IS
WWW.DOMO.IS
DOMO



**JARÐARBERJAPLANTAN** Launar natni með ljúffengum berjum.

# Blóðrauð ber jarðar

***Jarðarberjaplantan er af tiginni rósaætt og ber hennar eru meðal ljúffengra ávaxta móður jarðar.***

Jarðaberjablöntuna er hægt rækta á sólríkum stað í heimilisgarðinum eða við sumarhúsið. Natni er þó nauðsynleg ef góður árangur á að nást.

Til eru mörg afbrigði af jarðarberjaplöntum, meira að segja eitt íslenskt sem sums staðar vex villt. Það ber smá en afar gómsæt ber. Nokkur erlend yrki hafa reynst vel hér, til dæmis Glima og Sengasengana sem bera dökkrauð, stór og bragðgóð ber.

Jarðarberjaplantan fjölgar sér með renglum en móðurplantan má ekki mynda of margar því að það dregur úr þroska berjanna. Því þarf að klippa þær af.

Til að tryggja góða uppskeru á plantan helst ekki að blómstra á fyrsta ári heldur þarf að klípa af henni bæði blóm og renglur fyrsta sumarið. Þá verður hún kröftug og launar umhyggjuna með blóðrauðum berjum næstu ár.

*-gun*




# Spilað og sungið á Húnavöku

***Kassagítarar verða áberandi á Húnavökunni sem haldin er á Blönduósi nú um helgina.***


Margt er til skemmtunar á Húnavökunni fyrir alla aldurshópa. MYND/JÓN.SIG.

„Við ætlum að slá Íslandsmet í kassagítarspili í brekkusöng á laugardagskvöld og æfingar standa yfir í öllum hornum. Felix Bergsson er gamall Blönduósingur og hann ætlar að halda utan um þann þátt en hátíðin byrjar í kvöld í íþróttahúsinu með úrslitum í dægurlagakeppni sem efnt var til vegna 20 ára afmælis Blönduósbæjar. Þar stíga ýmsar stjörnur á svið og geisladiskur er kominn út með úrslitalögunum. Hann nefnist Vökulögin 2008.“ Þetta segir Hulda Birna Baldursdóttir sem skipulagt hefur Húnavökuna ásamt manni sínum, Einari Erni Jónssyni.

Hátíðin er haldin nú í þriðja sinn að sumri til á vegum Blönduósbæjar og þau hjón hafa haldið utan um hana frá byrjun. Á morgun verður fjölskylduskemmtun og meðal atriða er Idol-keppni barna sem nefnist Míkró-húnninn. Gunni og Felix og Mercedes Club leggja sitt af mörkum að sögn Huldu Birnu og hún nefnir líka þrenna tónleika í kirkjunni, Blönduhlaup og stuðdansleik með Sálinni hans Jóns míns.

Hinn íslenska safnadag ber upp á 13. júlí og frá kl. 14 á sunnudag verður dagskrá í Heimilisiðnaðarsafninu. Þar verður kembt og spunnið, heklað, gimbað, ofið og knipplað og gestum gefst kostur á að spreyta sig við hin margvíslegu handbrögð. Félagar úr Harmonikkuklúbbnum verða í safninu og taka í nikkuna.

Húnavaka á sér langa sögu á Blönduósi sem menningarhátíð að vori til. Hún lagðist af fyrir um 20 árum en hefur nú verið endurvakin með þessum hætti.

*- gun*

# *Tour de Hvolsvöllur*

***Hjóladagur fjölskyldunnar, Tour de Hvolsvöllur, í Rangárþingi eystra verður endurvakinn næstkomandi laugardag.***


Hjólaferðin mun efla hreyfingu og útivist. Mynd úr safni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hjólaferðin hefst klukkan tíu við Kaffi Langbrók í Fljótshlíð og verður hjólað að félagsheimilinu Hvoli. Hjólað verður eftir götunni í fylgd lögreglunnar hluta vegar. Reiknað er með að ferðin taki um klukkutíma.

„Við erum í raun og veru að endurvekja gamla hefð,“ segir Þuríður Aradóttir, markaðs- og kynningarfulltrúi Rangárþings eystra. „Það var árlega hjóladagur hérna. Svo óx það og óx og þetta var orðið heilt maraþon að lokum,“ segir Þuríður og bætir við að þá hafi farið að draga úr þátttöku hins almenna borgara.

Að sögn Þuríðar er með þessari hjólaferð verið að efla hreyfingu og útivist. „Við erum að reyna að hvetja til þess að fólk fari út að hjóla,“ segir hún og bætir við að hjálmanotkun sé skylda í ferðinni.

*- mmf*



## Muggur á Bíldudal

MÁLVERK EFTIR MUGG VERÐA TIL SÝNIS Í GAMLA BARNASKÓLANUM Á BÍLDUDAL FRÁ OG MEÐ MORGUNDEGINUM.

Listasýning með verkum eftir Mugg verður opnuð á Bíldudal laugardaginn 12. júlí. Sýnd verða málverk eftir Guðmund Þorsteinsson, þar á meðal olíumálverk, pastel- og vatnslitamyndir, teikningar og ljósmyndir. Sýningin verður haldin í gamla barnaskólanum á Bíldudal og er opin frá klukkan 11 til 17 alla daga. Henni lýkur sunnudaginn 27. júlí.

*- mþþ*















# FÖSTUDAGUR

11. JÚLÍ 2008

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS



**BRYNJAR & STEINUNN Í HÆÐINNI**

Indland hitti þau í hjartastað

**DORRIT**

Mætti á rauðum skóm til Garðars Thors Cortes

# Rebekka Kolbeins í Merzedes Club

„Ég er hnakki inn við beinið“

## HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA?



*Anna Pála Sverrisdóttir, formaður Ungra jafnaðarmanna*

„Ég ætla að skella mér í Miami-partí í kvöld hjá snillingi sem heitir Sesselja," segir Anna Pála Sverrisdóttir, formaður Ungra jafnaðarmanna. Vinkona hennar ætlar að halda stórt sumarpartí og slá tvær flugur í einu höggi, afmælispartí og kveðjupartí því hún fer til Miami í Bandaríkjunum í skiptinám í næsta mánuði.

„Svo ætla ég í útilegu Ungra jafnaðarmanna á Kleppjárnsreykjum á laugardaginn. Við eigum von á mjög góðu stuði og allir sem hafa áhuga á félagsskap ungra jafnaðarmanna eru velkomnir. Við segjum að þetta sé hátíð ástar og friðar."

# Ætlar að kvænast 08.08.08

Tískulöggan Arnar Gauti úr sjónvarpsþáttunum Innlit/útlit ætlar að kvænast unnustu sinni, Aðalbjörgu Einarsdóttur, hinn 8.8. 08 kl. 18.00. Þegar hann er spurður að því hvort þetta sé ekki aðeins of stílisերað segir hann svo ekki vera.

„Áttan er tákn eilífðarinnar og þar sem ég ætla að vera kvæntur þessari konu það sem eftir er þá fannst okkur það viðeigandi. Svo eru líka átta ár síðan við byrjuðum saman og því fannst okkur þetta eiga vel við," segir Arnar Gauti.

Hann bað Aðalbjargar fyrir tveimur og hálfu ári. „Það var mjög fallegur dagur. Við hættum snemma í vinnunni og fórum saman á skauta. Eftir það fórum við heim og borðuðum góðan mat og svo færði ég henni armband frá gullsmiðunum í OR og inni í því stóð: Viltu giftast mér?" segir hann. Vígslan fer fram í Dómkirkjunni og þegar þau fóru á fund með Hjálmari Jónssyni dómkirkjupresti fyrir tveimur árum spurði hann brúðhjónin hvort það væri einlægur ásetningur að giftast því honum fannst fyrirvarinn eiginlega of góður. Ertu búinn að ákveða í hverju þú ætlar að vera? „Nei, ég hef engar áhyggjur af því," segir hann og hlær. *- MMJ*



Arnar Gauti og Aðalbjörg með börnin sín, París og Kiljan Gauta.

## fréttir

### KALLI BJARNI SITUR VIÐ SKRIFTIR

Idolstjarnan Kalli Bjarni, sem afplánar dóm sinn á Kvíabryggju lætur sér ekki leiðast. Þegar hann er ekki að búa til mat handa samföngum sínum situr hann við skriftir. Kunnugir segja að Kalli Bjarni sé að hamra barnabók á lyklaborðið. Nú er aðalspenningurinn á bryggjunni góðu hvort bókin muni bera nafnið Kalli fær sér kók eða Kalli í klandri?



FÖSTUDAGUR

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar
**Ritstjóri** Marta María Jónasdóttir
*martamaria@365.is*
Alma Guðmundsdóttir
*alma@365.is*
Þórunn Elísabet Bogadóttir
thorunn@365.is
**Forsíðumynd** Arnþór Birkisson
**Útlitshönnun**
Arnór Bogason og
Kristín Agnarsdóttir
**Auglýsingar** Sigríður Dagný
Sigurbjörnsdóttir
*sigridurdagny@365.is sími 512 5462*
**Föstudagur** Skaftahlíð 24
105 Reykjavík, sími 512 5000



Dorrit Moussaieff var glæsileg að vanda þar sem hún mætti í rauðum skóm og dökkbláum kjól í teitið, en hún kynnti Garðar fyrir gestum Forbes House.



Garðar Cortes ásamt umboðsmanni sínum Einari Bárðarsyni og Carl Machin, en Carl hefur séð um Garðar á ferðalögum hans víðsvegar um Bretland.

*Dorrit mætti í rauðum skóm í útgáfuboð Garðars Cortes:*

# Garðar í stjörnufansi

Partíið var haldið í Forbes House í London og var rosalega flott, enda haldið af hátískuhúsinu Ermenegildo Zegna til heiðurs Garðari," segir Einar Bárðarson umboðsmaður Garðars um teiti sem haldið var í tilefni af útgáfu plötunnar When you say you love me og samningi Garðars við tískuhúsið.

„Garðar var valinn sendiherra Zegna sem er eitt stærsta og flottasta herratískuhús í heimi," útskýrir Einar sem var að vonum ánægður með teitið, enda mættu margir góðir gestir úr fjölmiðla- og tónlistarheiminm. Þar á meðal var útvarpsmaðurinn David Jensen ásamt konu sinni Guðrúnu Jensen, en David er einn þekktasti útvarpsmaður Bretlands. Auk þess mætti Harvey Goldsmith sem sá meðal annars um Live Aid tónleikana með Bob Geldof, en það var engin önnur en Dorrit Moussaieff forsetafrú sem kynnti Garðar fyrir gestum kvöldsins. *alma@365.is*




### GLÆSIHÚS ÞORGRÍMS ÞRÁINSSONAR KOMIÐ Á SÖLU

# Langar í sumarbústað

„Við erum búin að búa hér í fimmtán ár og okkur langar bara að breyta aðeins til," segir Þorgrímur Þráinsson, en hann og konan hans, Ragnhildur Eiríksdóttir, hafa sett hús sitt við Tunguveg í Reykjavík á sölu. Húsið er rúmir 210 fermetrar að stærð, en þar af er 60 fermetra íbúð í kjallaranum, sem Þorgrímur og Ragnhildur eru nýbúin að gera upp.

„Okkur langar jafnvel að minnka aðeins við okkur og eignast sumarbústað. Það er engin ástæða til þess að eiga of mikið þegar aldurinn færist yfir," segir Þorgrímur og hlær. „Maður verður aðeins að þora að fara út úr þægindahringnum og breyta aðeins til. Mér finnst það bara skemmtilegt."

Nú þegar hafa þau fengið tilboð í húsið, og eiga von á öðru. „Enda er þetta flott hús og á góðum stað," segir Þorgrímur. Hann segir þau hjónin þó ekki vera búin að finna sér annað húsnæði. „Við ákváðum að leita ekkert fyrr en við værum búin að selja til þess að vera ekki að lenda í vandræðum eins og margir, að kaupa og treysta á einhverja sölu. Þessir tímar eru ekki beint gæfulegir í þeim efnum." *- þeb*





Tunguvegur 12 er falt fyrir 59.9 milljónir.

# Útsala 20-30% afsláttur

Afar vönduð sænsk KWA garðhúsgögn úr gagnvörðum við



REYNSLA Á ÍSLANDI
25 ára
REYNSLA Á ÍSLANDI

**Garðhúsgögn sem endast**



Margir litir og gerðir af púðum

Garðróla

Púðageymsla

Stillanlegt bak

Stækkanleg borð

Hringborð

Garðbekkur

Legubekkur



Ein endingarbestu garðhúsgögn sem völ er á

## Vandaðir leður lúxus-hvíldar sófar



20% afsláttur

**Stillanlegt bak og skemill**
**Frábærir sjónvarps-sófar og stólar**

2 sæti m/borði og rafstýrðu sæti
Verð kr. 204.000.-
Verð nú aðeins kr. **163.000.-**

2 sæti m/borði
Verð kr. 175.000.-
Verð nú aðeins kr. **140.000.-**

3 sæti m/2 borðum og rafstýrðu sæti
Verð kr. 302.000.-
Verð nú aðeins kr. **242.000.-**

3 sæti m/2 borðum
Verð kr. 273.000.-
Verð nú aðeins kr. **218.400.-**

4 sæti m/2 borðum
Verð kr. 336.000.-
Verð nú aðeins kr. **268.800.-**



Einnig stakir stólar með leðri, stillanlegu baki og skemmli
Verð kr. 86.000.-
Verð nú aðeins kr. **69.000.-**

**Val húsgögn**
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581 2275 ■ 568 5375

www.valhusgogn.is

Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar - Þetta verður þú að prófa!

**Opið** virka daga kl.10-18 / **Laugard. kl.11-16**




Systurnar Rebekka og Katrín Alda ætla að selja föt og skart úr kjallaraíbúðinni á Ægisíðu 101. Opið verður á fimmtudögum frá þrjú til níu, en opnunarpartí verður haldið í dag. FÖSTUDAGUR/STEFÁN

# Opna búð heima

Systurnar Katrín Alda og Rebekka Rafnsdætur munu í dag opna verslun í kjallaraíbúð á Ægisíðu 101. „Þetta eru föt sem ég er búin að vera að safna. Ég er búin að búa úti síðustu fjögur árin og er búin að sanka að mér alls konar fínu dóti á þeim tíma," segir Katrín Alda. Hún hefur ferðast mikið á síðustu árum og keypt þau föt sem hafa heillað hana, jafnvel þótt þau hafi ekki passað á hana sjálfa. Fötin eru öll second-hand, en í búðinni verða einnig fjaðrakragar, sem Katrín hannar, og skartgripir. Katrín er útskrifuð úr London College of Fashion en þar lærði hún svokallað fashion management. Báðar hafa svo systurnar verið mikið í kringum tískubransann og meðal annars unnið í Spúútnik.

„Íbúðin niðri í kjallara var tóm svo við ákváðum bara að gera þetta," segir Katrín. Hún segir að vinnan við búðina hafi verið skemmtileg hjá þeim systrum. Þær hafa líka verið duglegar við að finna sniðugar lausnir á uppstillingum í búðinni. Til dæmis tóku þær ísskápinn í íbúðinni úr sambandi og nú hýsir hann skartgripina sem verða til sölu. Þær systur ætla þó ekki að hella sér alveg út í búðarreksturinn eða hætta sínu daglega amstri, því búðin verður aðeins opin einn dag í viku.

„Það er opnunarpartí á föstudaginn frá tvö til tvö og það eru allir velkomnir, en svo verður bara opið á fimmtudögum frá þrjú til níu."

*- þeb*



Á toppnum ásamt Magnúsi Viðari Sigurðssyni, framkvæmdastjóra framleiðslusviðs hjá Sagafilm, og Önnu Hjartardóttur. Með þeim á myndinni eru leiðsögumennirnir Jean Marc Boucansaud og Eric Decamp. Í ágúst stefnir hún á að hlaupa hálft maraþon en segir að það verði ekki hundrað í hættunni þótt hún taki bara tíu kílómetra.

*Hulda Pjetursdóttir fór á topp Mont Blanc 200 árum eftir að fyrsta konan fór á toppinn*

# Fór þetta á seiglunni

Hulda Pjetursdóttir, verðbréfamiðlari hjá Kaupþingi, hefur verið með töluverða göngudellu síðan hún labbaði á Hvannadalshnjúk fyrir þremur árum. Í fyrra reyndi hún við Mont Blanc en varð frá að víkja vegna veðurs. Hinn 1. júlí síðastliðinn komst hún á toppinn ásamt vinum sínum, Önnu Hjartardóttur og Magnúsi Viðari Sigurðssyni. Hulda og félagar hennar voru með tvo mjög reynda franska fjallaleiðsögumenn sem höfðu verið með í för árið áður. Spurð að því hvernig hún hafi undirbúið sig fyrir gönguna segist hún aðallega hafa hlaupið og farið í ræktina. „Þetta tók samt vel á og var hressandi. Veðrið var gott og við fengum sól á toppnum og frábært útsýni. Við fórum svokallaða La Traversée-leið, eða þriggja tinda-leiðina, sem er mjög falleg og liggur yfir tvö fjöll, Mt Blanc du Tacul og Mt Maudit áður en komið er að sjálfu Mt Blanc. Ferðin hófst um kl. 2 eftir miðnætti og var gengið fyrsta hlutann í niðamyrkri með ennisljós. Ég verð samt að játa það að ég fór þetta svolítið á seiglunni, sérstaklega bakaleiðina," segir hún en ferðin tók 13 tíma og var lítið um hvíld nema rétt á toppnum. „Við vorum öll heppin með heilsuna og fór þunna loftið vel í okkur þrátt fyrir tiltölulega stutta aðlögun. Það var skemmilegt og óvænt við þessa ferð að sama dag og við komumst á toppinn voru 26 konur frá 25 Evrópusambandsríkjum að ganga á Mt Blanc til að fagna því að 200 ár voru liðin frá því að fyrsta konan, Marie Paradis, komst á topp Mt Blanc og var heilmikið gert úr því í fjölmiðlum. Marie fór á toppinn á sínum tíma í korselett og síðu pilsi eins og þá var venja að konur klæddust. Ég get ekki ímyndað mér hvernig það hefur verið." Þegar Hulda er spurð hvað sé mesta „kikkið" við að komast á fjallstind nefnir hún það að komast út úr þægindahringnum sínum. „Það er góð tilfinning að fara lengra en maður þorir og heldur að maður geti, annars er hætta á stöðnun. Svo er fjallamennska eitthvað sem maður verður háður, vill fara hærra og lengra, þetta er dálítið sérstök árátta. Það er svo mikið frelsi sem fylgir því að ganga á fjöll og svo er það frábær afslöppun í leiðinni. Svo er góður félagsskapur ómissandi hluti af góðum ferðum," segir Hulda sem er strax farin að leggja grunn að næstu ferð. „Ætli næsta utanlandsferð verði ekki Afríka eða Suður-Ameríka og svo er búið að plana nokkrar ferðir innanlands í sumar, þ. á m. á Mýrdalsjökul."

*martamaria@365.is*

## LABBAÐU Á FJÖLL

Til að koma blóðinu til að renna og búknum til að svitna er málið að labba á fjall. Sniðugt er að byrja á Esjunni en þar sem stöðugur straumur af fólki gengur þangað á hverjum degi er auðvelt að elta bara hina. Fáðu vin þinn eða vinkonu til að labba með þér og hafðu vatnsbrúsa við höndina, plástur og smá nesti meðferðis. Þetta getur ekki klikkað.






Sundsumar!
Nánari upplýsingar um afgreiðslutíma lauganna á www.itr.is
Laugarnar í Reykjavík
ÍTR
www.itr.is I sími 411 5000

# fatastíllinn

*Margrét Rós Sigurjónsdóttir háskólanemi*

1. Í kjól úr H&M, skóm frá Dr. Martins með kraga, grifflur, vesti og blóm frá Spaksmannsspjörum. 2. Í samfestingi frá Spaksmannsspjörum. 3. Taska frá Sonia Rykel sem Margrét Rós keypti í París. 4. Belti og hálsfestar frá Spaksmannsspjörum. 5. Trefill með kristöllum frá Spaksmannsspjörum. 6. Vesti og buxur úr Spaksmannsspjörum. Skór úr Zöru. 7. Það er nauðsynlegt fyrir allar prinsessur að eiga svefngrímur. Þessi er úr smiðju Spaksmannsspjara. 8. Skór frá Sport Max úr Max Mara-versluninni. **9.** Þessi jakki er úr Spaksmannsspjörum. 10. Bolur frá Spaksmannsspjörum. 11. Ullarvesti úr Spaksmannsspjörum.

## Nóg sjálfsöryggi gerir öll föt að skvísufötum

Margrét Rós hefur kvenlegan og elegant fatastíl hvort sem hún er í skvísufötum eða í flíspeysu. Hún á ekki langt að sækja það því móðir hennar er Björg Ingadóttir, fatahönnuður í Spaksmannsspjörum.

**Fyrir hverju fellur þú alltaf?** „Fötunum í Spaksmannsspjörum sem ég hef notað síðan ég var 11 ára. Ég er enn þá að blanda elstu flíkunum saman við það nýjasta.“

**Af hverju áttu mest í fataskápnum?** „90% af fötunum mínum eru úr Spaksmannsspjörum og eru fylgihlutir nokkuð áberandi, enda getur góður fylgihlutur gert kraftaverk.“

**Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði?** „No comment!“

**Hefur þú alltaf haft gaman af fötum?** „Já, mamma leyfði mér að ráða hvernig ég setti fötin mín saman þegar ég var krakki og var ég oft mjög skrautleg. Ég kláraði þetta tímabil um 10 ára aldurinn og hef upp frá því verið frekar smart til fara.“

**Áttu einhverja tískufyrirmynd?** „Maður lítur auðvitað upp til flottra kvenna eins og Madonnu og mömmu. Konur sem kunna að endurnýja stílinn sinn en samt er alltaf einhver rauður þráður í gegnum allt sem gerir þær að þeim sem þær eru – svalar og þær sjálfar.“

**Uppáhaldsefnið?** „Öll ekta efni hvort sem þau eru ný eða slitin.“

**Uppáhaldsverslunin?** „Spaksmannsspjarir.“

**Uppáhaldshönnuðurinn?** „Björg og Vala í Spaksmannsspjörum, Stella McCartney og Balenciaga.“

**Hvernig er uppáhaldslitapallettan þín?** „Þegar ég ætla að vera töff og sexí klæðist ég svörtu með rauðum varalit. Þegar ég ætla að vera klár og elegant fer ég í náttúruliti og þegar ég er sjúskuð og þreytt heima fer ég í skæra liti svo ég týnist ekki.“

**Þegar þú horfir til baka, hvaða tískutímabil myndir þú ekki vilja ganga í gegnum aftur?** „Aldrei aftur tark-buxur!“

**Hvernig er heimadressið þitt?** „Joe Boxer-náttbuxur og skærlitir hlýrabolir sem hressa mig við þegar ég er ómáluð.“

**Hvað dreymir þig um að eignast núna?** „Mig vantar flott útivistarföt.“

**Hvaða flík gerir öll föt að skvísufötum?** „Engin sérstök flík heldur nóg af sjálfsöryggi.“

*martamaria@365.is*

FÖSTUDAGUR/VALLI























# Ég mæli hiklaust með IQ-CARE



**Eftir að ég fékk mér IQ-CARE hef ég ekki fundið til í bakinu!**

*Sölvi Fannar Viðarsson*
*Framkvæmdastjóri Heilsuráðgjafar*

# SUMARTILBOÐ





## Stillanleg rúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu

| Multimemo | Verð áður | Tilboð |
|---|---|---|
| 120x200 | 269.900 | **179.900** |
| 160x200 | 389.900 | **239.900** |
| 180x200 | 409.900 | **249.900** |
| **Swissflex 145** | **Verð áður** | **Tilboð** |
| 160x200 | 299.900 | **169.900** |
| 180x200 | 309.900 | **179.900** |

Takmarkað magn

## COE leðurrúmstæði

fyrir dýnu-stærð 160x200
Tilboð **76.930** Verð áður 109.900

**40-50%** afsláttur af völdum svefnherbergishúsgögnum

## Chiropractic Luxury á tilboði

Queen 153x203 með botni og fótum
Tilboð **181.300**
Verð áður 289.000






AKUREYRI

Svefn & heilsa




REYKJAVÍK

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 14:00**

www.svefn.is

*Rebekka Kolbeinsdóttir skaust fram á sjónarsviðið á síðasta ári þegar hún tók þátt í forkeppni Evróvisjón með hljómsveitinni Merzedes Club. Margir bjuggust við að lagið „Ho, ho, ho, we say hey, hey, hey“ yrði framlag okkar Íslendinga í Evróvisjón í ár en svo varð ekki. Rebekka segist vera fullkomlega sátt við lyktir mála og nýtur velgengni hljómsveitarinnar til hins ítrasta. Alma Guðmundsdóttir hitti Rebekku og fékk að skyggnast inn í líf skvísunnar í silfurgallanum.*

# Fer í ræktina til að fita sig

Á meðan alþjóð hefur séð Rebekku Kolbeinsdóttur á sviði með Merzedes Club hefur lítið sem ekkert verið fjallað um söngkonuna sjálfa í fjölmiðlum. Á bakvið sterka ímynd bandsins býr viðkunnanleg stelpa sem veit hvað hún vill.

„Ég var rosalega iðin sem barn, var alltaf í söng, annaðhvort í kórum eða einsöng, æfði ballett, fimleika og var lengi vel í hestamennsku. Eftir að hafa dottið af baki nokkrum sinnum fékk ég hins vegar nóg og er of hrædd til að fara á bak í dag.“ segir Rebekka sem ólst upp í Hafnarfirðinum fram að tólf ára aldri, en þá ákváðu móðir hennar og stjúpfaðir að flytjast á Hvolsvöll. „Ég man að ég var alls ekki sátt við þessa ákvörðun þeirra, en við fluttum að Miðtúni, sem er heimabær mömmu á Hvolsvelli. En áður en ég vissi af var ég byrjuð að kynnast krökkunum og eignast vini. Ég fór svo í skólakórinn um tíma og byrjaði að æfa einsöng,“ segir Rebekka sem fékk snemma sína fyrstu reynslu á sviði.

„Ég fékk hlutverk Ídu í Emil í Kattholti sem Leikfélag Rangeyinga setti upp þegar ég var þrettán ára. Þá hafði ég fengið smá reynslu af því að leika því ég lék hlutverk Mjallhvítar í fjórða bekk í barnaskóla. Það var gaman að fá bæði að syngja og leika og það spillti ekki fyrir að besti vinur minn var í hlutverki Emils,“ segir Rebekka sem smitaðist snemma af leiklistarbakteríunni. „Mig langaði alltaf að verða leikkona eða söngkona og þá helst að leika í bíómyndum. Þegar ég var átta ára gömul fékk ég gefins gamla vídeóupptökuvél og lék mér þá tímunum saman að því að búa til bíómyndir með vinkonum mínum, leikstýra og gera handrit. Mig langar enn þá til að spreyta mig í leiklistinni og gæti vel hugsað mér að gera það í framtíðinni,“ segir Rebekka.

### Flutt að heiman sextán ára

Þegar Rebekka var sextán ára langaði hana að fara í menntaskóla í bænum svo hún flutti frá Hvolsvelli ein síns liðs.

„Mig langaði að fara í Menntaskólann við Sund svo ég ákvað að flytja og fór að leigja íbúð rétt hjá, í bílskúr sem búið var að innrétta. Ég fór á málabraut og kunni vel við mig í skólanum en bóknámið átti engan veginn við mig. Ég verð að fást við eitthvað skapandi og get ekki bara setið og lesið bækur, svo ég hætti eftir tveggja ára nám,“ segir Rebekka og sér ekki eftir því að hafa sagt skilið við skólann. „Ég fór að vinna á leikskóla og kom víða við í mismunandi störfum á meðan ég var að velta fyrir mér hvað mig langaði til að gera. Ég leiddi hugann að því að fara í Iðnskólann og feta jafnvel í fótspor mömmu og læra grafíska hönnun. Á þessum tíma bjó Ívar Örn bróðir minn með mér og við byrjuðum að fikta okkur áfram í tónlistinni þegar ég kom heim á kvöldin. Þá fékk hann mig stundum til að syngja yfir eitthvað sem hann var búinn að semja, en þetta var áður en hann byrjaði í Dr. Mister and Mr. Handsome,“ útskýrir Rebekka og segir söngáhugann hafa kviknað fyrir alvöru um þetta leyti. „Ég fann að þetta var það sem mig langaði til að gera og fór að átta mig á að ég vildi leggja sönginn fyrir mig.“



Rebekku þekkja margir sem stelpuna í spandexgallanum. Hún segist kunna vel við sig á sviðinu og hlakkar til sumarsins með Merzedes Club. MYND/AUÐUNN.

### Óvænt kynni

Rebekka er í sambúð með Magnúsi Haraldssyni tónlistarmanni en þau kynntust óvænt fyrir rúmlega tveimur árum og hafa verið saman síðan.

„Það er frekar fyndið hvernig við kynntumst, því ég var bara að labba heim á föstudagskvöldi þegar hann gekk á móti mér og við fórum að spjalla saman. Í kjölfarið bauð hann mér upp á drykk og innan tveggja mánaða vorum við byrjuð að búa saman,“ segir Rebekka og brosir.

**Í HNOTSKURN**

*Besti tími dagsins:* Kvöldin
*Stjörnumerki:* Steingeit
*Uppáhaldsmatur:* Pizzan hennar mömmu
*Uppáhaldsdrykkur:* Eðal toppur
*Mesta freistingin:* Fatakaup
*Skemmtilegast:* Syngja og vera á sviði
*Leiðinlegast:* Að gera ekki neitt
*Diskurinn í spilaranum:* Smáskífan Í frelsarans nafni með Sigga Lauf
*Draumafrí:* Á einhverjum sólríkum stað með Magga kærastanum mínum
*Hverju myndirðu sleppa ef þú ættir að spara:* Keyra minna og minnka fatakaup

Spurð um þátttöku í forkeppni Evróvisjón segir hún tilkomu hennar hafa komið mjög óvænt á daginn.

„Ég ætlaði sko aldrei að fara í Evróvisjón. Ég hafði verið að syngja bakraddir fyrir The End, bandið hans Magga kærasta míns, og var eiginlega nýkomin inn í hljómsveitina þegar Valli Sport hringdi í mig. Hann spurði hvort ég vildi syngja lag eftir Barða Jóhannsson í forkeppni Evróvisjón, en honum hafði þá verið bent á mig og heyrt mig syngja með The End,“ útskýrir Rebekka.

„Evróvisjónkeppnin heillaði mig ekki sem slík en mér hefur alltaf fundist Barði töff og fíla tónlistina hans svo ég fór og hitti hann og Valla til að heyra lagið. Mér fannst það strax mjög flott og stemningin í því átti vel við mig, svo eftir að hafa farið í prufu var ákveðið að ég yrði með. Þá voru bara þrír dagar í keppnina sjálfa, svo ég hitti strákana strax og við byrjuðum að æfa eins og brjálæðingar, enda lítill tími til stefnu. Þá átti líka eftir að redda öllu sem

SJORTARINN
JAMES PATTERSON

„Hasar? Ójá. Spenna? Í bílförmum. Erótík? Já, ekki bara á kápumyndinni.“
Bookreporter.com
JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is
ÁST, LOSTI OG SVIK
VINSÆLASTI SPENNUSAGNAHÖFUNDUR Í HEIMI

sneri að sviðsframkomunni svo þetta var frekar mikið stress,“ segir Rebekka og minnist þess að hafa fengið hálfgert veruleikasjokk áður en hún steig fyrst á svið með hljómsveitinni.

„Þegar ég var baksviðs, rétt áður en ég fór á svið í Laugardagslögunum í fyrsta skipti hugsaði ég bara hvað ég væri komin út í. Ég sem hafði bara verið að syngja á Grandrokk stuttu áður var allt í einu að fara að koma fram fyrir alþjóð í sjónvarpinu,“ segir Rebekka og hlær við, en er sannfærð um að stífar æfingar og mikil þjálfun hafi skilað sér á sviðinu.

### Ánægð með annað sætið

Annað sætið í undankeppni Evróvisjón virðist hafa komið sér vel fyrir Merzedes Club því eftir keppnina hefur hljómsveitin haft nóg að gera. Þau hafa leikið í auglýsingum fyrir Símann og komið fram á ótal skemmtunum víðs vegar um landið. Fyrsta plata bandsins, I wanna touch you, kemur út í dag og fram undan er ferð til Portúgal þar sem hljómsveitin mun troða upp ásamt nýrri bakraddasöngkonu á Club Kiss í lok mánaðarins. En var alltaf ákveðið að hljómsveitin myndi halda áfram eftir þátttökuna í forkeppninni?

„Þetta átti náttúrlega bara að vera eitt lag í upphafi. Það varð miklu vinsælla en við höfðum ímyndað okkur og fyrir úrslitakvöldið var búið að bjóða okkur plötusamning hjá Senu. Stuttu eftir keppnina var því farið að ræða framhaldið,“ útskýrir Rebekka og segir hópinn ná mjög vel saman.

„Egill, Hans og Gassi koma úr sama vinahópnum en við Hlynur komum svolítið úr öðrum áttum. Þetta eru alveg frábærir strákar og við hittumst náttúrulega oft í kringum æfingar og heyrumst í síma varðandi það sem við erum að gera,“ segir Rebekka sem sækir reglulega tíma í raddþjálfun hjá Hildi Guðnýju Þórhallsdóttur, kennara hjá FÍH, auk þess að æfa með hljómsveitinni.

Aðspurð hvort hún stundi líkamsrækt af krafti með hljómsveitarmeðlimum sínum, segir Rebekka svo ekki vera. „Ég má varla hnerra án þess að missa tvö kíló og ef ég verð lasin og missi matarlystina í smá tíma hrynja kílóin af mér. Mér finnst það alveg óþolandi og fer í ræktina til að bæta á mig og stækka vöðvana. Fita virðist bara ekki setjast utan á mig og fáir átta sig kannski á því að það er alveg jafnleiðinlegt og að eiga erfitt með að grenna sig. Ég hef alltof oft fengið að heyra „óskaplega ertu horuð“ en ég passa mig að sleppa ekki úr máltíð og drekka prótínsjeik til að verða ekki of grönn,“ segir Rebekka.

### Framtíðin óráðin

Með nýútkomna plötu og utanlandsferð í spilunum leikur forvitni á að vita hver framtíðaráform Merzedes Club eru, en Rebekka vill lítið sem ekkert gefa upp um framhaldið. „Valli Sport og Barði sjá algjörlega um þetta, en það er aldrei að vita hvort við förum eitthvað meira út fyrir landssteinana. Það eru ýmsar hugmyndir í loftinu en hvað verður kemur bara í ljós,“ segir Rebekka spposk á svip.

„Þetta hefur allt gerst svo hratt að ég hef varla náð að átta mig, en ég er samt búin að njóta hverrar mínútu til hins ítrasta. Draumurinn er náttúrlega að lifa á tónlistinni,“ segir Rebekka að lokum.

## borgin mín ÓSLÓ

KJARTAN HENRY FINNBOGASON knattspyrnumaður



**MORGUNMATURINN:**
Ég fæ mér alltaf kanilbollur á Statoil-bensínstöðvunum. Þær eru alltaf heitar og fínar og mjög góðar með kókómjólk. Statoil er líka stærsta bensínstöðvakeðjan hérna svo það er alltaf auðvelt að nálgast bollurnar.

**SKYNDIBITINN:**
Það er virkilega góður hamborgarastaður hér sem er svolítið eins og Hamborgarabúllan á Íslandi. Ég man nú ekki alveg hvað hann heitir, en hann er á götu sem heitir Bogstadveien og er svolítið eins og Skólavörðustígurinn. Gatan liggur niður að Karl Jóhann-götunni, sem er nokkurs konar Laugavegur. Á Bogstadveien eru langflottustu búðirnar og kaffihúsin svo búllan er á góðum stað.

**RÓMÓ ÚT AÐ BORÐA:**
Það er staður sem við fórum á í fyrsta skipti nýlega sem var bara nokkuð rómó. Hann heitir Liborus, og var alveg rosalega góður. Þriggja rétta máltíð með góðri steik virkaði vel. Þarna er samt ekkert sérstakt matarþema og hægt að fá alls konar mat.

**LÍKAMSRÆKTIN:**
Ósló er ekkert svo ósvipuð Kaupmannahöfn, það eru hjólaleigur hér og þar og mjög gott að hjóla um. Maður kynnist líka borgum á annan hátt þegar maður hjólar um þær. Annars er ég ekkert mikið í líkamsrækt fyrir utan æfingar.

**UPPÁHALDSVERSLUNIN:**
Það eru tvær búðir sem berjast um það, og þær eru báðar á Bogstadveien. Sú fyrri heitir Volt, hún er reyndar líka á Karl Jóhann-götunni, og svo er rosalega flott Tiger of Sweden-búð neðst á Bogstadveien.

**BEST GEYMDA LEYNDARMÁLIÐ:**
Ég myndi segja Frognerparken. Það er svona eins og Hljómskálagarðurinn sinnum fimmtán. Þar erum við búin að vera mikið í góða veðrinu, kaupum einnota grill og pulsur og svona og liggjum á teppum í steikjandi hita. Þar er fullt af fólki og við erum búin að eyða mjög miklum tíma þar.

**BEST VIÐ BORGINA:**
Mér líður alltaf rosalega vel í þessari borg og finnst hún mjög notaleg. Fyrir mig er það besta að hafa fullt af Íslendingum og góðum vinum í borginni. Það skiptir öllu máli.



# tíska

*ferskleiki dagsins í dag*

## STÓR SÓLGLERAUGU

Þú kemst ekki í gegnum sumarið nema eiga stór og flott sólgleraugu. Þessi eru frá Gucci og eru sérstaklega fögur. Gylltar spangir og flott gler setja punktinn yfir i-ið. Ef þú vilt líta út eins og Hollywood-stjarna þá eru þessi málið.



# Vertu glysgjörn í sumar

Partítískan í dag einkennist dálítið af því að vera ekki of fínn til fara. Það getur orðið svolítið kerlingarlegt að vera í fínum buxum og fínum toppi við. Tala nú ekki um þegar svörtu sparibuxurnar eru að verða áratugagamlar. Galdurinn er að nota hversdagsfötin sín og poppa þau upp þannig að þau verði partíhæf. Ef þú ert í gallabuxum í vinnunni er lítið mál að skella sér í skvísulegri skó og flottan topp til að vera klár í slaginn. Gallabuxnatískan er dásamleg að því leytinu til að konur eru sjaldnast „overkill" í klæðaburði þegar þær klæðast þeim.

Í sumartískunni eru síðir kjólar mjög áberandi. Þegar konur eru komnar í síðan kjól og setja sjal yfir axlirnar þá eru þær orðnar svolítið of fínar. Það er um að gera að gleyma sjalinu heima og fara þess í stað í grófan stuttan jakka yfir, vesti eða aðsniðna peysu. Ef kjóllinn er víður skiptir miklu máli að vera í flík yfir sem formar vöxtinn svo við lítum ekki út fyrir að vera á leið upp á fæðingardeild. Til að setja punktinn yfir i-ið eru síðar hálsfestar málið!

*martamaria@365.is*










FÖSTUDAGUR/AUÐUNN/GETTY

1.Bobbi Brown varalitur er nauðsynlegur í sumarpartí 2. Alessandra Facchinetti var flott þegar hún mætti í opnun Tom Ford-verslunarinnar í Mílanó. Takið eftir toppnum, þeir gerast varla partílegri. 3. Þegar þú ert komin í síðan kjól er nauðsynlegt að vera í jakka eða vesti yfir sem formar líkamann. Þessi kjóll er úr Karen Millen. 4. Rokkaralegar gallabuxur frá Miss Sixty í Kringlunni. 5. Sarah Jessica Parker, stundum er nóg að setja bara skart yfir hlýrabolinn til að vera klár í slaginn. 6. Stórt og veglegt belti er flott yfir víðar flíkur. Það fæst í Karen Millen. 7. Partískór úr Karen Millen. 8. Dásamlega fallegur toppur úr Karen Millen. Hann smellpassar við gallabuxurnar. 9. Þessi Pradakjóll er yndislega partílegur.

G-STAR RAW

REYKJAVIK STORE
LAUGAVEGUR 86-94, S: 511-2007

Útsala,
30% afsláttur
af útsöluvörum.



opið
föstudag 11 - 18.30
laugardag 11 - 17

G-STAR RAW DENIM · RAW DEFENDER · RAW DENIM 3301 · marc newson · g-star.com

© 2007 G-Star International B.V. All rights reserved. All trademarks used herein are the property of the G-Star group of companies.



- ÚTSALA - ÚTSALA - ÚTSALA - ÚTSALA - Ú
30-50%
afsláttur
munthe plus simonsen
COPENHAGEN
Vatnsstíg 3 I 101 Reykjavík I 552 0990
www.muntheplussimonsen.com

# útlit

*smáatriðin skipta öllu máli*

## SANDRA BULLOCK ER HRIFIN AF PRADA

Það skiptir miklu máli að passa upp á dýra fylgihluti. Hér er leikkonan Sandra Bullock með forláta Pradatösku. Þegar hún hrasaði gætti hún þess vel að taskan myndi ekki laskast í fallinu. Þetta kallar maður að hafa forgangsröðina á hreinu!





## Bleik-glossaðar varir

Sumarið er tíminn til að glossa varirnar á meðan sólarinnar er notið. Það dásamlega við gloss er að það er aldrei hægt að nota of mikið af því. Gloss með glimmerögnum á upp á pallborðið þetta sumarið. Það er kannski smá þversögn í tískunni því annaðhvort eiga varirnar að vera háglansandi eða mattar.





*Brynjar og Steinunn úr Hæðinni standa fyrir indverskum dögum á Café Oliver*

# Indland hitti þau í hjartastað

Margir þekkja Brynjar Ingólfsson og Steinunni Garðarsdóttur úr sjónvarpsþáttunum Hæðinni sem sýndir voru á Stöð 2 á vormánuðum. Þar sýndu þau frumlega og skemmtilega takta í hönnun og viðurkenna að þau séu grútspæld yfir því að hafa ekki unnið. „Við vorum ótrúlega sár að vinna ekki,“ segja þau bæði í kór. „Við gerðum okkur góðar vonir um að vinna og við fengum að vita það eftir á að dómnefndin hefði valið okkur ef þau hefðu fengið að ráða,“ segir Brynjar og bætir því við að þau hafi tapað í vinsældakosningunni en unnið hönnunarhlutann og því séu þau sátt. Þau sjá þó alls ekki eftir að hafa tekið þátt því hugmyndaflugið hafi þroskast á Hæðinni og þátttakan hafi opnað fyrir þau margar dyr.



Stuttu eftir að þáttunum lauk fóru þau til Indlands þar sem Steinunn hefur verið með annan fótinn síðastliðin ár. Hún er lærður nuddari. Indland kallaði á hana og þar lagði hún stund á jóga, lærði Bollywood-dansa og fékk hugmynd að því að stofna fyrirtæki sem myndi selja fatnað og fylgihluti. Í fyrra lét hún drauminn rætast ásamt systur sinni, Unni Lindu, og stofnaði fyrirtækið Kátínu. Fyrr á árinu kom Brynjar inn í fyrirtækið með henni og fóru þau saman til Indlands til að láta framleiða fatnað og fylgihluti. Þau segja ferðina hafa verið ævintýri líkast en þau dvöldu á Indlandi í mánuð og eru nýkomin heim.

Það vantar ekki framkvæmdagleðina því þau standa fyrir indverskum dögum á Café Oliver sem hófust í gærkvöldi. „Staðurinn er allur skreyttur í indverskum stíl og boðið er upp á indverskan matseðil. Við verðum með tískusýningu ásamt Gyllta kettinum kl. 20 öll kvöldin og svo verður boðið upp á alvöru Bollywood-dansa,“ segir Steinunn sem ku vera ansi flink í þeim. „Bollywood-dansar snúast um að dansa eins og hálviti,“ segir Brynjar og hlær. „Ég hef farið á dansnámskeið í Bollywood-dönsum á Indlandi og það var alveg frábært. Maður lá alveg í hláturskrampa, þetta er mjög kjánalegt en svo mikilstemning,“ segir Steinunn.

Á meðan þau dvöldu á Indlandi var indverska útgáfan af „So you think you can dance“ í fullum gangi í sjónvarpinu. „Það kom mér svo á óvart að allir þeir sem mér fannst dansa verst fengu bestu einkunnirnar hjá dómurunum. Það var til dæmis einn gaur sem fór alltaf í hálft handahlaup og var ótrúlega klunnalegur, hann var vinsælastur hjá þeim,“ segir Brynjar og bætir við að allir verði að syngja með í Bollywood. „Svo er aðaltrikkið að hreyfa hausinn og láta eins og fífl,“ segir Steinunn og hlær.



Brynjar og Steinunn standa fyrir indverskum dögum á Café Óliver. Þar sýna þau hátt í tuttugu útfærslur af kjólnum sem Steinunn klæðist. MYND /AUÐUNN



Steinunn á saumastofu í Indlandi.

Hluthöfum gefst þó kostur á að vera áfram hluthafar í óskráðu félagi 365. Kauptilboðið er sett fram í því skyni að koma til móts við hluthafa félagsins og er það hverjum og einum hluthafa í sjálfsvald sett hvort hann samþykkir kauptilboðið. Ef hluthafi hefur ekki hug á að taka þátt í kauptilboðinu, þarf viðkomandi hluthafi ekki að aðhafast neitt, þar sem allir þeir sem taka ekki þátt í tilboðinu halda ósjálfrátt áfram sem hluthafar í óskráðu félagi 365.

Tilboðið er lagt fram á grundvelli nánari skilmála sem koma fram í bréfi sem sent hefur verið til allra hluthafa á skráð lögheimili þeirra. Í bréfinu eru einnig leiðbeiningar um tilboðið ásamt notandanafni og lykilorði, sem hluthafi verður að nota til að taka þátt í tilboðinu. Hluthafar sem hyggjast taka þátt í tilboðinu skulu lesa bréf sitt vandlega og fylgja þeim leiðbeiningum sem þar eru gefnar. Ef bréfið hefur ekki borist hluthafa þann 7. júlí 2008 skal hann hafa samband við 365 í síma 512 5000, þar sem einnig eru veittar allar aðrar upplýsingar um tilboðið.

Stjórn 365 hf.

365 – Skaftahlíð 24 – 105 Reykjavík – Sími 512 5000 – www.365.is


## STUÐ MILLI STRÍÐA Svartir peningar

**HELGA ÞÓREY JÓNSDÓTTIR** VELTIR VÖNGUM YFIR ÓUPPGEFNUM TEKJUM MATVÖRUVERSLANA



Síðan ég hóf skipulagt eftirlit með fjárútlátum mínum hef ég gert mér grein fyrir því að hér á landi fljóta á milli neytenda og fyrirtækja milljónir króna í skattfrjálsu fé. Í næstum því hvert einasta skipti sem ég fer út í búð rekst ég á vörur með rangri verðmerkingu.

Fyrsta stríðið hófst í Nóatúni fyrir tveimur árum síðan. Þar voru tveggja lítra kókflöskur verðmerktar á 225 krónur en þegar á kassann kom var verðið 239 krónur. Í nafni aura minna sýni ég mikla biðlund svo að í hvert sinn sem ég keypti kók bað ég vinsamlegast um að fá krónurnar mínar fjórtán tilbaka. Alveg sama hve margir biðu í röð á eftir mér. Því næst talaði ég við verslunarstjórann, eða hæstráðandi starfsmann á vakt, og lét vita af þessum hræðilega misskilningi.

Mér þótti ég hafa unnið mikinn sigur þegar Nóatún lét verða af því að breyta verðmerkingunni tveimur mánuðum seinna. Mér fannst ég dugleg. En stríðinu lauk ekki þar, þvert á móti. Eftir að augu mín opnuðust fyrir röngum verðmerkingum fór ég að sjá þær alls staðar. Í Hagkaup fékk ég ekki fimmtíu prósenta afslátt á grillkjötinu mínu og þegar ég bað um leiðréttingu þurfti að sækja yfirmann til þess að snúa lykli. Í 10-11 keypti ég chilli-hrískökur sem voru merktar á 159 krónur fyrir hver hundrað grömm. Á kassanum kostuðu þær hins vegar rúmlega þrjúhundruð kall. Mig langar til að vita hvað verður um þessa peninga. Hve mikið af kóki seldi Nóatún haustið 2006? Ég verð að hugsa um það.

Um daginn þegar ég bað Hagkaup vinsamlegast um að skila mér tuttugu og tveimur krónum fyrir ranga verðmerkingu á barnaolíu varð konan sem hafði verið á undan mér svo upprifin af framtakssemi minni að hún rauk inn í verslunina með pokana sína, vopnuð kassakvittun. Það var þá sem ég uppgötvaði að einhver sigur hefði unnist.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






STÖÐ 2 VILD INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

**Kl. 17**

*Guðmundur Thoroddsen opnar einkasýningu sína í Gallerí Íbíza Bunker, Þingholtsstræti 31, í dag kl. 17. Þetta er önnur einkasýning Guðmundar, en hann hefur tekið þátt í fjölda samsýninga. Í Gallerí Íbíza Bunker sýnir Guðmundur sjálflýsandi innsetningu. Tónlistarmaðurinn Auxpan flytur tónlist fyrir opnunargesti kl. 18.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Herðubreið gnæfir yfir*

Sýning á verkum Stefáns Jónssonar frá Möðrudal verður opnuð í Gallery Turpentine, Ingólfsstræti 5, í dag kl. 17. Sýningin er yfirlitssýning á verkum Stórvals í tilefni af 100 ára afmæli listamannsins. Á henni verða verk sem spanna stóran hluta af ferli hans, þau elstu frá 1948 og þau yngstu eru frá 1992.

Stefán Jónsson frá Möðrudal var einnig þekktur undir listamannsnafninu Stórval. Hann var sjálflærður listamaður sem náði að skipa sér sess í hjörtum þjóðarinnar með myndum sínum af fjallinu Herðubreið. Með myndum sínum leitaði listamaðurinn aftur til æskustöðvanna í Möðrudal; hann sýnir áhorfendum fagra en þó heldur grófgerða og ýkta sveitarmynd þar sem fjallið Herðubreið gnæfir ávallt yfir öllu sem fram fer.



**HERÐUBREIÐ** Verk eftir Stórval, Stefán Jónsson frá Möðrudal.

Sjaldnast er nokkur söguþráður í myndum Stórvals heldur sýna þær fremur einfalt landslag og svipmyndir af bernskuslóðum. Líkt og útlínur verka hans eru oft frekar grófar er litaval sömuleiðis stundum á skjön við það sem áhorfandinn getur átt von á; þannig blandast saman bjartir litir og drungalegir og valda óvæntum hughrifum.

Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur ritar texta um Stefán í sýningarskrá, en þar segir meðal annars: „Líkast til var Herðubreið Stefáni ómeðvitað tákn fyrir líðan hans hverju sinni, uppruna hans og liðna æsku, þegar náttúran var mikilfenglegri, sauðir vænni og hestar betri en nokkurn tímann fyrr eða síðar í Íslandssögunni.“

Sýningin stendur til 26. júlí. - vþ

### > Ekki missa af …

hádegistónleikum þeirra Michaels Jóns Clarke barítóns og Þórarins Stefánssonar píanóleikara í Ketilhúsi á Akureyri í dag kl. 12. Þar munu þeir félagar leika og syngja íslensk þjóðlög fyrir viðstadda, en tónleikarnir eru liður í hátíðinni Listasumar á Akureyri. Húsið er opnað hálftíma fyrir sjálfa tónleikana og er miðaverð 1.500 kr.






# Verkin deila rýminu vel

**Sýningarrýmið Gallerí Ágúst var opnað fyrir réttu ári síðan og hefur á þeim tíma staðið fyrir mörgum áhugaverðum sýningum. Sumarsýning gallerísins verður opnuð þar á morgun kl. 16, en á henni verður litið yfir farinn veg.**



**FYRSTA HÓPSÝNINGIN** Frá sumarsýningu Gallerís Ágústs FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sýningin er hópsýning, en þeir listamenn sem eiga á henni verk eru Ásdís Sif Gunnarsdóttir, Andrea Maack, Davíð Örn Halldórsson, Hulda Stefánsdóttir, Magnea Ásmundsdóttir, Sara Björsdóttir og Rakel Bernie, en þau hafa öll haldið sýningar í galleríinu á síðastliðnu ári.

„Gallerí Ágúst opnaði í ágúst í fyrra og því er þetta ekki eiginleg afmælissýning, þó svo að á henni sé litið yfir farinn veg,“ útskýrir Sigrún Sandra Ólafsdóttir sem rekur galleríið. „Gallerí og söfn bjóða oft upp á hópsýningar á sumrin og því er tilvalið að nýta hásumartímann til þess að gera slíkt hið sama hér í Galleríi Ágúst.“

Hingað til hefur verið mest um einkasýningar í galleríinu, fyrir utan að opnunarsýning þess var samsýning Ásdísar Sifjar Gunnarsdóttur og Rakelar Bernie. Sumarsýningin er því fyrsta hópsýningin sem sett er upp í galleríinu.

„Ég er afar ánægð með hvernig til tókst,“ segir Sigrún. „Verkin deila rýminu vel og eru fjölbreytt eins og við er að búast; hér eru málverk, teikningar, ljósmyndir, myndbandsverk og skúlptúrar. Það hefur þó verið dálítið öðruvísi að setja þessa sýninu upp en þær sem áður hafa verið þar sem að þær hafa haft sterk höfundareinkenni eins eða tveggja listamanna og gjarnan einkennst af einhvers konar þemum. Það fer aftur á móti ekki mikið fyrir slíku í þetta skiptið, en þetta er sterk sýning og því ekki annað hægt en að vera ánægð með hana.“

Fram undan er spennandi starfsemi hjá galleríinu, meðal annars afmælissýning í næsta mánuði. Sigrún segir þó sýningarhald aðeins hluta af starfsemi gallerísins. „Þó svo að sýningarhald sé kannski sýnilegasti hlutinn af starfsemi gallería þá er margt annað sem fer fram á bakvið tjöldin; til að mynda kynningarstarfsemi, ráðgjöf og þjónusta við viðskiptavini. Framundan hjá Gallerí Ágúst er áframhaldandi sterk dagskrá sýninga, með íslenskum sem erlendum listamönnum ásam öðrum verkefnum, bæði hér heima sem alþjóðlega.“

Sumarsýning Gallerís Ágústs stendur til 26. júlí. Galleríið er til húsa að Baldursgötu 12.

vigdis@frettabladid.is






# Hin klassísku gildi í myndlist

Ný sýning var opnuð í gær í Listasafni Íslands, en um er að ræða sýningu á verkum úr eigu safnsins. Á henni má sjá breitt úrval verka úr safneign; flest eru eftir íslenska listamenn, en þungamiðja sýningarinnar er þó brjóstmynd eftir sjálfan Picasso af Jacqueline, eiginkonu listamannsins. Hin klassísku gildi eru í fyrirrúmi á sýningunni, bæði í málaralist og höggmyndum, en gildin þau, mótuð á tímum fornmenningar Miðjarðarhafslandanna, voru hinum spænska meistara alla tíð óþrjótandi uppspretta. Þessi gildi eru rauði þráðurinn á sýningunni, en stór hluti verkanna sem þar má sjá vísa til þessa ævaforna uppruna eða byggja á þeim gildum, sem sprottin eru af klassískum meiði. Sumarsýningin stendur til loka september og er sýningarstjóri Halldór Björn Runólfsson.

Rétt er að vekja athygli á því að leiðsögn um sýninguna fer fram á sunnudag kl. 14. Þá mun Rakel Pétursdóttir safnafræðingur ganga með gestum um sýninguna og ræða verkin sem ber fyrir augu og inntak sýningarinnar í heild. -vþ



**HALLDÓR BJÖRN RUNÓLFSSON** Safnstjóri Listasafns Íslands og sýningarstjóri nýju sumarsýningarinnar.








**JÓNAS HALLGRÍMSSON SKÁLD** Minning hans er heiðruð á Hrauni í Öxnadal.

# Minningarstofur opnar í sumar

Minningarstofur í íbúðarhúsinu á Hrauni í Öxnadal voru opnaðar 16. nóvember í fyrra, þegar 200 ár voru liðin frá fæðingu skáldsins og náttúrufræðingsins Jónasar Hallgrímssonar. Í húsinu er einnig íbúð fyrir fræðimenn og listamenn sem er mikið sótt enda er kyrrð og fegurð einstök á Hrauni í Öxnadal undir Hraundranga.

Í fyrra var einnig opnaður fólkvangur í landi Hrauns, Jónasarvangur, og gefinn út bæklingur um gönguleiðir um fólkvanginn.

Minningarstofurnar á Hrauni verða opnar föstudaga, laugardaga og sunnudaga í júlí á milli kl. 14 og 18. Þar er sögð ævisaga Jónasar Hallgrímssonar í máli og myndum. Ýmsir listamenn hafa gefið verk í minningarstofurnar, svo sem Arna Valsdóttir sem gaf vídeóverk, Í hjarta mér, og Kristinn E. Hrafnsson sem gaf lágmynd sína af Jónasi Hallgrímssyni. Aðgangur að minningarstofunum er ókeypis og eru allir hjartanlega velkomnir. - vþ

# MAX RAFTÆKI

# 989 kr.
STYKKJAVERÐ

## KEYPTU TVÆR OG FÁÐU ÞRIÐJU FRÍA!
## HUNDRUÐ TITLA Í BOÐI.




## EINNIG FÁANLEGAR




1.289 kr. 1.289 kr. 1.289 kr. 1.789 kr. 1.789 kr. 1.789 kr. 1.789 kr.

**Opnunartími**

| | |
|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 |
| Fimmtudaga | kl. 11-19 |
| Föstudaga | kl. 11-19 |
| Laugardaga | kl. 11-18 |
| Sunnudaga | kl. 12-18 |

Fim

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og
Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

*Beint á móti IKEA*
*Við hliðina á BÓNUS*

MAX RAFTÆKI



MERZEDES CLUB



CSS

## > Í SPILARANUM

Merzedes Club - I Wanna Touch You
The Hold Steady - Stay Positive
Black Kids - Partie Traumatic
Dr. Dog - Fate
CSS - Donkey

**tónlist**

tonlist@frettabladid.is

# Lay Low tekur upp

Tónlistarkonan Lay Low fylgir eftir sólóplötunni Please don‘t hate me með nýrri plötu sem kemur út í október. Please don‘t hate me kom út fyrir jólin 2006 og vakti mikla athygli á Lay Low. Í fyrra kom svo út tónlist úr leikritinu Ökutímar og Lay Low tók einnig þátt í plötu Benny Crespo‘s Gang.

Lay Low tekur nú plötuna upp ásamt enskum aðstoðarmönnum í Toe Rag hljóðverinu í London. Þar er notast við antikmuni til upptöku, meðal annars átta rása segulband. Liam Watson, eigandi hljóðversins, tekur plötu Lay Low upp, en hann er eiginlega einn af innanstokksmununum. Toe Rag-hljóðverið varð heimsfrægt þegar hljómsveitin The White Stripes tók þar upp plötuna Elephant, en meðal annarra kúnna má nefna Supergrass, The Zutons og The Kills. Útgáfudagur nýju Lay Low-plötunnar er 16. október.



**TEKUR UPP Á FORNGRIPI** Lay Low snýr aftur í október.




## > Plata vikunnar

Benni Hemm Hemm - Murta St. Calunga

★★★★

„Þó að Murta St. Calunga sé fulllík fyrri plötum Benna Hemm Hemm þá er hún léttari og skemmtilegri heldur en síðasta plata. Góð lög og vel heppnuð smáatriði í útsetningum lyfta henni upp.“ TJ



## TÓNNINN GEFINN

**Trausti Júlíusson**

# *Enduruppgötvað meistaraverk*

Dennis Wilson var í miðjunni af Wilson-bræðrunum þremur í Beach Boys. Hann spilaði á trommur og þótti standa þeim Brian og Carl nokkuð að baki hvað tónlistarhæfileika varðaði þótt hann væri þeirra duglegastur á brimbrettinu og djammaði stíft.




**DENNIS WILSON** Útgáfan á Pacific Ocean Blue er stórviðburður fyrir Beach Boys-aðdáendur.

Dennis drukknaði sem kunnugt er síðla árs 1983, en sex árum fyrr sendi hann frá sér sína fyrstu og einu sólóplötu. Hún kom mikið á óvart og sýndi að það leyndist hæfileikaríkur tónlistarmaður í kvennagullinu og partíljóninu Dennis Wilson. Platan, Pacific Ocean Blue, hefur ekki verið endurútgefin fyrr en nú og þó að hörðustu Beach Boys-aðdáendum hafi verið kunnugt um ágæti hennar þá verður þessi nýja endurútgáfa eflaust stór uppgötvun fyrir marga.

Dennis gerði Pacific Ocean Blue með félaga sínum til margra ára, Gregg Jakobsen. Platan er fremur róleg og alvarleg og mjög heilsteypt og vel heppnað verk, ríkulega útsett og tilkomumikil. Nýja útgáfan af plötunni er tvöföld og hlaðin aukaefni. Það hefur greinilega verið farið yfir allar upptökur sem til voru og valið úr það besta. Auk upphaflegu Pacific Ocean Blue-laganna eru fjögur aukalög frá gerð hennar á fyrri disknum, en seinni diskurinn inniheldur upptökur af annarri sólóplötu Dennis Wilson, Bambu, sem hann náði aldrei að klára, enda hafði hann misst tökin vegna langvarandi áfengis- og eiturlyfjaneyslu þegar þar var komið sögu.

Með Pacific Ocean Blue var Dennis fyrstur Wilson-bræðra til að senda frá sér sólóplötu. Margir vilja líka halda því fram að platan sé besta sólóplata Beach Boys-meðlims. Ekki ætla ég að leggja dóm á það, en þetta er hörku plata svo mikið er víst.

EXISTA

Exista hf., kt. 610601-2350, hefur birt lýsingu vegna töku víxla til viðskipta á OMX Nordic Exchange Iceland hf. og gert aðgengilega almenningi frá og með 11. júlí 2008

Eftirfarandi víxilflokkur hefur verið gefinn út:

- Víxlaflokkur að fjárhæð kr. 12.750.000.000 var gefinn út þann 8. október 2007 og er auðkenni flokksins í OMX Nordic Exchange Iceland hf. EXIS 08 1008. Víxlarnir eru vaxtalaus eingreiðslubréf, hver víxill er að fjárhæð kr. 5.000.000 og skulu víxlarnir endurgreiðast þann 8. október 2008. Víxlarnir verða teknir til viðskipta á OMX Nordic Exchange Iceland hf. þann 11. júlí 2008.

Lýsingu þessa er hægt að nálgast á prentuðu formi, frá og með 11. júlí 2008, hjá útgefanda Exista hf., Ármúla 3, 108 Reykjavík, og á vefsetri útgefanda, www.exista.is, í ár frá birtingu lýsingarinnar. Umsjónaraðili skráningarinnar er Kaupþing banki hf.

Reykjavík 11. júlí 2008

KAUPÞING



**MÁTTLÍTIL PLATA** Beck var að senda frá sér nýja plötu sem hefur fengið þokkalega dóma. Þó margt forvitnilegt sé á plötunni að finna virðast þó flestir sammála um að hún flokkist ekki með hans bestu plötum.

# Vísindakirkjupopp Becks

**Snillingurinn Beck er búinn að senda frá sér sína áttundu breiðskífu. Gripurinn nefnist Modern Guilt og til liðs við sig hefur hann fengið enga aðra en Cat Power og Danger Mouse. Steinþór Helgi Arnsteinsson athugaði hvort Beck sé enn eini maðurinn með viti í Vísindakirkjunni.**

Óhætt er að fullyrða að Beck David Campbell, sem flestir þekkja sem Beck Hansen, sé með áhrifamestu og farsælustu tónlistarmönnum síðustu fimmtán ára. Allt frá því að Loser skaut honum upp á stjörnuhimininn árið 1994 hefur Beck sannað að hann er einmitt andstæðan.

Mellow Gold, Odelay og Sea Change eru allt plötur sem geta haldið nafni skapara síns á lofti um ókomna tíð. Hinar fimm plötur Becks hafa líka margt gott til brunns að bera þó svo að þær séu ekki eins mikil meistaraverk og fyrrnefndar þrjár plötur.

### Síðustu verk drullugóð

Næstnýjasta breiðskífa Becks, á eftir Modern Guilt auðvitað, nefndist The Information og leit dagsins ljós á seinni hluta ársins 2006. Platan var tekin upp af samferðarmanni Becks til margra ára, Nigel Godrich, og þrátt fyrir að hafa ekki verið alveg nógu sterk þegar á heildina var litið innihélt hún mörg fantafín lög. Best þeirra var ofurslagarinn Nausea sem verður að teljast með betri lögum Becks frá upphafi.

Annað lag sem má setja í hillu með hinum frábæru lögum Becks er Timebomb sem kom út sem stök smáskífa í fyrra. Lagið inniheldur dynjandi harðan takt og na-na-nana viðlag og endaði á því að færa Beck eitt stykki Grammy-tilnefningu, takk fyrir.

### Bomba eða helíumblaðra?

Timebomb og Nausea eru samt ekkert í líkingu við lögin á nýju plötunni. Hljómurinn er miklu tærari og lífrænni en samt mjög Becklegur. Handbragð mannsins á tökkunum, Danger Mouse, er nokkuð auðþekkjanlegt og saman fara hann og Beck í „nostalgíuferð“ til „sækadelíu“ sjöunda áratugarins.

Samt fær maður það alltaf meira og meira á tilfinninguna að snilligáfa Danger Mouse sé að útvatnast. Allavega er hann ekki að gera nærri eins ferska hluti og heyrðust í upphafi frá honum. Þrátt fyrir að samstarf Becks og Danger Mouse líti feikilega vel út á pappírunum þá kemur ekkert á óvart að útkoman sé örlítil vonbrigði.

### Vísindakirkjan svertir orðsporið

Ekkert skemmir samt jafn mikið fyrir Beck eins og sú staðreynd að hann er sóknarbarn í Vísindakirkjunni en það hefur hann verið frá blautu barnsbeini. Hvernig getur svona velþenkjandi tónlistarmaður tekið þátt í svona vitleysu? Auðvitað á maður samt ekki að dæma Beck fyrir hans trúarskoðanir en það er vissulega erfitt að líta fram hjá þessari staðreynd. Beck er eftir sem áður ekki búinn að missa það algjörlega eins og nokkrir aðrir listamenn innan Vísindakirkjunnar og það samþykkja gagnrýnendur.

Nýja platan kom nokkuð eins og þruma úr heiðskíru lofti og aðdáendur fengu stuttan fyrirvara. Því miður er þruman þó máttlítil. Platan fær þokkalega dóma meðal pressunnar, flesta jákvæða en það er enginn slefandi. Lögin á plötunni eru tíu og ekkert þeirra er lélegt. Samt eiga flestir eftir að skipta fljótt um Beck-plötu í spilaranum um leið og þeir hafa lokið sér af með Modern Guilt.

## HELSTU PLÖTUR BECKS




MELLOW GOLD 1994
★★★★




ODELAY 1996
★★★★★




MUTATIONS 1998
★★★



MIDNITE VULTURES 1999
★★★



SEA CHANGE 2002
★★★★★




GUERO 2005
★★★




THE INFORMATION 2006
★★★

# Ný tónlist



## MERZEDES CLUB
### I WANNA TOUCH YOU

1. M.C.INTRO
2. DANCE TONIGHT
3. SEE ME NOW
4. I WANNA TOUCH YOU
5. HO HO HO WE SAY HEY HEY HEY
6. GET THE FUCK OUT
7. MEIRA FRELSI
8. BASSCOP
9. DICTIONARY OF DANCE
10. DESIRE



KR. 1.999

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Stökktu til
Fuerteventura
15. og 22. júlí
Frá kr. 34.990



Örfá sæti laus!
Heimsferðir bjóða ótrúlegt sértilboð á síðustu sætunum til Fuerteventura 15. og 22. júlí í viku eða 2 vikur. Þessi skemmtilega eyja í Kanaríeyjaklasanum hefur svo sannarlega slegið í gegn hjá Íslendingum. Njóttu lífsins á þessum vinsæla sumarleyfisstað í fríinu. Þú bókar flugsæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. **Bjóðum einnig frábær sértilboð vinsælum íbúðahótelum í Corralejo; Maxorata Beach, Oasis Dunas og Oasis Papagayo.**

Verð kr. 34.990
Netverð á mann, m.v 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára saman í herbergi / stúdíó / íbúð 15. júlí í viku. Brottför 22. júlí aukalega kr. 5.000. Aukavika kr. 10.000.

Verð kr. 44.990
Netverð á mann, m.v. 2 saman í herbergi / stúdíó /íbúð 15. júlí í viku. Brottför 22. júlí aukalega kr. 5.000. Aukavika kr. 10.000.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


# Mary-Kate saknar Heaths

Fólk
folk@frettabladid.is

Annar Olsen-tvíburanna, Mary-Kate, gæti verið á leið aftur í meðferð. Stúlkan hefur verið iðin við drykkju og skemmtanahald upp á síðkastið og eru hennar nánustu farnir að hafa áhyggjur af henni. Nýlega náðust myndir af Mary-Kate þar sem hún hrundi í götuna í annarlegu ástandi. Tvíburinn eyddi næstu dögum í heilsulind þar sem hún jafnaði sig eftir drykkju kvöldsins. „Mary-Kate þarf nauðsynlega að fara í meðferð. Hún heldur að þar sem hún er ung og nýmóðins að hún geti lifað lífinu eins og henni sýnist. En drykkjan er farin að hafa slæm áhrif á allt sem hún gerir," sagði heimildarmaður við tímaritið Star. Margir telja að Mary-Kate sé með þessu móti að drekkja sorgum sínum en hún hefur átt erfitt með að jafna sig á fráfalli vinar síns, leikarans Heaths Ledger.



**MARY-KATE** Á erfitt uppdráttar eftir fráfall Heaths Ledger



**VATNAJÖKULL Í DAG, SARDINÍA Á MORGUN** Helgi Björns heldur upp á hálfu öldina með flækingi.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Helgi fagnaði fimmtugs-afmælinu uppi á Vatnajökli

**Sjálfur Holy B, Helgi Björns, varð fimmtugur í gær. Sama dag hittist svo skemmtilega á að nýja sólóplatan hans, Ríðum sem fjandinn, skaust beint í fyrsta sæti Tónlistans og ýtti sjálfri Sigur Rós niður fyrir sig.**

„Það er aldeilis, þetta er skemmtilegt," sagði Helgi þegar honum voru færð tíðindin í gær. Hann var að koma ofan af Vatnajökli á jeppanum sínum. „Hér er búið að vera alveg æðislegt. Við erum bara að flækjast saman, konan og dóttir mín. Við sáum Hvannadalshjúk, Kverkfjöll og Snæfell, allt á sama tíma, sem gerist víst ekki oft. Þeir hafa skartað þessu öllu fyrir mig í afmælisgjöf."

Helgi segist ekki hafa nennt í bæinn eftir Landsmót hestamanna á Hellu heldur haldið í austurátt. „Maður er bara eins og sígauni. Hver dagur býður upp á eitthvað nýtt. Við gætum þess vegna verið komin yfir Kjöl á morgun. Planið er samt að flækjast um Austurland næstu daga en þaðan förum við til Sardiníu. Ég hef ferðast töluvert um Ítalíu en aldrei komið þangað áður." Helgi segist líklega bjóða til fimmtugsveislu í haust, hann hafi bara ekki nennt því núna. „Það er bara frábært að hafa náð þessum áfanga, maður hefur meiri yfirsýn, held ég. Ég er ekki frá því að mér hafi liðið aðeins betur þegar ég vaknaði í gær en daginn áður."

En hvað með ævisöguna? „Ævisöguna?! Tja, það er aldrei að vita, en samt ekki næstum því strax. Mér finnst ég þurfi að hafa frá einhverju meiru að segja."

gunnarh@frettabladid.is


Fáskrúðsfjörður




Förum varlega í akstri um Ísland og höfum hugfast að ferðalagið er jafnmikil upplifun og áfangastaðurinn. Mörgum hættir við að bruna framhjá markverðum stöðum og aldrei að vita hverju þú missir af ef farið er um í óðagoti.

Ferðumst um landið – en förum okkur hægt og komum heil heim.

TBWA\REYKJAVÍK\SÍA 9080339

# Þýskar hýðingar á Íslandi

Þungarokkarar landsins geta farið að snyrta kleinuhringina því þýska „thrash“-sveitin Contradiction er mætt á klakann og ætlar að hýða hljóðfærin sín opinberlega á næstu dögum. Hljómsveitin kemur frá Wuppertal í Þýskalandi og var stofnuð árið 1989. Fimm breiðskífur, aragrúi minni útgáfna og ótal tónleikar liggja eftir sveitina og hún hefur verið að komast inn fyrir þröskuld þungarokksins með síðustu plötu, The Warchitect. Platan hefur fengið afburða dóma og sveitin hefur túrað með Overkill og Sacred Reich, sem ásamt böndum eins og Slayer og Metallica (í upphafi ferilsins) teljast til helstu risa „thrash metalsins“.



**EKKERT PÍKUPOPP** Contradicition spilar thrash og ekkert kjaftæði.

Contradiction lofar ógleymanlegum þungarokkstónleikum og spilar á Eistnaflugi á Neskaupsstað í kvöld. Svo er það Gamli baukur á Húsavík á sunnudagskvöldið þar sem Dark Harvest, Atrum og Disturbing Boner sjá um forleikinn ásamt Húsavíkursveitinni Innvortis, sem er að spila í fyrsta sinn í heimabænum í langan tíma. Síðustu tónleikarnir í Íslandsferð Contradicition verða svo í höfuðborginni, í Hellinum, TÞM, á mánudagskvöldið ásamt Severed Crotch, Dark Harvest og Músiktilraunasigurvegurunum í Agent Fresco. Ekkert aldurstakmark er á tónleikunum 13. og 14. júlí og það kostar þúsundkall inn. Húsið opnar kl. 18 í bæði skiptin og fyrsta band fer á svið hálftíma síðar. Athygli er vakin á að tónleikarnir í Reykjavík eru búnir snemma, eða um klukkan 21, enda þarf þýska bandið að komast í flug síðar um kvöldið.

**- glh**

# Ánægð í sambandi

Söngkonan Lily Allen hefur tekið á ný saman við fyrrverandi kærasta sinn Ed Simons. Parið staðfesti samband sitt á svipaðan hátt og Lindsay Lohan og Samantha Ronson, þau nýttu sér tæknina og breyttu upplýsingunum á upphafssíðu sinni á Facebook úr „einhleyp“ yfir í „í sambandi“. Lily missti ömmu sína fyrir stuttu og leitaði huggunar hjá Ed og virðist sem að þá hafi lifnað í gömlum glæðum. Samkvæmt The Sun á Ed að hafa skrifað skilaboð á Facebook síðu Lily þar sem hann segist vera mjög ánægður með að vera í sambandi á ný.



**ÁNÆGÐ** Lily og Ed hafa tekið saman á ný

# Stjörnurnar í Kjötborg

**Bræðurnir Gunnar og Kristján reka verslunina Kjötborg á Ásvallagötu. Þeir og verslunin voru viðfangsefnið í nýlegri heimildamynd en þeir bræður kannast þó ekki við að vera orðnir stjörnur.**

Í heimildarmyndinni Kjötborg er fylgst með lífi og starfi bræðranna Gunnars og Kristjáns sem saman reka litla hverfisverslun á Ásvallagötu. Heimildarmyndin vann til verðlauna á Skjaldborgarhátíðinni í ár og fékk mjög góða aðsókn í kvikmyndahúsum borgarinnar og mætti því segja að bræðurnir séu orðnir hálfgerðar stjörnur. Gunnar vill þó ekki kannast við það og tekur vinsældum myndarinnar með miklu jafnaðargeði. „Við erum ekki orðnir stjörnur, ég held að maður þurfi nú að gera miklu meira en bara það að vera maður sjálfur til þess að geta talist stjarna í dag. Það eru aðallega viðskiptavinir okkar sem minnast á myndina við okkur þegar þeir koma í búðina,“ segir Gunnar um nýfengna frægð. Sjálfum finnst honum myndin mjög góð, þótt honum hafi fundist undarlegt að horfa á sjálfan sig á kvikmyndatjaldinu. „Myndin náði að fanga vel andann sem ríkir hér hjá okkur. Þetta hefði geta orðið mjög þurr mynd en Helga og Hulda unnu mjög vel úr öllu þessu efni.“

Gunnari og Kristjáni var boðið á sérstaka forsýningu myndarinnar en aðeins Gunnar gat mætt þar sem Kristján stóð vaktina í Kjötborg. „Við erum bara tveir sem vinnum hérna og við leysum hvor annan af þegar þess þarf. Búðin er bara lokuð ellefu daga á ári,“ segir Gunnar. Bræðurnir hafa rekið Kjötborg síðan 1981 og segja viðskiptin ganga ágætlega. „Þetta er ekkert bullandi gróðadæmi heldur meira spurning um sjálfstæði og lífsstíl. Þetta er greinilega eitthvað í genunum í okkur, að vilja ráða sér sjálfur.“

Gunnar segir að smákaupmennska sé liðin tíð, í Reykjavík hafi eitt sinn verið kaupmaður á hverju götuhorni en nú séu verslunarkeðjur ríkjandi á markaðnum. Bræðurnir þekkja flesta viðskiptavini sína með nafni. Margir koma við í versluninni nokkrum sinnum í viku oft til þess eins að fá sér gos og spjalla um daginn og veginn. „Maður lærir að þekkja fólkið og áhugamál þess, sumir sem versla hér eru miklir íþróttaunnendur, aðrir hafa gaman af pólitík og sumir leita til okkar með ráðleggingar í einkalífinu. Kúnnanum finnst gott að við þekkjum hann og að hann geti beðið um sígarettur og við vitum hvaða tegund hann reykir.“



**KAUPMENN AF GAMLA SKÓLANUM** Gunnar og Kristján loka Kjötborg aðeins ellefu daga á ári FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fyrir stuttu var haldin sérstök sýning á myndinni á elliheimilinu Grund, en margir viðskiptavinir Kjötborgar eru einmitt búsettir þar. Gunnar segir að íbúarnir á Grund hafi margir lýst yfir ánægju með myndina og sagst hafa haft gaman af sýningunni. „Fólkið á Grund hefur verslað hjá okkur lengi og ég held að það brjóti upp daginn hjá þeim að kíkja hingað yfir til okkar. Hér hittir það líka annað fólk og fær víðari þverskurð á mannlífinu en venjulega.“

Þeir Kjötborgarbræður eru uppaldir í Fossvoginum og segjast vera Víkingar í húð og hár. „KR-ingar eru okkar höfuðviðskiptavinir, Víkingarnir eru blessunarlega í annarri deild en KR núna en samvinnan við þá hefur þó alltaf verið góð,“ segir Gunnar um kúnnahópinn sinn. Aðspurður um hvort hann mundi leika sjálfan sig aftur ef framhaldsmynd yrði gerð hlær hann við: „Kjötborg 2, það er skemmtileg hugmynd. Ég á ekki von á því að það gerist en það er aldrei að vita. Annars var allt fólkið sem kom að myndinni svo yndislegt og gott að ég væri alveg til í að vinna með því aftur.“

**sara@frettabladid.is**





Heimsþekkt vörumerki eins og Sonia Rykiel, Bonpoint, Jamin Puech, Orla Kiely og fleiri...

KISAN
CONCEPT STORE
Laugavegi 7 101 Reykjavík
Sími 561 6262 www.kisan.is

Opnunartími:
mán - fim 10:30 - 18:00
fös 10:30 - 19:30
laugardaga 10:30 - 18:00






Austfirðirnir eru hver öðrum forvitnilegri. Fáskrúðsfjörður hefur „færst nær“ Reyðarfirði með tilkomu jarðganga, en tilvalið er að skoða Stöðvarfjörð og Breiðdalsvík í leiðinni.

www.ferdalag.is

UMFERÐARSTOFA

Ferðamálastofa
www.ferdalag.is

# Úr gróðurrækt yfir í mótorsport

Nýlega var vefritið Bílar og sport sett á laggirnar. Líkt og nafnið bendir til fjallar vefritið um bíla, mótorsport og ýmislegt annað sem tengist þessum þarfasta þjóni nútímamannsins. Vefritinu er haldið úti af sömu mönnum og ritstýra samnefndu tímariti sem hefur verið gefið út síðastliðin þrjú ár. Ritstjóri tímaritsins, Þórður Freyr Sigurðsson, segir að það hafi lengi staðið til að færa út kvíarnar með þessum hætti.

„Við viljum geta boðið auglýsendum fleiri kosti á krepputímum og koma á laggirnar góðum upplýsingavef fyrir bílaáhugamenn, á honum er til dæmis hægt að finna upplýsingar um væntaleg mót og þess háttar.“ Vefurinn er enn sem komið er eini alhliða bílavefurinn á landinu en á honum er einnig að finna slóðir á aðrar bílasíður sem einstaklingar og félagssamtök halda úti.

Þórður segist sjálfur vera með léttvæga bíladellu líkt og hinir sem koma að útgáfu blaðins. „Ég átti áður tímartitið Gróandinn sem var garðyrkjutímarit, en ég sá meiri möguleika fyrir tímarit eins og Bíla og Sport til að dafna og stækka enda hefur landinn meiri áhuga á bílum en gróðurrækt,“ segir Þórður að lokum. - sm



**ÚR GRÓÐRI Í BÍLA** Þórður Freyr, ritsjóri Bíla og Sports heldur úti alhliða bílasíðu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Ham slær ekkert af

**Rokkhátíðin Eistnaflug hófst í Egilsbúð á Neskaupsstað í gær. Þetta er í fjórða sinn sem hátíðin er haldin og í ár lýkur henni með tónleikum Ham aðfaranótt sunnudagsins. Þetta eru fyrstu tónleikar Ham síðan um páskana í fyrra.**



**TVÖFALT HOLD Á VÍNYL, NÝ PLATA OG VÍKINGASÖNGLEIKUR?** Hljómsveitin Ham er tuttugu ára og spilar á Eistnaflugi á Neskaupsstað.

„Við erum búnir að æfa stíft og ég er með hellur fyrir eyrunum eftir hverja æfingu. Það er ekkert slegið af,“ segir Sigurjón Kjartansson, forsöngvari og lagasmiður Ham. „Við munum bjóða upp á „greatest hits“ eða aðallega þau lög sem eru okkur að skapi.“

Eins og vill gerast þegar menn hittast á æfingum kvikna gamlar glæður. „Í ár eru 20 ár síðan fyrsta platan okkar, meistaraverkið Hold, kom út og við erum að gæla við þá hugmynd að endurútgefa hana á tvöföldum vínyl. Mér sýnist vínyllinn vera kominn aftur og þótt ég eigi ekki góðan spilara hlusta ég stundum á gömlu rispurnar. Við spilum mjög líklega í bænum í haust og svo er alltaf spennandi kostur að gefa út plötu með nýju efni. Það hefur verið hugsað í þá átt, en svo eru menn náttúrulega uppteknir í öðru.“

Sjálfur hefur Sigurjón staðið í miklu ati undanfarin misseri við að skrifa fyrir nánast alla innlenda dagskrárgerð í sjónvarpi. Hann hafði yfirumsjón með handritsgerð grínþáttanna Ríkið sem Stöð 2 byrjar að sýna í ágúst og svo eru þrjár aðrar þáttaraðir mislangt komnar í framleiðsluferlinu: Lögfræðidramað Réttur, fjármálagrínið Ástríður með Ilmi Kristjánsdóttur og sakamálaþættirnir Svartir englar, sem Rúv tekur til sýninga í september.

„Músíkin togar alltaf í mann en hún er harður húsbóndi. Bæði þáttagerðin og tónlistin eru skemmtileg listform, en nei; ég hef ekkert spáð í sjónvarpsþáttaröð sem byggir á tónlist Ham!“ segir Sigurjón en bætir við flissandi: „Það hefur reyndar komið til tals að gera víkingasöngleik og tónlist Ham myndi óneitanlega passa vel í svoleiðis. Hugsaðu þér bara hvað Hrafninn flýgur hefði verið töff ef Ham hefði séð um tónlistina!“

Hátt í fjórtíu hljómsveitir spila á Eistnaflugi, allar þungar. Auk Ham má nefna Mammút, Sólstafi, Brain Police, Saktmóðíg, Ælu og þýsku sveitina Contradiction.

gunnarh@frettabladid.is

# Solla stirða í G-streng

**TÓNLIST**

**I Wanna Touch You**

Merzedes Club

★★★

Fín poppplata, sem hefði getað orðið sterkari ef meðlimir hljómsveitarinnar hefðu tekið meiri þátt í henni. Platan á frábæra spretti en hefði mátt vera harðari.





Þegar Barði Jóhannsson í Bang Gang fékk tilboð frá Rúv um að semja þrjú lög í forkeppni Eurovision ákvað hann strax að gera eitthvað sem hann hafði aldrei gert áður. Skagfirska sveiflan og múltíkúltí friðarsöngur voru ekki að gera sig en skondna eurotekknóið með Merzedes Club svínvirkaði. Þótt MC hafi ekki unnið Eurovision var ekki aftur snúið, auglýsingamógúllinn Valli Sport var kominn í stuð og búinn að kveikja á hinni ágætustu monnímaskínu. Barði þurfti því að gjöra svo vel að dæla út heilli plötu fyrir krakkana.

Platan er bara 34 mínútur og maður þarf að spóla yfir „Ho Ho“, sem allir hljóta að vera komnir með ógeð á, og „Meira frelsi“, sem er líka komið fullnálægt þolmörkunum. Restin er mjög fínt popp með grípandi melódíum og ágengum bítum. Ég sakna þess reyndar að platan sé ekki harðari. Vöðvatröll í poppi eiga að standa fyrir eitilharða músík til að svitna við í ræktinni, Rammstein og svoleiðis eðal. Hér er reyndar eitthvað nothæft í fitubrennsluna en of stór hluti plötunnar er blautur vettlingur sem minnir á Aqua eða tónlistina í Latabæ. Svissaðu Rebekku og Gillz út fyrir Sollu stirðu í g-streng og Íþróttaálfinn og þú ert ekki á miklum villigötum.

Ég sakna þess líka að þetta sniðuga lið, Gillz, krakkarnir og Cerez 4, sem hefur samið frábæra texta á pönkplötum sínum, hafi ekki verið látið vinna harðar fyrir kaupinu sínu. Nokkur kvöld þar sem Barði og tröllin hefðu hist yfir próteindrykkjum og farið á flug hefði skilað sér í enn betri plötu, held ég. Textinn í „Basscop“, eina framlagi búntanna, er vísbending um það sem hefði getað orðið. Það lag ásamt „See Me Now“, sem Haffi Haff syngur af öryggi, og „Desire“, þar sem Rebekka og gestahvíslarinn Inga Wonder verða yxna, er frábært stöff sem sýnir að Barði hefur ekki kastað til höndum þótt hann væri undir tímapressu að ná sumarvertíðinni.

Dr. Gunni


NÝTT Í BÍÓ!





SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| MAMMA MIA | kl. 5.30D - 8D - 10.30D | |
| MAMMA MIA LÚXUS | kl. 5.30D - 8D - 10.30D | |
| MEET DAVE | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| HANCOCK D HJÓÐ & MYND | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| KUNG FU PANDA ÍSL. TAL | kl. 3.45 - 5.50 | |
| THE INCREDIBLE HULK | kl. 8 - 10.30 | 12 |

5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. SUMARTILBOÐ

| | | |
|---|---|---|
| MEET DAVE | kl. 6.10 - 8.30 - 10.40 | 7 |
| BIG STAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| THE INCREDIBLE HULK | kl. 5.30 - 8 | 12 |
| HAPPENING | kl. 10.20 | 16 |
| SEX AND THE CITY | kl. 10.20 | 14 |
| ZOHAN | kl. 5.40 - 8 | 10 |

allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| MAMMA MIA | kl. 6 - 8.30 - 11 | |
| HANCOCK | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| KUNG FU PANDA ENSKT TAL | kl. 6 - 8 - 10 | |
| SEX AND THE CITY | kl. 6 - 9 | 14 |

5%

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| MAMMA MIA | kl. 6 - 8 - 10 | |
| HANCOCK | kl. 8 - 10 | 12 |
| BIG STAN | kl. 6 | 12 |

5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus





LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| MAMMA MIA - DIGITAL | kl. 4, 5.50, 8 og 10.10 | L |
| HANCOCK | kl. 6:10, 8 og 10 | 12 |
| KUNG FU PANDA - ÍSI.TAL | kl. 4 | L |
| WANTED | kl. 8 og 10.10 | 16 |
| NARNIA: PRINCE CASPIAN | kl. 5 | 7 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is





ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| MAMMA MÍA | kl. 3:40 - 5:40D - 8D - 10:20D | L |
| MAMMA MÍA | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | VIP |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 3:40D - 6 | L |
| KUNG FU PANDA m/ensku tali | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | L |
| HANDCOCK | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| WANTED | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| NARNIA 2 | kl. 5 | 7 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 8 | 12 |
| THE BANK JOB | kl. 10:20 | 16 |

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| MEET DAVE | kl. 4 - 6 - 8 - 10 DIGITAL | L |
| WANTED | kl. 8D - 10:20D | 16 |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 4D - 6D DIGITAL | L |
| NARNIA 2 | kl. 6 - 9 | 7 |

SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| MAMMA MÍA | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 6 - 8 | L |
| HANCOCK | kl. 10:10 | 12 |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 6 - 8 | L |
| NARNIA 2 | kl. 5:40 | 7 |
| WANTED | kl. 8 | 12 |

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| MAMMA MÍA | kl. 8 - 10:20 | L |
| MEET DAVE | kl. 6 - 8 | 7 |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| HANCOCK | kl. 10 | 12 |

SparBíó 550kr í dag föstudag SAMbio.is SAMBÍÓIN



KUNG FU PANDA
kl. 3:40 í Álfabakka með íslensku og kl. 4 með ensku tali
kl. 4 í Kringlunni með íslensku tali
kl. 6 á Selfossi, Akureyri og í Keflavík með íslensku tali

MAMMA MIA
kl. 3:40 í Álfabakka
kl. 5:40 á Selfossi

MEET DAVE
kl. 4 í Kringlunni og
kl. 6 í Keflavík

NARNIA 2
kl. 5 í Álf., kl. 5:40 á Self.
kl. 6 í Kringlunni



DANNI DELUXE Stendur fyrir komu B-line crew til Íslands.
FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

# Ofurhetja að innan

Verkið Superhero eftir Eyrúnu Ósk Jónsdóttur hefur verið tekið upp að nýju í Jaðarleikhúsinu í Hafnarfirði. Leikari verksins, Erik Hakanson kom til landsins til að taka þátt í Act alone á Ísafirði, en verkið var frumsýnt í fyrra á Björtum dögum. Eyrún talar vel um Erik. „Honum var alltaf sagt að hann gæti ekki orðið leikari en hann hélt sínu til streitu og kom inn. Þegar ég kynntist honum langaði mig að semja leikrit fyrir hann, sem ég gerði og úr varð Superhero. Það fjallar um leitina að ofurhetjunni sem er innra með okkur öllum.“ Þau kynntust í Rose Bruford-skólanum, en síðan þá hefur Eyrún rekið Jaðarleikhúsið, leikið með og leikstýrt Dan Kai Teatro-hópnum og samið eigin verk.

Erik og aðalpersóna verksins, Peter Brown eru líkir að mörgu leyti. „Ég er öðruvísi en annað fólk því ég, eins og Peter Brown, er undir áhrifum frá teiknimyndasögum. Margir á okkar aldri hafa vaxið upp úr hetjudýrkuninni en ekki við.“ segir Erik. Hann telur marga dreyma um ofurhæfileika. „Það er ekkert að því að eiga sér draum og leyfa honum að gefa sér innblástur.“ Þeir eru samt ekki alveg eins.

„Peter hefur verið stjórnað af foreldrum sínum allt sitt líf. Hann hefur aldrei tekið sjálfstæðar ákvarðanir. Ólíkt mér sem hef alltaf haft stuðning foreldra minni og getað komist að eigin niðurstöðum, allavega eftir ákveðinn aldur.“ Erik er hrifinn af landinu. „Mér þykir vænt um Ísland, ekki bara af því að það er fallegt og fólkið er yndislegt heldur líka af því að fólk hér er duglegt við að fara í leikhús. Ég er ánægður að geta notað það sem ég geri best til að tengjast því.“

Auk Superhero er Eyrún að vinna kvikmynd tengda jafningjafræðslu í Gamla Bókasafninu, Hafnarfirði með 16-20 ára leikurum. Tökur klárast á morgun. „Við fengum svolítið af þjóðfrægum einstaklingum til að koma og gefa vinnu sína og taka þátt. Krakkarnir eru í öllum aðalhlutverkum en Geir Ólafs, Beggi og Pacas af Hæðinni og fleiri sjást í aukahlutverkum,“ segir Eyrún. Frumsýnt verður í september.

Sýningar á Superhero verða í kvöld, föstudags- og laugardagskvöld í Jaðarleikhúsinu. Hægt er að panta miða í síma 867-2675 og kostar 1200 krónur inn. Leikið er á ensku. -kbs




DREYMIR UM OFURHÆFILEIKA Erik Hakanson segist líkur persónu sinni í Superhero. MYND/EYRÚN

# Sænskir plötusnúðar á Prikinu

„Þeir eru að spila á mjög stórum stöðum úti í Svíþjóð,“ segir Daníel Ólafsson - Danni Deluxe - plötusnúður með meiru. Á laugardagskvöld munu tveir Svíar sem kalla sig B-line crew spila á Prikinu ásamt Danna Deluxe sjálfum. „Ég fór og spilaði hjá þeim úti í Stokkhólmi fyrir ári síðan og nú eru þeir að koma hingað,“ segir Danni. Danni segir þá félaga spila á öllum stærstu skemmtistöðum Stokkhólms og víðar. „Þeir eru almennt vel séðir.“ Ekkert kostar inn á Prikið.

# Hjónadjöfullinn Sienna

**Sienna Miller og nýi kærastinn hennar, leikarinn Balthazar Getty, eyddu saman nokkrum sólardögum á Ítalíu. Líkt og áður hefur verið greint frá er Getty þessi kvæntur og fjögurra barna faðir og þó að það sjáist æ oftar til hans og Siennu saman hefur hann þrætt fyrir þann orðróm að þau séu saman. Eiginkona Gettys er skiljanlega mjög ósátt með samband eiginmannsins við Siennu og á að hafa flutt út af heimili þeirra hjóna með börnin fjögur. Gestur á veitingastaðnum sagði að Sienna og Getty hefðu verið mjög ókurteis við starfsfólk og að Sienna hefði keðjureykt yfir matnum.**



JUST FOOD TO GO
JUST TODAY
LAMBALÆRI – BERNAISE
FISKRÉTTIR
PASTARÉTTIR
KJÚKLINGUR 1/1 & 1/2
KJÚKLINGARÉTTIR
SVÍNARIF BBQ
SMURT BRAUÐ
SALÖT O.FL. O.FL!
LAUGARÁSVEGUR 1 – SÍMI 588 8588



## > Jón Arnór með nokkur tilboð

Framtíð Jóns Arnórs Stefánssonar er enn óráðin en hann er nú farinn til Ítalíu til þess að ganga frá sínum málum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er Jón Arnór með tilboð frá nokkrum liðum og því óvissa um hvort hann verður áfram í herbúðum Lottomatica Roma. Rómarliðið hefur gengið í gegnum mikla uppstokkun í sumar og þrír byrjunarliðsmenn eru þegar horfnir á braut. Jón Arnór dróg sig út úr landsliðshópnum sem fer til Litháens um helgina til þess að fara út og ganga frá sínum málum. Hann verður síðan með liðinu í öðrum verkefnum haustsins.



# sport

sport@frettabladid.is

**ÞORGRÍMUR ÞRÁINSSON:** TEKUR VIÐ ÞJÁLFUN 2. FLOKKS VALS Í KNATTSPYRNU

## *Tár, bros og takkaskór Þorgríms að Hlíðarenda*

Þorgrímur Þráinsson er tekinn við þjálfun 2. flokks Vals í knattspyrnu. Hingað til hefur Þorgrímur, sem varð Íslandsmeistari með Val á árum áður, tekið rithöfundarstörfin fram yfir þjálfun.

„Valur leitaði til mín þar sem hinn metnaðarfulli fráfarandi þjálfari gat ekki sinnt liðinu eins og hann vildi. Ég fór því á einn leik með þeim og sá eina æfingu og leist vel á strákana,“ sagði Þorgrímur en hann er kominn í frí frá skriftum þar til á haustmánuðum.

„Ég er búinn að skrifa barnabók og kvikmyndahandrit og er í smá fríi. Mér hefur oft staðið til boða að þjálfa hér og þar en ég hef ekki haft tíma þar sem ég lít á þjálfun sem eitthvað meira en tveggja tíma starf á dag. Ég hef alltaf haft mikla skoðun á þjálfunaraðferðum. Það er gaman að fá að taka að sér flotta stráka og fá að kenna þeim eitthvað,“ sagði Þorgrímur.

Búast má við því að hann geti kennt þeim sitthvað innan sem utan vallar. Þorgrímur var góður knattspyrnumaður en auk þess er hann annálaður bindindismaður. Fyrir síðustu jól gaf hann svo út bókina *„Hvernig gerirðu konuna þína hamingjusama“* þar sem meðal annars er fjallað um hvernig er hægt að stunda „skemmtilegra kynlíf“.



„Þetta er erfiður aldur og það er margt sem heillar þá. Það eru ekki margir sem ganga upp í meistaraflokk og ná langt og það er að mörgu að hyggja. Á þessum aldri eru strákar að skoða hitt kynið og freistingarnar eru margar og þá víkur fótboltinn oft,“ sagði Þorgrímur sem hló við aðspurður hvort kynlífsfræðsla yrði í boði. „Þeir fá kannski eintak af bókinni.“

Að öllu gamni slepptu ætlar Þorgrímur að vera til staðar utan vallar án þess að predika um of yfir strákunum. „Þeir geta leitað til mín með allt. Ég verð með aukaæfingar ef menn vilja, upplýsingar um mataræði og markmiðasetningu. Ég mun styðja við bakið á þeim með hvaða hætti sem þeir vilja,“ sagði Þorgrímur en fyrsta æfing liðsins er í kvöld.

Bækur Þorgríms um unga knattspyrnukappa frá 1990 vöktu mikla lukku meðal unglinga. Það lá því beint við að spyrja Þorgrím hvort hann væri ekki *Með fiðring í tánum* yfir því að snúa aftur í boltann? „Algjörlega. Ég verð í takkaskónum og vonandi verður oddatala á æfingum svo ég geti verið með,“ sagði Þorgrímur glaðbeittur og játti því að *Tár, bros og takkaskór* væru svo sannarlega að Hlíðarenda.



**LÍTILL FYRIRVARI** Rut Jónsdóttir í leik með A-landsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Stelpurnar á HM 20 ára liða:

## Frábærar fréttir

**HANDBOLTI** Íslenska 20 ára landslið kvenna mun taka þátt á Heimsmeistaramótinu sem fram fer í Makedóníu dagana 21. júlí til 3. ágúst. Ísland var fyrsta varaþjóð inn á mótið og tók sæti Úrúgvæ sem hætti við þátttöku.

„Þetta eru frábærar fréttir,“ sagði Stefán Arnarsson, þjálfari liðsins, en þegar Fréttablaðið talaði við hann var hann að setja saman hópinn og að undirbúa að kalla suma leikmenn úr sumarfríi.

„Það er lítill tími því fyrsti leikur er 21. júlí. Það fóru bara 7 af 35 liðum áfram úr Evrópu og við vorum áttunda liðið. Við vorum með bestan árangur og því fyrsta lið inn. Stelpurnar eru því búnar að fá það sem þær eru búnar að vinna fyrir. Við munum bara æfa fram að móti og gera okkar besta,“ segir Stefán. Ísland er með Rúmeníu, Slóveníu, Ungverjalandi og Þýskalandi í riðli en þessar þjóðir voru allar meðal níu efstu á síðasta HM.

„Við erum í algjörum dauðariðli. Við erum með fimm Evrópuþjóðum en í fimm riðlunum eru bara tvær Evrópuþjóðir,“ segir Stefán. - óój



**EKKI KLÁR Í SLAGINN** Pétur Pétursson þjálfaði síðast í efstu deild, þegar hann þjálfaði KR, sumarið 2001. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þjálfaramál í Fagralundi:

## Pétur Pétursson hafnaði HK

**FÓTBOLTI** Pétur Pétursson, aðstoðarlandsliðsþjálfari A-landsliðs Íslands, hafnaði í gær tilboði um að taka við botnliði HK. Þetta kom fyrst fram á fotbolta.net í gær.

Áður höfðu Eyjólfur Sverrisson, Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir, Lúkas Kostic og Ólafur Þórðarson hafnaði sams konar tilboði frá Kópavogsliðinu.

HK-ingar eru þar með enn þjálfaralausir. Rúnar Páll Sigmundsson mun stjórna liðinu á æfingum og í leikjum á meðan leitin ber ekki árangur. - óój

# Meistararnir nálgast toppsætið

**Íslandsmeistarar Vals unnu KR í Frostaskjólinu í gær. Helgi Sigurðsson skoraði bæði mörk Vals en Björgólfur Takefusa hélt uppteknum hætti fyrir KR með sjöunda markinu í röð og sínu tíunda í sumar.**

**FÓTBOLTI** Helgi Sigurðsson rak heldur betur upp í stuðningsmenn KR sem sungu um að hann væri of gamall. Hann skoraði bæði mörk Vals í 2-1 sigri þar sem Björgólfur Takefusa skoraði sjöunda leikinn í röð fyrir KR í frábærri stemmingu yfir 3000 áhorfenda og glæsilegri umgjörð á KR-vellinum í gær.

Það vantaði ekkert upp á grimmdina í leikmönnum sem seldu sig rándýrt. Valsmenn voru sterkari aðilinn í fyrri hálfleik og sóknir þeirra voru margar hverjar skemmtilegar en árangur báru þær fæstar. Þeir fengu fimm horn fyrstu tuttugu mínúturnar en engin hætta skapaðist úr þeim.

Skemmtilegt var að fylgjast með einvígi bakvarðanna Guðmundar Reynis og Birkis, í sínum síðasta leik fyrir Val, sem óðu báðir fram völlinn við hvert tækifæri. Minna kom úr sóknum KR, aðeins skalli Guðjóns beint á Kjartan og langskot Atla ógnuðu Valsmarkinu.

KR náði að halda marki sínu hreinu í 409 mínútur í röð í deildinni, og 589 með bikarkeppninni, áður en Helgi Sigurðsson kom Val yfir í uppbótartíma fyrri hálfleiks. Hann skallaði þá aukaspyrnu Guðmundar í netið sem hafði viðkomu í varnarmanni KR. 0-1 í hálfleik.

Valsmenn drógu sig aftar á völlinn í síðari hálfleik og KR-ingar hófu leit að jöfnunarmarki. Hún gekk illa þrátt fyrir að sóknir liðsins hefðu verið álitlegar. Kjartan varði vel og Valsmenn refsuðu svo grimmilega með góðri syndisókn. Helgi skoraði þá af markteig eftir sendingu Bjarna Ólafs, hans sjöunda mark í sumar.

Leikurinn virtist búinn en það má aldrei afskrifa Björgólf. Hann potaði enn einu markinu inn af markteig, hans tíunda í sumar og í sjöunda leiknum í röð. Það dugði KR, skammt, Valsmenn voru afar skynsamir og héldu fengnum hlut.

„Þetta er ógeðslega fúlt,“ sagði Björgólfur svekktur í leikslok. „Við vorum í rauninni ekkert mættir til leiks í fyrri hálfleik og getum sjálfum okkur um kennt. Þeir eiga fyrri hálfleikinn en við þann seinni og við hefðum átt að skora annað mark. Heppnin var bara ekki með okkur núna ólíkt síðustu leikjum,“ sagði markaskorarinn sem jafnaði félagsmet Þórólfs Beck með því að skora í sjö leikjum í röð. „Það er ekki ofarlega í huga mér núna. Við höfðum tækifæri til að skilja Valsara eftir með þessum leik.“

Hetja dagsins, Helgi Sigurðsson, var brosmildur eftir leikinn.

„Það má segja að tímabilið sé að byrja af alvöru, við erum að komast í alvöru baráttu um titilinn eftir hæga byrjun. Við erum ánægðir með það. Það er ekki hægt að skora á betri tíma en í lok fyrri hálfleiks og við ákváðum að reyna að keyra á þá af sama krafti í seinni hálfleik. Það tókst. Síðan lendum við í því að þeir byrjaði að pressa og uppskera mark en okkar lið er það sterkt að það heldur út svona. Við erum byrjaðir að reita stigin og höfum unnið þrjá leiki í röð núna, við ætlum okkur að halda áfram á sömu braut,“ sagði Helgi.

Ekki verður skilið við leikinn án þess að minnast á frammistöðu Jóhannesar Valgeirssonar dómara sem var frábær. Hann lét leikinn fljóta vel, var samkvæmur sjálfum sér og sanngjarn. - hþh/ - egm



**BRAUT MÚRINN** Helgi Sigurðsson varð fyrstur til þess að skora hjá KR-vörninni, með Pétur Marteinsson innanborðs, í sumar. Hér eru þeir í baráttu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### KR 1-2 VALUR

*0-1 Helgi Sigurðsson (45.+1)*
*0-2 Helgi Sigurðsson (67.)*
*1-2 Björgólfur Takefusa (78.)*

KR-völlur, áhorf.: 3158
Jóhannes Valgeirsson (9)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 19–11 (7–4) |
| Varin skot | Stefán Logi 2 – Kjartan 6 |
| Horn | 5–6 |
| Aukaspyrnur fengnar | 19–15 |
| Rangstöður | 0–0 |

**KR 4–4–2** Stefán Logi Magnússon 4 - Skúli Jón Friðgeirsson 4, Grétar Sigurðarson 5, Pétur Marteinsson 6, Guðmundur Reynir Gunnarsson 6 - Óskar Örn Hauksson 4 (85. Guðmundur Pétursson -), Viktor Bjarki Arnarson 5, Jónas Guðni Sævarsson 4, Atli Jóhannssson 5 (74. Jordao Diogo -) - Björgólfur Takefusa 7, Guðjón Baldvinsson 7.

**Valur 4–4–x** Kjartan Sturluson 6 - Birkir Már Sævarsson 7 Atli Sveinn Þórarinsson 7, Barry Smith 6, Rene Carlsen 5 - Rasmus Hansen 5, Pálmi Rafn Pálmason 6, Sigurbjörn Hreiðarsson 5, Bjarni Ólafur Eiríksson 7, Guðmundur Benediktsson 6 (82. Baldur Aðalsteinson -), ***Helgi Sigurðsson 7** (90. Einar Marteinsson -).

Stangir Sveins Elíasar komu ekki í tæka tíð og hann hætti eftir sjö greinar:

# Í fyrsta skipti sem Sveinn Elías klárar ekki þraut

**FRJÁLSAR** Fjölnismaðurinn Sveinn Elías Elíasson hætti keppni eftir sjö greinar í tugþrautarkeppni HM unglinga í Bydgoszcz í Póllandi í gær þar sem að stangirnar hans skiluðu sér ekki fyrr en of seint.

Þetta voru mikil vonbrigði fyrir Svein Elías sem átti frábæran fyrri dag þar sem að hann var í 5. sæti. Vandræðin með stangirnar höfðu greinilega áhrif á seinni daginn þar sem hann fann sig ekki nærri því eins vel. Sveinn Elías vonaðist eftir að bæta sig í bæði 110 metra grindahlaupi og kringlukasti, en var nokkuð frá því, sem dæmi var aðeins eitt af þremur köstum hans var gilt. Sveinn var í 12. sæti þegar hann hætti keppni.



Til að kóróna vonbrigðin þá komu stangirnar á svæðið aðeins hálftíma eftir að keppni lauk. Þær höfðu orðið eftir á flugvellinum í München í Þýskalandi og það tókst ekki að koma þeim á keppnisstaðinn í tíma, þrátt fyrir að bæði Frjálsíþróttasambandið og ferðaskrifstofan hefðu lagst á eitt við að hjálpa til að hafa uppi á stöngunum.

Þetta er í fyrsta sinn sem Sveinn Elías klárar ekki þraut en það er illmögulegt að stökkva með lánaða stöng í jafn mikilli tæknigrein og stangarstökkið er. Það var því ákvörðun hans að hætta keppni í stað þess að taka áhættuna sem hefði getað þýtt það að hann dytti og meiddi sig, því stangarstökkvarar eru mjög viðkvæmir fyrir bæði lengd og stífni stanganna sem þeir nota.

Helga Margrét Þorsteinsdóttir hefur keppni í sjöþraut kvenna á mótinu í dag en líkt og Sveinn Elías þá varð hún Norðurlandameistari á dögunum. Hún bætti síðan Íslandsmetið í sjöþraut um 122 stig í Tékklandi fyrir hálfum mánuði. - óój

## ÚRSLITIN Í GÆR

*1. deild karla í fótbolta*

| | |
|---|---|
| Þór-Njarðvík | 3-1 |
| Stjarnan-Haukar | 4-5 |

0-1 Edilon Hreinsson (9.), 1-1 Þorvaldur Árnason (12.), 2-1 Þorvaldur (15.), 2-2 Hilmar Geir Eiðsson (22.), 2-3 Denis Curic (29.), 3-3 Þorvaldur (81.), 3-4 Hilmar Geir (83.), 3-5 Edilon Hreinsson, víti (86.), 4-5 Sigurbjörn Ingimundarson (90.).

| | |
|---|---|
| ÍBV-Selfoss | 3-0 |

1-0 Bjarni Hólm Aðalsteinsson, víti (9.), 2-0 Andrew Mwesigwa (16.), 3-0 Pétur Runólfsson (53.)

**STAÐAN Í 1.DEILD KARLA:** (efstu lið)

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **ÍBV** | **11** | **10** | **0** | **1** | **23-5** | **30** |
| Selfoss | 11 | 6 | 4 | 1 | 29-17 | 22 |
| **Haukar** | **11** | **6** | **3** | **2** | **25-18** | **21** |
| Stjarnan | 11 | 6 | 2 | 3 | 19-13 | 20 |
| **Víkingur** | **10** | **5** | **1** | **4** | **18-17** | **16** |
| KA | 10 | 4 | 2 | 4 | 16-12 | 14 |
| **Þór Ak.** | **11** | **4** | **0** | **7** | **14-21** | **12** |

**LANDSBANKAD. KARLA:** (efstu lið)

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FH** | **10** | **7** | **1** | **2** | **21-10** | **22** |
| Keflavík | 10 | 7 | 1 | 2 | 23-15 | 22 |
| **Valur** | **11** | **6** | **1** | **4** | **18-14** | **19** |
| KR | 11 | 6 | 0 | 5 | 19-13 | 18 |
| **Fjölnir** | **10** | **6** | **0** | **4** | **17-10** | **18** |
| Breiðblik | 10 | 4 | 3 | 3 | 17-15 | 15 |
| **Fram** | **10** | **5** | **0** | **5** | **10-9** | **15** |
| Grindavík | 10 | 4 | 1 | 5 | 13-17 | 13 |

## > Meg Ryan

„Ég tel mig ekki hafa liðið fyrir að hafa gert svo margar rómantískar gamanmyndir þar sem ég hef líka fengið tækifæri til að gera öðruvísi myndir. Það er svo annað mál hvort fólk vill sjá mig í þeim myndum.“ Ryan leikur í myndinni „When A Man Loves A Woman“ sem sýnd er á Stöð 2 í kvöld.



# dagskrá

### VIÐ TÆKIÐ: SÓLMUNDUR HÓLM GERIR SAMANBURÐ

## *Landsbankamörkin gegn Bang og mark*

Þá er komið að mínum vikulega fótboltapistli. Því það virðist vera orðin viðtekin venja hjá mér þar sem ég horfi ekki á neitt annað. Nú eru það Landsbankamörkin gegn Bang og mark. Í upphafi móts fylgdist ég með báðum þáttunum allt þar til ég áttaði mig á því að annar þeirra stenst hinum engan veginn snúning. Landsbankamörkin eru miklu betri en Bang og mark og er það enn eitt dæmið um að einkaframtakið standi ríkinu framar í dagskrárgerð. Í Bang og marki er yfirleitt talað við einhvern sem átt hefur hlut að máli í leikjum kvöldsins eða umferðarinnar og eru þeir viðmælendur misgóðir. Sérstaklega finnst mér pínlegt þegar feimnar fótboltastelpur koma og láta gamminn geisa, eða þannig (þetta er ekki skot á kvennaboltann enda elska ég hann). Auk þess finnst mér íþróttafréttamenn RÚV margir hverjir vera síðri en þeir á Stöð 2 Sport, Hjörtur Hjartarson er undanskilinn. Hann er „up and coming“ í þessum bransa og mjög efnilegur. Hrafnkell er líka góður sem og Sammi Erlings.

Í Landsbankamörkunum eru hins vegar Tómas Ingi Tómasson og Magnús Gylfason fastir. Þar eru miklir snillingar á ferð. Tómas Ingi er hrikalega fyndinn en samt eitthvað svo undarlega mjúkur maður. Skemmtileg týpa. Svo er það Maggi, pattaralegur með hárið greitt aftur. Situr ekki á skoðunum sínum frekar en Tómas og er að gera frábært mót í þessum þætti. Mér finnst skemmtilegast þegar Höddi Magg er með þeim í settinu. Hann virkar vel með þeim enda er hann sleggja sjálfur.

Niðurstaðan er þessi. RÚV þarf að spýta í lófana. Þeir tækluðu EM vel, en nú þurfa menn að sýna Landsbankadeildinni þá virðingu að bjóða upp á almennilegar úttektir. Landsbankamörkin hitta betur í mark en Bang og mark, sem er ekki mark, frekar bang í hornfánann.



**MAGGI GYLFA** Góður með Tómasi Inga.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.40** America's Got Talent
STÖÐ 2



▶ **20.35** Football Rivalries
STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **21.00** The Biggest Loser
SKJÁREINN



▶ **21.30** The Class STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.40** Líkaminn (The Body)
SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.25 Spæjarar** (19:26)
**17.47 Bangsímon, Tumi og ég**
**18.10 Ljóta Betty** (Ugly Betty) (10:23) Bandarísk þáttaröð um stúlku sem er ráðin sem aðstoðarkona kvennabósa sem gefur út tískutímarit í New York. (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Í sálarháska** (H-E Double Hockey Sticks) Bandarísk fjölskyldumynd frá 1999. Ungdárinn Griffelkin er sendur upp á yfirborð jarðar til að stela sálinni úr efnilegum íshokkíleikara. Aðalhlutverk: Will Friedle, Matthew Lawrence og Gabrielle Union.
▶**21.40 Líkaminn** (The Body) Bandarísk bíómynd frá 2001. Í gröf í Jerúsalem finnst forn beinagrind og af beinunum má draga þá ályktun að dánarorsökin hafi verið krossfesting. Aðalhlutverk: Antonio Banderas, Olivia Williams, Derek Jacobi, Jason Flemyng og Ian McNeice.
**23.25 Svartstakkar** (Men in Black) Bandarísk bíómynd frá 1997. Tveir menn sem hafa eftirlit með geimverum í New York reyna að bjarga jörðinni þegar gestirnir hóta að sprengja hana í tætlur. Leikstjóri er Barry Sonnenfeld og meðal leikenda eru Tommy Lee Jones, Will Smith, Linda Fiorentino og Vincent D'Onofrio. (e)
**01.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Fíaskó**
**10.00 Lotta í Skarkalagötu**
**12.00 Fantastic Voyage**
**14.00 Fíaskó**
**16.00 Lotta í Skarkalagötu**
**18.00 Fantastic Voyage**
**20.00 Little Miss Sunshine** Áhrifarík verðlaunamynd frá árinu 2006. Aðalhlutverk: Steve Carell, Greg Kinnear og Alan Arkin og Abigail Breslin.
**22.00 Jagged Edge**
**00.00 The United States of Leland**
**02.00 Nine Lives**
**04.00 Jagged Edge**
**06.00 Diary of a Mad Black Woman**

## STÖÐ 2

**07.00 Barntími Stöðvar 2** Sylvester og Tweety, Camp Lazlo og Tommi og Jenni.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 La Fea Más Bella**
**10.15 Missing** (5:19)
**11.10 Tim Gunn's Guide to Style** (6:8)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.30 Neighbours**
**12.55 Wings of Love**
**13.40 Wings of Love**
**14.25 Derren Brown - Hugarbrellur**
**14.50 Friends** (11:24)
**15.30 Bestu Strákarnir** (36:50)
**15.55 Galdrastelpurnar** (16:26)
**16.18 Bratz**
**16.43 Smá skrítnir foreldrar**
**17.08 Ben 10**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours**
**18.18 Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.49 Íþróttir**
**19.04 Veður**
**19.15 The Simpsons** (16:20)
▶**19.40 America's Got Talent** (11:12) Leitin að hæfileikaríkasta fólkinu í Ameríku er hafin enn á ný. Hér er á ferðinni hraður og fjölbreyttur þáttur fyrir alla fjölskylduna. Dómarar eru Pierce Morgan, David Hasselhoff og Sharon Osbourne og kynnir er Jerry Springer.
**20.45 When A Man Loves A Woman** Áhrifarík og vönduð ástarsaga með Meg Ryan og Andy Garcia í aðalhlutverkum. Hjónin Alice og Michael Green eru ástfangin og eiga tvær fallegar dætur. Þegar í ljós kemur að Alice á við drykkjuvandamál að stríða reynir á sambandið.
**22.50 Prey for Rock and Roll** Jacki er sönkona pönkhljómsveitarinnar Clam Dandy. Hún ákvað það í byrjun ferilsins að hætta í tónlistinni ef hún væri ekki búin að öðlast frægð fyrir fertugt. Nú er svo komið að hún þarf að taka ákvörðun en á sama tíma komast upp gömul leyndarmál.
**00.35 Miss Congeniality 2. Armed and Fabulous**
**02.25 The Public Eye**
**04.00 When A Man Loves A Woman**
**06.00 Fréttir**

## SPORT besta sætið

**07.00 Landsbankadeildin 2008** KR - Valur
**18.15 Landsbankadeildin 2008** KR - Valur
**20.05 Inside the PGA** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og tímabilið framundan skoðað.
**20.30 Gillette World Sport** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið yfir víðan völl. Farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst á bakvið tjöldin.
**21.00 Boston - LA Lakers** Útsending frá leik Boston og Lakers í úrslitakeppni í NBA.
**23.00 Main Event (#11)** Á Heimsmótaröðinni í póker setjast snjöllustu pókerspilarar heimsins að spilaborðinu og keppa um stórar fjárhæðir.
**23.50 Main Event (#12)**

## SPORT 2

**18.25 Bestu leikirnir** Aston Villa - Newcastle
**20.05 Premier League World 2008/09** Hitað upp fyrir ensku úrvalsdeildina í knattspyrnu sem hefst í ágúst. Þáttur sem engin áhugamaður um enska boltann má missa af.
▶**20.35 Football Rivalries** Í þessum þáttum er Rígur helstu stórvelda Evrópu skoðaður. Að þessu sinni er það rígur Milan og Inter og Lazio og Roma sem er krufinn til mergjar.
**21.30 10 Bestu - Eiður Smári Guðjohnsen** Sjötti þátturinn í þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar.
**22.20 Goals of the season** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
**23.15 PL Classic Matches Man. Utd. - Sheffield Wednesday, 92/93.** Svipmyndir frá leik Manchester United og Sheffield Wednesday leiktíðina 1992-1993.
**23.45 PL Classic Matches Norwich - Southampton, 93/94.** Svipmyndir frá leik Norwich og Southampton leiktíðina 1993-1994.

## SKJÁREINN

**07.15 Rachael Ray** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Dynasty** (e)
**09.30 Vörutorg**
**10.30 Óstöðvandi tónlist**
**15.35 Vörutorg**
**16.35 Girlfriends** Gamanþáttur um vinkonur í blíðu og stríðu.
**17.00 Rachael Ray** Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**17.45 Dr. Phil** Dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál og gefur góð ráð.
**18.30 Dynasty**
**19.20 Kimora. Life in the Fab Lane** (e)
**19.45 Hey Paula** (e)
**20.10 Life is Wild** (4:13) Bandarísk unglingasería um stúlku sem flyst með fjölskyldu sinni frá New York til Suður-Afríku.
▶**21.00 The Biggest Loser** (4:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem fitubollur berjast við bumbuna. Álagið er farið að segja til sín hjá rauða liðinu sem hættir að hlusta á þjálfara sinn. Síðan er fitubollunum boðnar freistingar og í húfi er friðhelgi þessa vikuna en það er fleira sem hangir á spýtunni.
**21.50 The Eleventh Hour** (11:13) Dramatísk þáttaröð sem gerist á sjónvarpsstöð og aðalsöguhetjurnar eru fréttamenn og pródúsentar á fréttaskýringaþætti. Yfirmenn stöðvarinnar eru ósáttir með áhorfið og ráða unga og glæsilega konu til að hafa yfirumsjón með framleiðslunni og það fellur misvel í kramið hjá gömlu fréttahaukunum.
**22.40 Secret Diary of a Call Girl** (e)
**23.10 Law & Order. Criminal Intent** (e)
**00.00 The IT Crowd** (e)
**01.20 Dynasty** (e)
**02.10 Jay Leno** (e)
**03.00 Jay Leno** (e)
**03.50 Jay Leno** (e)
**04.40 Girlfriends** (e)
**05.05 Vörutorg**
**06.05 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir og Föstudagsþátturinn** Farið yfir fréttir liðinnar viku. Endurtekinn á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.







*Höfum til sölu nokkur málverk eftir* Kristján Davíðsson

Gallerí BORG

**ERUM AÐ TAKA VIÐ VERKUM Á NÆSTA MÁLVERKAUPPBOÐ**
Vinsamlegast hafið samband við Pétur Þór í síma 511 7010 eða 847 1600.

**LÆGRI SÖLULAUN - ÖRUGG ÞJÓNUSTA**
Viku eftir síðasta uppboð höfðu allir seljendur fengið uppgert.

**Skipholti 35**
105 Reykjavík. sími 511 7010
petur@galleriborg.is

Gallerí BORG
**Skipholti 35**
105 Reykjavík. sími 511 7010
petur@galleriborg.is

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 19.10**
**The Simpsons**



Lísa vinnur að verkefni í skólanum og ákveður að gera heimildarmynd um fjölskyldu sína. Skinner skólastjóri og formaður skólamálaráðs, Chalmer, eru yfir sig hrifnir af verkefninu og hvetja Lísu til að fara með myndina á Sundance-kvikmyndahátíðina. Þegar heimildarmyndin er frumsýnd á hátíðinni sjá Hómer, Marge og Bart hana í fyrsta sinn og skammast sín ansi mikið fyrir það hvernig þau hegða sér.



**▶ VIÐ MÆLUM MEÐ**

**Little Miss Sunhine**
**Stöð 2 bíó kl. 20.00**

Áhrifarík mynd sem sló í gegn árið 2006 og sópaði þá að sér verðlaunum. Myndin fjallar um fjölskyldu sem leggur saman upp í langferð í þeim tilgangi að láta draum yngsta meðlims fjölskyldunnar rætast sem er að taka þátt í fegurðarsamkeppni. Myndin fékk meðal annars tvenn Óskarsverðlaun.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Sumarást
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Útvarpsleikhúsið: Út að versla
**13.15** Á sumarvegi
**14.03** Táslur og tjull
**15.03** Útvarpssagan: Múrinn í Kína
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Flækingur
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Á sumarvegi
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Mánafjöll
**21.10** Brjóstdropar
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Viltu syngja minn söng?
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks**
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Ally McBeal** (3:23)
**17.45 Skins** (2:9)
**18.30 The Class** (14:19)
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Ally McBeal** (3:23) Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Hér segir frá lögfræðingnum Ally McBeal og samstarfsfólki hennar en einkalíf þeirra og ástarmál eru drepfyndin og stórfurðuleg.
**20.45 Skins** (2:9) Átakanleg bresk sería um hóp unglinga sem reynir að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturlyfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag.
▶**21.30 The Class** (14:19) Gamanþáttur úr smiðju þeirra sem framleiddu Friends og Mad About You. Við fylgjumst með bekkjarmóti skrautlegra skólafélaga sem mörg hver hafa ekki sést í 20 ár.
**22.00 Bones** (15:15) Dr. Temperance „Bones" Brennan, réttarmeinafræðingur er kölluð til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum.
**22.45 Moonlight** (7:16) Mick St. John er ódauðlegur einkaspæjari sem býr og starfar í Los Angeles. Hann stríðir gegn öllu því sem aðrar vampírur standa fyrir með því að nota yfirnáttúrulega hæfileika til að hjálpa hinum dauðlegu.
**23.30 ReGenesis** (5:13)
**00.20 Twenty Four 3** (7:24)
**01.05 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst...** Umsjón: Ásdís Olsen og Kolfinna Baldvinsdóttir. Gestir: Sigríður Klingenberg, Brynhildur Guðjónsdóttir, Jónína Benediktsdóttir.
**21.00 Hvernig er heilsan?** Umsjón: Guðjón Bergmann. Gestur: Ari Matthíasson framkvæmdarstjóri SÁÁ.
**21.30 Íslands Safari** Umsjón: Akeem Richard Oppong. Gestur: Hildur Dungal forstjóri Útlendingastofnunar.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**11.05** Med rygsæk **11.30** Kær på tur **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.05** Last Exile **13.30** SommerSummarum **15.05** Monster allergi **15.30** Fredagsbio **15.40** Benjamin Bjørn **16.00** Hjerterum **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Hit med sangen **19.00** TV Avisen **19.25** Sommervejret på DR1 **19.35** Aftentour 2008 **20.00** Enough **21.50** Sea of Love

## NRK 1

**9.55** Ut i naturen jukeboks **10.55** Sport Jukeboks **12.00** Jazz jukeboks **13.00** Ekstremvær jukeboks **14.10** Columbo **15.20** Desperate boligdrømmer **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Asta-Marie, det er meg **16.05** Mamma Mirabelle viser film **16.20** Charlie og Lola **16.30** Safari Europa **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Der ingen skulle tru at nokon kunne bu **18.00** Friidrett: Golden League fra Roma **20.00** Detektimen: BlackJack **21.00** Kveldsnytt **21.15** Detektimen: BlackJack **21.45** Norwegian Wood **22.15** Jenter **23.30** Country jukeboks med chat

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Harry H - Fallet Mary **12.50** Hollywoodredaktionen **13.15** Veronica Mars **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Hjärtats sång **15.30** Hönseri i liten skala **15.35** Bara blåbär **16.00** Charlie och Lola **16.15** Dra mig baklänges **16.30** Hej hej sommar **16.31** Planet Sketch **16.45** Sune **17.15** Värsta vännerna **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Tre kärlekar **18.55** Om kärlek **19.00** Unfaithful **21.00** Rapport **21.10** Grotesco **21.40** Cradle 2 the Grave **23.20** Sändningar från SVT24




## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég er svolítill rokkari í mér og hlusta oft á Led Zeppelin og Metallica. Annars er ég nokkurn veginn alæta á tónlist og hef gaman af þessum gömlu góðu slögurum og mönnum eins og Johnny Cash.“*

Katrín Ósk Guðlaugsdóttir, hárgreiðslukona á Toni & Guy

# Haffi Haff syngur um Bin Laden

„Það er hægt að túlka þetta sem pólitískt lag,“ segir Haffi Haff sem er að senda frá sér lagið Bin Laden. Danslag af dýrari gerðinni með snert af ádeilu. „Það er verið að benda á ákveðna hluti sem eru að gerast í heiminum,“ segir Haffi en lagið er eftir Steina nokkurn og textinn líka. „Hann er snillingur. Hann valdi akkúrat réttu orðin í textann.“

Haffa skaut upp á stjörnuhimininn hérlendis með laginu Wiggle wiggle song eftir Svölu Björgvinsdóttur. Lagið sat í nokkrar vikur á toppi íslenska listans á FM957 og var geysivinsælt. „Það er ekki hægt að gera það og ekkert meira,“ segir Haffi sem vinnur nú að sinni fyrstu plötu.

Haffi er alinn upp í Bandaríkjunum en er alkominn til Íslands. „Auðvitað, ég er alveg fluttur hingað heim. Búinn að kaupa mér íbúð og er í fjórum vinnum hérna,“ segir Haffi. Hann segist vera rétt að byrja í tónlistinni en toppurinn sé ekki markmiðið. „Ég vil bara vinna við tónlist sama hvert það svo leiðir mig. Ég elska að vinna að tónlist og sef ekki mikið,“ segir hinn ofurhressi Haffi Haff sem mun frumflytja Bin Laden í Sjallanum á Akureyri í kvöld þar sem Merzedes Club spilar einnig. Haffi stígur á svið með Merzedes Club enda samdi hann eitt lag á plötu sveitarinnar. - shs



**HAFFI HAFF** Sendir frá sér lagið Bin Laden. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



**LÁRÉTT 2.** íþrótt, **6.** úr hófi, **8.** efni, **9.** farvegur, **11.** kringum, **12.** laust bit, **14.** framvegis, **16.** tveir eins, **17.** iðka, **18.** for, **20.** pfn., **21.** könnun.

**LÓÐRÉTT 1.** harmur, **3.** pot, **4.** reiðufé, **5.** óðagot, **7.** þögull, **10.** grastegund, **13.** frjó, **15.** kviður, **16.** missir, **19.** kyrrð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** golf, **6.** of, **8.** tau, **9.** rás, **11.** um, **12.** glefs, **14.** áfram, **16.** tt, **17.** æfa, **18.** aur, **20.** ég, **21.** próf.
**LÓÐRÉTT: 1.** sorg, **3.** ot, **4.** lausafé, **5.** fum, **7.** fálátur, **10.** sef, **13.** fræ, **15.** magi, **16.** tap, **19.** ró.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Fagra Ísland.
2. Stuðmannabörnin Ólafur Egill Egilsson og Bryndís Jakobsdóttir.
3. Hjúkrunarfræðingar.









HÖGNI KJARTAN: LÆTUR KREPPUTAL EKKI STÖÐVA SIG

# Yngsti fasteignasali landsins opnar listasýningu

„Þetta eru verk eftir mig og litla bróður minn,“ segir hinn ungi sölufulltrúi fasteigna, Högni Kjartan Þorkelsson. Í gærkvöldi opnaði hann sína fyrstu listaverkasýningu í versluninni Mohawks á Laugavegi 44. Högni vakti athygli fyrr í sumar þegar hann keypti baksíðuna á símaskránni undir auglýsingu þar sem hann minnti fasteignaseljendur og kaupendur á sjálfan sig. Högni er umsvifamikill fasteignasali þrátt fyrir að vera fæddur árið 1987. Nú er það hin hlið sölufulltrúans sem vekur athygli, myndlistarhæfileikarnir.

„Ég byrjaði árið 1998 að spreyja. Síðan hef ég verið að færa mig meira yfir í strigann undanfarin ár,“ segir Högni en hann tekur einnig að sér að mála á veggi í heimahúsum og fyrirtækjum. Högna hefur áður verið boðið að halda sýningar á verkum sínum en ekki viljað það fyrr en nú. Á sýningunni verða tæplega tuttugu verk eftir Högna, og fjórtán eftir Daníel Stefán, yngri bróður hans.

Högni er mikill sölumaður, fæddur slíkur. Því hefur hann ekki áhyggjur af því að enginn kaupi verk hans. „Það verður ekki mikið mál að selja þau,“ segir hann og hlær. „Eftir að ég gaf það út í Innlit/Útlit að ég ætlaði að fara að selja verkin mín hef ég fengið margar fyrirspurnir.“ Hann segir það þó hæpið að hann hverfi úr sölu fasteigna yfir í myndlistina. „Nei, nei, blessaður vertu, maður verður að hafa sín hobbý og myndlistin er mitt hobbý. En ég borga ekki reikningana með henni,“ segir Högni og treystir þar á fasteignamarkaðinn, þó hart sé í ári. Eða hvað? „Það gengur mjög vel hjá mér að selja fasteignir þessa stundina. Ég er með sjö bókaða kaupsamninga í mánuðinum og ef þeir ganga allir eftir þá gæti þetta orðið söluhæsti mánuðurinn minn frá upphafi,“ segir Högni, sem hefur náð að sameina listina og fasteignasöluna einu sinni í orðsins fyllstu merkingu. „Já, ég hef selt íbúð sem var með verk eftir mig á einum vegg,“ segir hinn magnaði Högni sölufulltrúi og listamaður.

soli@frettabladid.is



**FJÖLHÆFUR PILTUR** Högna Kjartani er margt til lista lagt en hann er bæði listamaður og fantagóður sölumaður. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA




**AUGLÝSINGIN** Högni vakti athygli landsmanna þegar hann keypti baksíðuna á símaskránni.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Leitin að stjórnanda Gettu betur stendur enn yfir en eins og fram hefur komið ætlar **Sigmar Guðmundsson** að láta af störfum eftir góða frammistöðu við að spyrja menntskælinga út úr. **Þórhallur Gunnarsson** mun ekki síður horfa til kvenna en karla og ættu femínistar að gleðjast. Þannig hafa nöfn kvenna á borð við **Þórunnar Tómasdóttur** og **Arnórsdóttur** verið nefnd sem og **Evu Maríu Jónsdóttur** en **Stefán Pálsson** spurningaljón með meiru er ákafur stuðningsmaður hennar í hlutverkið.



**Ari Edwald**, forstjóri 365 miðla (sem gefur út Fréttablaðið), er 44 ára í dag. Hann hefur þó ekki haft mikinn tíma til að undirbúa afmælisveisluna því Ari stendur í stríði við RÚV sem hefur síðasta mánuð viljað birta auglýsingar með rangri framsetningu tölfræðilegra gagna sem gefa til kynna meiri hlustun á útvarpsstöðvar þeirra en raun ber vitni. Ari keypti sér þó nýverið herrabúgarð við ströndina á Stokkseyri og verður væntanlega þar í slökun á afmælisdaginn og reynir að hugsa um eitthvað annað en **Þorstein Þorsteinsson**, auglýsingastjóra RÚV.



**Birgir Örn Steinarsson**, innblaðsstjóri 24 stunda, gerði sér mat úr því í blaði sínu að **Ágústa Eva Erlendsdóttir**, sem þekktust er fyrir frábæra frammistöðu sína í gervi Silvíu Nætur, hafi verið áberandi á **Paul Simon** tónleikunum og hrópað til Simons í anda Silvíu. En virtist ekki vilja botna söguna því ekki var það þó þetta sem tíðindamaður Fréttablaðsins tók helst eftir í tengslum við leikkonuna góðu heldur það að ástin virðist blómstra í barmi hennar og í líki einskis annars en saxófónleikarans **Óskars Guðjónssonar**. -jbg








# Gullhús í Garðabæ

Það eru ekki bara olíufurstar og konungsfjölskyldur barnaævintýra sem búa í gullhúsum, ef svo má að orði komast. Á heimasíðu fasteignasölunnar Remax er að finna einbýlishús í Garðabæ á söluskrá. Það væri ekki í frásögur færandi ef ekki væri fyrir þá staðreynd að blöndunartækin á baðherbergjum hússins eru úr 24 karata gulli. Það mun vera afar sjaldgæft hér á landi.

Hús þetta er 461 fermetri og er á tveimur hæðum. Á neðri hæð hússins er tæplega 100 fermetra sundlaug og innitjörn með marmara. Þá eru átta herbergi í húsinu.

Brunabótamat hússins er um 61 milljón og því líklegt að húsið kosti vel yfir hundrað milljónir. -shs



**SUNDLAUG** Um hundrað fermetra sundlaug er í húsinu. MYND/REMAX.IS



**GULLIN BLÖNDUNARTÆKI** Blöndunartækin á baðherbergjum hússins eru úr 24 karata gulli. MYND/REMAX.IS

# SÍÐASTI DAGUR LAGERSÖLUNNAR Á MORGUN!

## 15-80% afsl. af völdum vörum



Tungusófi kr. 279.000 **verð nú 237.150** (afsl. 41.850)
Leður: Hvítt og svart.

Model: Kakan 670 - 300 x 195 sm.



Model: Kakan 568 - 300 x 200 sm.

Tungusófi kr. 245.000 **verð nú 199.800** (afsl. 45.200) - Leður: Hvítt og svart.
Borð, hvítt/gler 131x70x26 sm. Ekki á tilboði **verð kr. 49.800**

**Bjóðum upp á vaxtalaust lán til allt að 12 mánaða.**
**Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.**

heima Öndvegi HEIMA HÚSIÐ

Síðumúla 30 - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is - Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



**MEST LESIÐ:**

181 farþegi heill á húfi eftir rautt útkall í Keflavík

Paul Ramses: „Fólkið á Íslandi hefur virkilega snert hjarta mitt"

Óprúttnir aðilar svíkja og pretta í nafni MS-félagsins

Fyrrverandi forstjóri OR íhugar málsókn gegn RÚV

visir.is ...ég sá það á visir.is




## BAKÞANKAR
Bergsteins Sigurðssonar

# Í mat

Nokkur sumur á tíunda áratugnum var ég svo heppinn að fá að forframast upp í starf skóflustráks í Pósti og síma. Að húka niðri í skurði með skóflu var ekki ónýtt starf, að minnsta kosti í minningunni. Best var að komast út á land, þá fékk maður dagpeninga og þar kynntist ég líka hinni alkunnu gestrisni bænda. Í eitt skipti vildi hins vegar svo óheppilega til að hæfileikar gestgjafans í eldhúsinu héldust ekki í hendur við gestrisnina.

**VIÐ** vorum tveir að leggja nýja símalínu að sveitabæ í annarri Barðastrandasýslunni (látum hjá líðast að gefa uppi nákvæmari staðsetningu). Bóndinn á bænum var roskinn piparsveinn en vitaskuld elskulegheitin uppmáluð og heimtaði að við borðuðum með honum hádegismat. Illu heilli var ásýndin á eldhúsborðinu nóg til að reka hungrið á braut. Á boðstólum voru skaðbrenndustu og ólystugustu fiskibollur sem ég hef nokkru sinni augum litið, bornar fram með hálfhráum kartöflum og gulum djús, sem grunsamleg slikja flaut ofan á.

**ÚR** þessum aðstæðum var hins vegar ekki flúið. Eina ráðið var að láta sem ekkert væri heldur baða matinn í tómatsósu og stappa öllu saman þar til út varð svartrautt mauk og þræla því ofan í sig. Djúsinn sem skoluðum ösku- og kartöflubragðinu niður með bragðaðist næstum eins og vatn en guli liturinn varð eftir í glasinu. Að máltíðinni lokinni var boðið upp á lútsterkt, korgblandað kaffi, sem bragðaðis hreint ekki eins og nýleg uppáhelling.

**ÞEGAR** við vorum farnir að sjá fram á að geta snúið aftur til vinnu bað sá gamli okkur að hinkra í augnablik. Hann hljóp inn í búr en sneri aftur sigri hrósandi á svip, með hálffullan, hálfgagnsæjan plastbrúsa. Hann tók tappann af, rétti brúsann í átt að okkur og spurði hvort við vildum. Við reyndum að malda í móinn en en gerðum okkur fljótt grein fyrir að yrði engu tauti við hann komandi og fengum okkur sopa. „Bruggaðirðu þetta sjálfur," spurði ég inn á milli þess sem ég saup hveljur. „Nei," svaraði karlinn, fékk sér slurk og gretti sig. „Einhver andskoti sem ég fann í fjörunni."



## GÓÐAN DAG!
**Í dag er föstudagurinn 11. júlí, 194. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.31 | 13.33 | 23.34 |
| Akureyri | 2.41 | 13.18 | 23.52 |

*Heimild: Almanak Háskólans*





**Brisa Sol - Albufeira**



Snyrtilegt, fjölskyldurekið íbúðahótel með fallegum og vönduðum íbúðum. Sundlaugargarður og góð aðstaða fyrir börnin.

Verðdæmi: **49.171,-**

m.v. 2 með 2 börn í íbúð m/svefnherb. og stofu í 1 viku 28. ágúst.
Verð á mann m.v. tvo fullorðna í stúdíó í 1 viku 28. ágúst: 61.246,-

**Paraiso de Albufeira – Albufeira**



Nýlegt íbúðahótel með stórri sundlaug, barnalaug, sturtum, bar, körfuboltavelli, fótboltavelli, veitingastað og góðri sólbaðsaðstöðu í garðinum.

Verðdæmi: **52.254,-**

m.v. 2 með 2 börn í íbúð m/svefnherb. og stofu í 1 viku 28. ágúst.
Verð á mann m.v. tvo fullorðna í stúdíó í 1 viku 28. ágúst: 74.945,-

**Innifalið:** Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.

Á sólríkum ströndum Algarve í Portúgal finnur þú paradís sóldýrkenda í landi andstæðna og fjölbreytni; líf og fjör á ströndinni, hljóðlát þorp í fjöllunum þar sem lífið gengur sinn vanagang. Fjölmargir íslenskir ferðalangar þekkja Albufeira í Algarve-héraðinu en nú hefur bæst við nýr áfangastaður, Lagos; fjörlegur baðstrandabær sem hefur slegið í gegn. Margir góðir golfvellir eru á svæðinu og úrval af vatnasporti. Svo er auðvitað stutt til höfuðborgarinnar Lissabon og Sevilla á Spáni.

**Ódýrustu sætin bókast fyrst!**

ÚRVAL·ÚTSÝN

ÚRVAL ÚTSÝN - LÁGMÚLA 4 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 585 4000 - FAX 585 4065 - INFO@UU.IS